# FRÉTTABLAÐIÐ

213. TÖLUBLAÐ 20. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — LAUGARDAGUR 3. OKTÓBER 2020




# Veiga er komin heim

Veiga Grétarsdóttir var 38 ára þegar hún fór í kynleiðréttingaraðgerð, sem hún segir í raun hafa verið upp á líf eða dauða. Síðasta sumar réri hún á kajak rangsælis í kringum Ísland og segir heimkomuna hafa verið tilfinningaríka, sjálfri líði henni nú sem hún sé loks komin heim. → 20

Ég vissi að ég vildi frekar deyja sem kona en lifa af sem karlmaður.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



## Hvílir á okkur

Eigendur 80 prósenta eigna Íslands lofa að fjárfesta í þágu umhverfisins. → 28



## Vill sameina vinstrið

Logi Einarsson, formaður Samfylkingarinnar, segir það markmið sitt að sameina vinstrimenn í eina ríkisstjórn. → 24



## Ástarsorg og leiðinlegir strákar

Nýtt myndband Kristínar Sesselju vekur athygli. → 46




## Veður



Breytileg átt 3-10 m/s. Dregur úr úrkomu norðan og austantil en áfram rigning suðaustanlands, og aftur úrkomumeira á Austfjörðum eftir hádegi. Hiti 3 til 9 stig að deginum en allvíða næturfrost.
SJÁ SÍÐU 36

# Ritað undir í Hörpu



Forsætisráðherra, fjármála- og efnahagsráðherra og samgöngu- og sveitarstjórnaráðherra, ásamt borgarstjóra og bæjarstjórum á höfuðborgarsvæðinu undirrita stofnsamning Betri samgangna ohf., sem mun annast uppbyggingu samgangna og fjármögnun þeirra. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Hertar aðgerðir eru til skoðunar

**COVID-19** Þríeyki sóttvarnayfirvalda fundaði með ráðherrum í Ráðherrabústaðnum í gær til að ræða hertar aðgerðir vegna þeirrar stöðu sem upp er komin. Ekki hefur tekist að draga úr nýjum smittilfellum og álagið á Landspítalann vex með hverjum deginum. Eru nú þrettán inniliggjandi og þar af þrír á gjörgæsludeild.

Sóttvarnalæknir hefur ekki skilað inn tillögum og mun nota helgina til þess að íhuga þær. Í gær var hins vegar tilkynnt um að tvöföld skimun á landamærunum mun halda áfram til 1. desember. Fari svo að gripið verði til hertra sóttvarnaaðgerða eftir helgi munu þær vara í að minnsta kosti tvær vikur. **– khg**

# Forsjá móður fallin niður því sáttameðferð fór ekki fram

**DÓMSMÁL** Landsréttur vísaði í gær frá dómi forsjármáli foreldra fjögurra barna, á þeim grundvelli að sáttameðferð hafði ekki farið fram, en það er ófrávíkjanleg skylda foreldra að undirgangast sáttameðferð áður en forsjármál er höfðað.

Foreldrarnir skildu að borði og sæng árið 2013. Faðirinn höfðaði fyrst forsjármál árið 2015, sem lauk með dómsátt um sameiginlega forsjá foreldranna og jafna umgengni þeirra beggja við börnin.

Faðirinn fór aftur í mál gegn móðurinni árið 2018 þegar lögskilnaður þeirra var genginn í gegn og krafðist fulls forræðis yfir börnunum.

Með dómi héraðsdóms í febrúar síðastliðnum var hins vegar ákveðið að móðir barnanna skyldi ein fara með forsjá þeirra. Faðir þeirra og stefnandi málsins fengi þau aðra hverja helgi og skyldi greiða móðurinni einfalt meðlag með börnunum til átján ára aldurs.




**Landsréttur vísaði dómnum frá.**

Faðirinn áfrýjaði málinu og krafðist þess nú að málinu, sem hann höfðaði sjálfur, yrði vísað frá dómi á þeim grundvelli að sáttameðferð sem áskilin er í lögum hafi ekki farið fram áður en hann höfðaði málið. Landsréttur féllst á þá kröfu í gær og er forsjá yfir börnum sem móðurinni var dæmd í febrúar því úr gildi fallin. **– aá**




# Þorlákshöfn laðar að

**Spara má 45 milljónir á 25 árum með því að byggja í Þorlákshöfn, segir Elliði Vignisson, bæjarstjóri í Ölfusi. Íbúum þar fjölgaði um sex prósent á síðasta ári.**

**ÞORLÁKSHÖFN** „Ef fram fer sem horfir verðum við í lok þessa árs búin með allar íbúðalóðir í Þorlákshöfn,“ segir Elliði Vignisson, bæjarstjóri í Ölfusi.

Bæjarráð Ölfuss tók fyrir erindi á fundi sínum í vikunni þar sem vakin var athygli á því að nánast öllum lóðum undir íbúðarhúsnæði hefði verið úthlutað. Á síðasta ári fjölgaði íbúum um sex prósent.

Nýtt hverfi með lóðum fyrir 75 íbúðaeiningar var skipulagt í bænum fyrir ári. „Þær voru auglýstar á þriðjudegi og seldar á fimmtudegi. Við áttum ekkert endilega von á að þetta yrði allt staðfest, oft er fólk að sækja um margar lóðir, en það er búið að borga staðfestingargjaldið á öllum þessum lóðum.“

Elliði segir að Ölfus selji lóðir á kostnaðarverði. „Við tökum bara fyrir útlögðum kostnaði en við höfum engar beinar tekjur af lóðunum, þannig að fólk er hér velkomið í hamingjuna.“

Að sögn Elliða má spara um 45 milljónir króna á um 25 árum með því að byggja í Þorlákshöfn. „Lóð í Reykjavík kostar 15-20 milljónir og síðan er vaxtakostnaður ofan á það. Það má gera ýmislegt fyrir þessar milljónir.“

Alls var 366 kaupsamningum þinglýst á höfuðborgarsvæðinu í júní og hafa þeir aðeins einu sinni verið færri frá árinu 2012, samkvæmt Húsnæðis- og mannvirkjastofnun. Ungt fólk virðist flýja biðlista leikskóla borgarinnar og fara frekar í nærsveitarfélög þar sem listar eru stuttir. Þá hefur COVID kennt að vel sé hægt að vinna heima. Elliði segir það vel, að ungt fólk sé að koma sér fyrir í Þorlákshöfn og hyggst fjölga leikskólaplássum.

„Hér er hægt að fá allt án þess að fórna aðgengi að þjónustu borgarinnar. Ef fólk vill fara í bíó, skella sér í Kringluna eða hvað sem er, þá eru þetta ekki nema 30 mínútur í bíl. Það er eiginlega allt fengið en engu sleppt,“ segir bæjarstjórinn sem kveðst finna kraft í unga fólkinu.

„Við sjáum að fólk er að byrja hið formlega æviskeið fjölskyldunnar hér. Fólk sem er nýbúið að klára námið, komið með lítið barn, og er að fara af stúdentagörðunum eða álíka. Við finnum að sá hópur horfir stíft til okkar. Ég held að það hafi bæði að gera með öryggi barnsins, þar sem það getur labbað sjálft á lúðrasveitaræfingu eða á íþróttaæfingu og til vina, en einnig að þetta er hagstæðara.“

**benediktboas@frettabladid.is**



**Meðalaldurinn er að lækka nokkuð skarpt í bænum, segir Elliði Vignisson, bæjarstjóri, sem þarf að finna lóðir fyrir komandi íbúa.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

## Minna áreiti í Þorlákshöfn en í Reykjavík

Rúna Eybjörg Sigtryggsdóttir flutti í einbýlishús í Þorlákshöfn úr blokkaríbúð í Breiðholti og unir hag sínum vel. „Einbýlið okkar kostaði fimm milljónum meira en blokkaríbúðin okkar,“ segir hún. Maðurinn hennar keyrir í borgina til vinnu á hverjum morgni og börnin eru bæði komin í leikskóla. „Geir, maðurinn minn, er að vinna í bænum og ég var að snúa aftur á vinnumarkaðinn eftir barnsburð. Hann keyrir á milli og finnst það lítið mál enda vanur því að vera hálftíma í vinnuna.



**Rúna Sigtryggsdóttir og Geir Geirsson ásamt dætrum sínum Ragnheiði Guðrúnu og Emilíu Dís.**



# TRAUSTUR VINNUFÉLAGI Í ÖLL VERK

## NÝR TOYOTA PROACE CITY






Toyota Proace City er harðjaxl með góða dráttargetu og mikið burðarþol. Hann er lipur í akstri, athafnar sig vel í þröngum götum og bílastæði eru aldrei vandamál. Rúmgóðu flutningsrýminu er auðvelt að breyta í farþegarými og rúmar bíllinn þá allt að 7 manns. Proace City er fáanlegur í nokkrum útfærslum sem henta bæði fyrirtækjum og stærri fjölskyldum. Komdu og skoðaðu. Sjá nánar á toyota.is

**Verð með vsk. frá: 4.290.000 kr.**

2018
UMHVERFISVERÐLAUN ATVINNULÍFSINS
UMHVERFISFYRIRTÆKI ÁRSINS

7 3+4 ÁBYRGÐ
2 ÁRA ÞJÓNUSTA

| Toyota Kauptúni | Toyota Akureyri | Toyota Reykjanesbæ | Toyota Selfossi |
|---|---|---|---|
| Kauptúni 6 | Baldursnesi 1 | Njarðarbraut 19 | Fossnesi 14 |
| 570 5070 | 460 4300 | 420 6600 | 480 8000 |

Bíllinn í þessari auglýsingu endurspeglar ekki endilega það verð og þann búnað sem tilgreindur er. Fyrirvari við 7 ára ábyrgð: Ökutækinu skal viðhaldið samkvæmt vörulýsingu og leiðbeiningum framleiðandans og ber eigandi kostnaðinn við slíkt viðhald. Sé það ekki gert getur það valdið ógildingu ábyrgðar varðandi hluti sem þarfnast viðhalds. Gildir eingöngu um bíla sem fluttir eru inn af Toyota á Íslandi ehf. Birt með fyrirvara um villur.

íslenska

**TÖLUR VIKUNNAR** 27.09.2020 TIL 03.10.2020

**264**
milljarðar er hallinn á fjárlögum næsta árs.

**40%**
mælist fylgi stjórnarflokkanna um þessar mundir.

**32**
ár eru frá því Íslenska auglýsingastofan varð til. Hún er nú gjaldþrota.

**11**
fyrrverandi starfsmenn Gamma fá ekki ógreiddan kaupauka.

**6**
eru í nýjum meirihluta í Múlaþingi.

## Þrjú í fréttum

### Þingmaður, deildarforseti og sérfræðingur

**Narek Mkrtchyan**
*þingmaður á armenska þinginu*



segir Tyrki beita vígamönnum sem fluttir hafi verið frá Sýrlandi og Líbíu samhliða árásum F-16 herþota og stórskotaliðs. „Varnarher héraðsins hefur tekist að brjóta á bak aftur innrás Asera í héraðið,“ og vísar í stríðshrjáða héraðið Nagorno-Karabak. Hann segir rúmlega 200 Armena hafi fallið og nokkur hundruð særst.

**Bryndís Björk Ásgeirsdóttir**
*deildarforseti sálfræðideildar Háskólans í Reykjavík*



segir fíkniefnaneyslu, áfengisdrykkju og reykingar hafa dregist umtalsvert saman í þremur borgum í Litháen, þar sem íslenska módelið í forvörnum var tekið upp fyrir fjórtán árum. Hún segir niðurstöðuna mikla hvatningu fyrir þá sem talað hafa fyrir módelinu.

**Karl Sigurðsson**
*sérfræðingur hjá Vinnumálastofnun*



segir hlutfallslega mesta fjölgun kvenna meðal atvinnulausra eiga sér skýringu í auknum uppsögnum í ýmissi félagaþjónustu og menningartengdri starfsemi. Iðnaður, sjávarútvegur og fleiri greinar þar sem karlmenn eru í miklum meirihluta, komi betur út úr faraldrinum. Rúmlega 21 þúsund manns eru nú án atvinnu.

# Vænn lax og veiðin skánaði í sumar, en er undir meðallagi

**Þótt veiði í laxveiðiám landsins hafi í flestum tilfellum batnað frá því í fyrra er hún talsvert undir meðallagi. Guðni Guðbergsson hjá Hafrannsóknastofnun segir spár kannski hafa verið of bjartsýnar. Jákvæð teikn felist í því að vænir laxar hafi gengið úr sjó. Hafbeit og sleppingar á veiddum laxi rugli samanburð.**



**Veiðin í Laxá í Kjós snarbatnaði milli ára, fór úr 372 löxum í fyrra í 1.015 fiska nú í sumar.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

**STANGVEIÐI** „Við vorum kannski bjartsýnni en efni stóðu til,“ segir Guðni Guðbergsson, sviðsstjóri hjá Hafrannsóknastofnun, um laxveiðina þetta sumarið.

Guðni segir að þegar hann leit síðast á tölur hafi honum sýnst að veiðin í sumar yrði um 35 þúsund laxar. Það er nokkuð undir meðaltalinu sem er um 42 þúsund laxar en talsvert betra en í fyrra þegar um 29 þúsund laxar veiddust.

Veiði er enn ólokið í hafbeitarám á borð við Eystri-Rangá og Ytri-Rangá sem eru reyndar þær tvær veiðistöðvar sem skila flestum stangveiddum löxum á þessu ári eins og í fyrra. Guðni segir hafbeitarárnar flækja myndina þegar laxagengd milli ára er borin saman.

„Síðan er kannski upp undir þriðjungurinn af löxunum sem er sleppt sem veiðist oftar en einu sinni og það ruglar tölurnar líka. Þannig að við erum svona í neðri hlutanum af því sem við þekkjum í tölum frá 1970,“ segir Guðni.

Fiskifræðingar eiga enn eftir að fara yfir gögn til að fá skýrari mynd af sumrinu. „Það bendir ýmislegt til að afföllin hafi verið meiri heldur en við höfðum búist við,“ segir hann. Það séu þó ljósir punktar.

„Það sem er kannski merkilegt núna er að þessir fiskar sem eru að koma eru yfirleitt vænir,“ segir Guðni og útskýrir að það bendi til hagstæðra skilyrða fyrir þau seiði sem gengu síðar í sjó. „Þetta gæti verið vísbending um umsnúning þannig að við séum kannski að horfa á pínulítið bjartari tíma.

Þá bendir Guðni á að þótt á því séu undantekningar hafi flestar veiðiárnar bætt sig frá því í fyrrasumar.

> **Síðan er kannski upp undir þriðjunginn af löxunum sem er sleppt sem veiðist oftar en einu inni og það ruglar tölurnar líka.**
>
> Guðni Guðbergsson, sviðsstjóri hjá Hafrannsóknastofnun



### Laxveiði 2020 og 2019

| Veiðiá (sæti 2019) | 2020 | 2019 |
|---|---|---|
| Eystri-Rangá (1)* | 8.328 | 3.048 |
| Ytri-Rangá og Hólsá, vb (2)* | 2.519 | 1.675 |
| Miðfjarðará (3) | 1.725 | 1.606 |
| Affall í Landeyjum (26)* | 1.617 | 323 |
| Selá í Vopnafirði (4) | 1.258 | 1.484 |
| Haffjarðará (12) | 1.126 | 651 |
| Langá (11) | 1.086 | 659 |
| Þverá og Kjarará (5) | 1.060 | 1.133 |
| Hofsá og Sunnudalsá (10) | 1.017 | 711 |
| Laxá í Kjós (23) | 1.015 | 372 |
| Urriðafoss í Þjórsá (7) | 990 | 747 |
| Norðurá (14) | 979 | 577 |
| Jökla, (Jökulsá á Dal) (21) | 870 | 414 |
| Laxá í Dölum (8) | 801 | 746 |

*Veiðitímabili ekki lokið

*Heimild: Vefur Landsambands veiðifélaga - angling.is.*

„Stofnarnir við Þjórsá hafa verið að stækka og það er komið nýtt veiðisvæði við Urriðafoss sem er að skila upp undir eitt þúsund stangveiddum löxum. Í Jöklu er stækkandi stofn, en þar er að vísu alltaf óvissa um yfirfall. Og eftir aurflóðið í Andakílsá fóru menn í aðgerðir sem virðast vera að takast,“ nefnir Guðni sem dæmi um jákvæð teikn.

Spurður um næsta sumar segir Guðni ágætan árgang hafa gengið til sjávar í vor við eðlilegar aðstæður.

„Spurningin er hversu mikið af seiðum kemur til baka. Í Elliðaánum erum við að sjá upp í eitt af hverjum fimm seiðum skila sér til baka, niður í aðeins eitt af hverjum tuttugu.“ **gar@frettabladid.is**


FORSALA Á NÝJUM PLUG-IN HYBRID JEEP RENEGADE OG COMPASS
ALVÖRU JEPPAR - ALVÖRU FJÓRHJÓLADRIF
ÓTRÚLEGT FORSÖLUVERÐ Á BÍLUM HLÖÐNUM LÚXUSBÚNAÐI



JEEP RENEGADE TRAILHAWK 4X4
5.499.000*
PLUG-IN-HYBRID
4xe
JEEP COMPASS LIMITED 4X4
5.999.000*
PLUG-IN-HYBRID
4xe
RAFMAGNAÐUR
FYRSTA SENDING UPPSELD! ÖNNUR SENDING VÆNTANLEG Í NÓVEMBER
*Verð miðað við gengi USD 132, svartur Compass, hvítur Renegade.
ISBAND
UMBOÐSAÐILI JEEP® OG RAM Á ÍSLANDI • ÍSLENSK-BANDARÍSKA • ÞVERHOLT 6 • 270 MOSFELLSBÆR
S. 590 2300 • WWW.ISBAND.IS • ISBAND@ISBAND.IS • OPIÐ VIRKA DAGA 10-18 • LAUGARDAGA 12-16
Jeep 4xe

SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS

# 20 2020 21

# SINFÓNÍAN STÍGUR Á SVIÐ

## FÁÐU ÞÉR SÆTI

Glæný og spennandi haustdagskrá hefur verið kynnt til leiks á vef hljómsveitarinnar **sinfonia.is**

Sala nýrra korta og almenn miðasala hefst mánudaginn 5. október kl. 13. Áskrifendur hafa forkaupsrétt fram að þeim tíma.








TF-EIR kom til landsins fyrir einu og hálfu ári. Tíminn sem fer í viðhald er enn óljós. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Tími sem fer í viðhald Gæsluþyrla ekki ljós

**Ómarktækt og flókið væri að bera saman tíma sem fer í viðhald á þyrlum Landhelgisgæslunnar sem hingað komu í fyrra í skiptum fyrir eldri gerðir. Þetta kemur fram í svari dómsmálaráðherra við fyrirspurn þingmanns Pírata.**

**STJÓRNSÝSLA** Dómsmálaráðherra kveðst ekki geta svarað því hversu mikill tími hafi farið í viðhald á tveimur tíu ára Super Puma H225 þyrlum frá Airbus, sem Landhelgisgæslan fékk frá norskum leigusala sínum, í samanburði við viðhald tveggja eldri véla frá sama framleiðanda sem Gæslan hafði á leigu.

„Nákvæmar tölur um slíkt liggja ekki fyrir enda væri um ómarktækan samanburð að ræða þar sem nýju vélarnar hafa aðeins verið í rekstri í skamman tíma,“ segir í svari Áslaugar Örnu Sigurbjörnsdóttur dómsmálaráðherra við fyrirspurn Smára McCarthy, þingmanns Pírata.

Ein spurninga Smára til dómsmálaráðherra varðandi umræddar þyrlur, TF-EIR og TF-GRO, laut að viðhaldsþættinum. „Hversu mikill tími hefur farið í viðhald á H225-þyrlum Landhelgisgæslunnar samanborið við viðhaldstíma á öðrum tegundum þyrla sem Landhelgisgæslan hefur haft til umráða? Hversu stór hluti viðhaldstímans í hvoru tilfellinu fyrir sig hefur verið vegna vandamála sem tengjast gírkassa eða málmögnum í olíu?“ spurði þingmaðurinn.

„Margir ólíkir þættir hafa áhrif á viðhaldsþörf véla og því um flókinn samanburð að ræða,“ segir í svari ráðherrans, sem eins og áður greinir telur samanburð mundu verða ómarktækan að svo stöddu. „Á meðan þekking og reynsla á viðhaldi þeirra er að byggjast upp, er eðlilegt að meiri tíma sé varið til þess í upphafi. Viðhald gírkassa nýju vélanna hefur verið nokkuð sambærilegt og var vegna eldri vélanna.“



**Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir, dómsmálaráðherra**



**Smári McCarthy, alþingismaður Pírata**

TF-EIR kom til landsins fyrir einu og hálfu ári, þann 16. mars 2019, og TF-GRÓ kom síðan 6. júlí sama ár eða fyrir tæpum fimmtán mánuðum. Í Fréttablaðinu í mars í fyrra sagði frá því að dómsmálaráðuneytið hefði samþykkt að skipt yrði á leiguvélum, að því tilskildu að kostnaðarauki yrði innan fjárheimilda Landhelgisgæslunnar. Fyrir lægju tveir samningar vegna viðhalds og þjónustu þyrlanna, sem fælu í sér lægra verð á hverja flogna klukkustund en áður var.

Super Puma H225 voru umdeildar eftir mannskæð slys í Skotlandi 2009 og í Noregi 2016. Vélarnar voru kyrrsettar um tíma í kjölfar seinna slyssins en þær fengu síðar grænt ljós frá flugmálayfirvöldum eftir að Airbus kynnti endurbætur vegna galla í gírkössum sem reyndist hafa verið orsök slysanna. Meðal þess sem gripið var til var að stytta líftíma gírkassa vélanna úr fjögur þúsund flugtímum í aðeins eitt þúsund stundir. Um þær mundir sem Landhelgisgæslan gekk frá því vorið 2018 að taka við H225-þyrlum, sagðist rannsóknarnefnd flugslysa í Noregi hins vegar telja að Airbus yrði að endurhanna gírkassann, með tilliti til styrkleika, áreiðanleika og öryggis.

„Flugmálayfirvöld í Evrópu og Bandaríkjunum hafa samþykkt endurbætur og auknar viðhaldskröfur sem gerðar eru. Vélarnar uppfylla því strangar kröfur flugmálayfirvalda og því var takmörkunum aflétt. Þær endurbætur sem um ræðir höfðu að sjálfsögðu verið gerðar á umræddum leiguvélum, TF-EIR og TF-GRO,“ segir í svari dómsmálaráðherra við spurningu Smára McCarthy um það hvernig gert hafi verið áhættumat á H225-þyrlum samanborið við aðra valkosti, með hliðsjón af þekktum gírkassavandamálum tegundarinnar.

Fyrri áformum um kaup á þremur þyrlum fyrir LHG hefur verið slegið á frest og í nýframlögðu fjárlagafrumvarpi er í staðinn gert ráð fyrir 350 milljónum króna til að leigja þriðju þyrluna frá norska leigusalanum Knut Axel Ugland Holding AS. **gar@frettabladid.is**

# Langþráð einföldun á afhendingu lyfja

**HEILBRIGÐISMÁL** „Apótekin hafa verið að kalla eftir þessari lausn í mörg ár,“ segir Þórbergur Egilsson, sviðsstjóri smásölu og rekstrarstjóri verslana hjá Lyfju, um breytt fyrirkomulag við afhendingu lyfja. En frá því í lok mars hefur einungis verið leyfilegt að afhenda lyf eiganda lyfjaávísunar, eða þeim sem hefur umboð eiganda til að fá lyfin afhent. Framvísa þarf persónuskilríkjum hvort sem um er að ræða eiganda eða umboðsmann.

Frá og með 1. október síðastliðnum er hægt að veita umboð vegna afhendingar lyfja rafrænt í gegnum Heilsuveru, en fram að því var umboðið skriflegt og tvo votta þurfti til að staðfesta undirskrift. Hægt er að veita umboð til fleiri en eins aðila.

Undanfarna daga hafa Fréttablaðinu borist ábendingar um mál þar sem foreldri, sem hefur forsjá barns en barnið hefur lögheimili hjá öðru foreldri, hafi ekki getað leyst út lyf barnsins. Samkvæmt upplýsingum frá Lyfjastofnun getur lögheimilisforeldri veitt hverjum sem er umboð vegna afhendingar lyfja barna þeirra, undir sextán ára aldri, á Heilsuveru.

**» Nú er hægt að veita rafrænt umboð í gegnum Heilsuveru vegna afhendingar lyfja.**

Aðspurður um dæmi sem þessi segist Þórbergur ekki þekkja fjölda slíkra tilfella. „Þetta eru miklar breytingar fyrir einstaklinga en við vinnum eftir því að enginn fari heim án sýklalyfjanna sinna eða hjartalyfjanna. Við fylgjum reglunum en þessar reglur eru fyrst og fremst gerðar vegna misnotkunar á ávana- og fíknilyfjum.“ – **bdj**

# Appotek.is

***Í netapótekinu appotek.is getur þú pantað lyf, fæðubótarefni, vítamín, heilsuvörur og fleira***
***Frí heimsending á höfuðborgarsvæðinu og frí póstsending út á land****



Netapótekið er á vefslóðinni www.appotek.is
Hægt er að fara í netapótekið með tölvum og farsímum




Í Appótekinu (appotek.is) getur þú:
- Séð hvaða lyfseðla þú átt í gáttinni
- Látið taka til lyfin áður en þau eru sótt í apótekið
- Fengið lyfin send til þín hvert á land sem er

Í Appótekinu getur þú einnig:
- Séð og pantað lyf sem fást án lyfseðils
- Pantað fæðubótarefni, vítamín, heilsuvörur ofl.

Foreldrar barna 15 ára og yngri með sama lögheimili geta séð hvaða lyfseðla börnin eiga í gáttinni, látið taka til lyfin áður en þau eru sótt í apótekið eða fengið lyfin þeirra send heim

Appótekið (appotek.is) er netapótek Garðs Apóteks
*Sjá nánari skilmála á appotek.is

GARÐS APÓTEK -rétt leið

APPÓTEK GARÐS APÓTEKS

**GARÐS APÓTEK** · Sogavegi 108 · Sími 5680990 · Netfang: gardsapotek@gardsapotek.is
Vefsíða: gardsapotek.is · Netapótek: appotek.is · Opið kl. 9-18 virka daga, lokað um helgar

# Mesta áhættan meðal karla sem hafa mök við karlmenn

**Íslenskir karlmenn á aldrinum 20-44 ára sem hafa mök við aðra karlmenn eru í mestri hættu á að smitast af sárasótt. Tilfellum sjúkdómsins hefur farið fjölgandi síðustu ár. Sérfræðingur í kynsjúkdómalækningum segir tiltölulega auðvelt að lækna sjúkdóminn en mikilvægt sé að leita læknis sem fyrst.**

**HEILBRIGÐISMÁL** „Íslenskir karlmenn sem hafa mök við karlmenn og eru á aldrinum 20-44 ára eru helsti áhættuhópurinn fyrir þessar sýkingar,“ segir Guðrún Aspelund, yfirlæknir á sóttvarnasviði hjá Embætti landlæknis, um aukna útbreiðslu kynsjúkdóma hér á landi. Útbreiðsla bæði sárasóttar og lekanda hefur aukist hér umtalsvert á síðastliðnum árum.

Á fyrstu sex mánuðum ársins greindust 43 einstaklingar á Íslandi með sárasótt, sem er aukning miðað við fyrri ár. Árið 2019 greindust 38 einstaklingar með sjúkdóminn og árið 2018 voru tilfellin 22 talsins. Árið 2017 greindust óvenjumargir með sárasótt og það ár voru tilfellin yfir fimmtíu.

Íslenskur karlmaður sem vill ekki láta nafns síns getið segir í samtali við Fréttablaðið að mikil umræða sé um sjúkdóminn í samfélagi samkynhneigðra karlmanna hér á landi. „Síðan í vor hef ég fengið fjögur símtöl þess efnis að einhver sem ég hef stundað kynlíf með hafi greinst með sárasótt. Það er greinileg aukning á tilfellum og þetta er eitthvað sem þarf að passa sig á.“

Bakterían sem veldur sárasótt smitast við óvarin kynmök og eru fyrstu einkenni sár á þeim stað sem bakterían komst í snertingu við. Einkenna verður vart tíu dögum til tíu vikum eftir smit. Gísli Ingvarsson, sérfræðingur í húð- og kynsjúkdómalækningum, segir mikilvægt að þeir sem smitist af sárasótt leiti sér lækninga sem fyrst.

„Sögulega þá er þetta mjög skæður sjúkdómur sem lagðist þungt á mjög marga og var þekktur á síðustu 300 árum sem slæmur faraldur,“ segir Gísli. „Svo kom pensilínið og eftir það er tiltölulega auðvelt að lækna sárasótt,“ bætir hann við.



Sérfræðingur í kynsjúkdómalækningum segir snör viðbrögð mikilvægust ef sárasótt greinist. MYND/GETTY

> **Sögulega er þetta mjög skæður sjúkdómur sem lagðist þungt á mjög marga.**
>
> Gísli Ingvarsson, læknir



Sárasótt er greind með blóðprufu hjá lækni og er sýklalyf gefið við sjúkdómnum, annað hvort í töflu- eða sprautuformi. Gísli segir einkenni sjúkdómsins koma fram í nokkrum stigum og sé hann greindur á fyrsta stigi sé auðvelt að meðhöndla hann. „Ef þú kemst snemma undir læknishendur þá er auðvelt að lækna sjúkdóminn,“ segir hann.

Þá segist Gísli ekki þekkja dæmi þess að sárasótt á þriðja stigi hafi greinst hér á landi svo áratugum skipti. „Þriðja stigið var það sem menn óttuðust. Þá geta innri líffæri farið að skemmast og stundum heilastarfsemi. Þá gátu menn jafnvel orðið ruglaðir eða séð ofsjónir.“

Aðspurður hvernig fólk geti forðast sjúkdóminn, segir Gísli sárasótt smitast með kynlífi svo mikilvægt sé að nota verjur og gæta sín.

birnadrofn@frettabladid.is



Húsnæði Fossvogsskóla var lokað að hluta í fyrra. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

## Fleiri sýni að mánuði liðnum

**REYKJAVÍK** Líklegt er að umfangsmiklar framkvæmdir við Fossvogsskóla hafi borið árangur í að uppræta rakavandamál í húsnæðinu. Þetta kemur fram í sameiginlegri yfirlýsingu skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar, Náttúrufræðistofnunar Íslands og foreldrafélags skólans í kjölfar fundar í vikunni.

Eins og greint hefur verið frá hafa börn í skólanum veikst af völdum myglu þar og hefur því í tvígang verið ráðist í framkvæmdir á húsnæðinu. Hefur Fréttablaðið rætt við foreldri sem segir að dóttir sín finni enn fyrir einkennum myglu þrátt fyrir framkvæmdirnar.

Í yfirlýsingunni, sem send var foreldrum, segir að í rannsókn NÍ á fjórum sýnum sem tekin voru í sumar hafi fundist tvær tegundir myglusvepps sem varhugavert er að séu innanhúss. Þar sem engar örverur hafi fundist í sýnunum gæti verið um að ræða mengun frá því áður en ráðist var í framkvæmdirnar.

Verður húsið í kjölfarið þrifið til að draga úr rykmagni, eftir mánuð verða svo tekin fleiri sýni til tegundagreiningar hjá NÍ. Vakni grunur um raka eða leka í skólanum eða um að enn séu skemmdir í byggingarefni verði brugðist við því með viðeigandi hætti. – ab



Kynjahalli er í íslenskum skólum.

## Vilja úttekt á námsárangri

**REYKJAVÍK** Borgarstjórnarflokkur Sjálfstæðisflokksins vill að gerð verði úttekt á kynbundnum mun á námsárangri í grunn- og leikskólum borgarinnar. Tillaga þess efnis verður lögð fyrir borgarstjórn eftir helgi. Fram kemur í greinargerð tillögunnar að alkunna sé að stór hluti drengja geti ekki lesið sér til gagns og að mun fleiri konur en karlar fari í framhaldsnám í háskólum.

„Námsárangur barna á Íslandi er lakari en í mörgum öðrum löndum. Þegar málið er skoðað nánar kemur í ljós að verulegur kynjahalli er á bæði háskólastigi og í grunnskóla. Menntamálaráðherra benti nýlega á að rót vandans sé að finna á fyrstu skólastigum þar sem drengir dragast aftur úr og jafnvel heltast úr lestinni,“ segir Eyþór Arnalds, oddviti Sjálfstæðisflokksins. „Þessu verðum við að breyta með samstilltu átaki en leik- og grunnskólinn í borginni er ábyrgð Reykjavíkurborgar og nú er kominn tími til aðgerða. Einn af hverjum fjórum nemendum í framhaldsnámi í HÍ er karlkyns. Þetta eru sláandi tölur og á bak við hvern einstakling er löng þroskasaga.“ – ab




Hann er kominn!
Nýr 100% rafmagnaður
Volkswagen ID.3
Komdu í reynsluakstur
#NúGeturÞú
Komdu í heimsókn og skoðaðu!
Nú er komið að ID.3 að hefja nýjan kafla – tímabil vistvænna ferðamáta. Rafmögnuð akstursafköst,tímamótahönnun og hagnýt drægni. Nýr ID.3 endurspeglar óskir viðskiptavina í gæðum, þægindum, tækni og ekur allt að 550 km (WLTP) á einni hleðslu. Fólk sækir í breytingar. Framtíðin er reiðubúin og hún bíður þín. Nú getur þú forbókað reynsluakstur á www.hekla.is/reynsluakstur. Sjáumst!
FIMM ÁRA ÁBYRGÐ HJÁ HEKLU
5
www.volkswagen.is
HEKLA · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is
Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · Bílakjarninn Reykjanesbæ · BVA Egilsstöðum

# Óvissa í ljósi veikinda Trump hjóna

Donald og Melania Trump hafa verið greind með COVID-19 og sýna væg einkenni. Forsetinn er kominn í einangrun, getur ekki komið fram á kosningafundum og kappræður eru í uppnámi. Joe Biden er ekki smitaður og heldur sínum áætlunum ótrufluðum.

**BANDARÍKIN** Í Bandaríkjunum er komin upp mikil óvissa um kosningabaráttuna og framkvæmdavaldið næstu vikur, eftir að Donald Trump forseti greindi frá því að hann og Melania eiginkona hans væru smituð af COVID-19. Í dag er mánuður í kosningar. Samkvæmt fregnum úr Hvíta húsinu eru forsetinn og eiginkona hans með væg einkenni og í einangrun.

Kom einnig fram að Mike Pence varaforseti væri ekki smitaður. Joe Biden, mótframbjóðandi Trumps, fór í próf í ljósi þess að hafa mætt Trump í kappræðum í Cleveland á þriðjudag, en reyndist neikvæður. Sendi Biden Trumphjónunum bataóskir, sem og fleiri stjórnmálamenn og þjóðarleiðtogar, meðal þeirra Guðni Th. Jóhannesson, forseti Íslands.

Trump er ekki fyrsti þjóðarleiðtoginn til að veikjast af COVID-19. Má nefna Jair Bolsonaro Brasilíuforseta og Boris Johnson, forsætisráðherra Bretlands, sem veiktist mjög alvarlega. Kaldhæðni örlaganna er sú að þeir þrír hafa allir verið sakaðir um að gera lítið úr vánni og bregðast seint við.

Donald Trump hefur lengi státað sig af góðri heilsu og sem dæmi þá snertir hann hvorki áfengi né tóbak. En hann er hins vegar orðinn 74 ára gamall, í yfirþyngd og borðar mjög óhollan mat að staðaldri. Er hann því augljóslega



Melania og Donald Trump á kappræðunum í Cleveland. MYND/GETTY

í títtnefndum áhættuhópi fyrir COVID-19.

Spurningin sem stjórnmálaskýrendur velta nú fyrir sér er hvernig kosningabaráttan muni fara fram næstu vikur. Næstu kappræður fara fram á miðvikudag, en þar sem þær eru á milli varaforsetaframbjóðendanna, Kamala Harris og Mike Pence, ættu þær að geta farið fram samkvæmt áætlun. Þar á eftir eru tvennar kappræður, 15. október í Miami og 22. október í Nashville. Óljóst er hvort eða hvernig þær geta farið fram.

Trump hefur þegar aflýst fjáröflunarsamkomu í Washington og kosningafundi í Flórída vegna veikinda sinna. Miðað við einangrunarreglur er ljóst að hann mun ekki geta komið fram í að minnsta kosti tvær vikur, en það er helmingurinn

> Joe Biden heldur kosningabaráttunni áfram og talaði í Michigan í gær.

af þeim dýrmæta tíma sem eftir er til kosninga.

Til eru þeir sem efast um að Trump hjónin séu raunverulega smituð. Að tilkynningin hafi verið gerð í örvæntingu, til að fá samúðaratkvæði eða til að reyna að sýna fram á að sjúkdómurinn sé lítið mál, líkt og Bolsonaro gerði í sumar. En þetta væri þó dýr fórn því að kappræðurnar og kosningafundirnir skömmu fyrir kjördag áttu að vera vettvangurinn fyrir Trump til að ná vopnum sínum að nýju, eftir hörmulegt gengi í skoðanakönnunum mánuðum saman.

Talsmenn Joe Biden sögðu í gær að hann hygðist ekki draga úr sinni kosningabaráttu á meðan forsetinn væri veikur. Fordæmi eru fyrir slíku en þegar Richard Nixon veiktist vegna sýkingar í hné í ágúst árið 1960, ákvað John F. Kennedy að bíða með sína fundi í tvær vikur á meðan Nixon jafnaði sig. Nú er hins vegar mun styttra í kosningarnar og samkvæmt talsmönnum Biden er baráttunni nú þegar haldið hóflegri og varaforsetinn geti talað máli Trump í hans stað. Biden talaði í Michigan í gær en Mike Pence er í Pennsylvaníu.

Stærri spurning er hvað gerist ef Trump veikist alvarlega, eða jafnvel lifi veikindin ekki af. Sveinn Máni Jóhannesson, nýdoktor í bandarískri sögu við Edinborgar-háskóla, segir þetta allt snúast um þrjá viðburði, forsetakosningarnar, kosningar kjörmannaráðs og embættistöku. „Flokkarnir eru með skýrt kerfi um hvað gerist ef hann fellur frá eða getur ekki verið kandídatinn, áður en kosningar verða. Þá velur Repúblikanaflokkurinn nýjan kandídat, en það þarf ekki að vera Mike Pence,“ segir Sveinn. Það geti þó flækt málið að margir séu þegar búnir að kjósa og að frestur til að skipta út frambjóðanda á kjörseðli sé runninn út. Dómstólar gætu þurft að koma að slíku.

Því gæti komið upp sú staða að látinn Trump verði á kjörseðlinum, Mike Pence verði tekinn við sem forseti, en ónefndur þriðji aðili raunverulegur frambjóðandi Repúblikana.

„Kjörmannaráðið velur á endanum forsetann. Þeim ber ekki lagaleg skylda til að velja kandídat flokksins sem var kosinn,“ segir Sveinn. Færi svo að Trump létist eftir staðfestingu kjörmannaráðs er allt á huldu. „Það vitum við í raun ekki hvað gerist.“

kristinnhaukur@frettabladid.is
fanndis@frettabladid.is
ingunnlara@frettabladid.is

## Egyptar herja á hinsegin fólk

**EGYPTALAND** Egypska lögreglan hefur gripið til þess að nota samfélagsmiðla til að finna og fangelsa hinsegin fólk. Þetta kemur fram í skýrslu Mannréttindavaktarinnar.

Í skýrslunni kemur meðal annars fram að lögreglumenn skapi falska prófíla á stefnumótaöppum á borð við Tinder og Grindr sem þeir noti til að finna fólk sem tilheyri LBGT samfélaginu. Það fólk sé svo fundið á götunni og handtekið.

Í vitnisburði í skýrslunni kemur fram hvernig hinsegin fólki var haldið í fangavist í þröngum herbergjum þar sem það sætti líkamlegu og andlegu ofbeldi.

Herferð egypskra yfirvalda gegn hinsegin fólki hófst þegar tónleikagestur veifaði regnbogafána á tónlistarhátíð í Kaíró árið 2017. **– atv**

## Ritjóri lést eftir að kveikja í sér

**RÚSSLAND** Irina Slavina, ritstjóri rússneska vefmiðilsins KozaPress, lét lífið í gær eftir að hún bar að sér eld fyrir utan skrifstofu innanríkisráðuneytisins í borginni Nizhniy Novgorod.

> Ég bið ykkur að kenna rússneskum stjórnvöldum um dauða minn.

Skömmu áður hafði Slavina sent skilaboð til vandamanna og fylgjenda sinna á Facebook þar sem hún hafði skrifað: „Ég bið ykkur að kenna rússneskum stjórnvöldum um dauða minn.“

Slavina hafði fyrr í vikunni sagt að rússneska lögreglan hafi gert leit í íbúð hennar þar sem leitað var að gögnum tengdum lýðræðishreyfingunni Opið Rússland. Tölvur og gögn hafi verið gerð upptæk.

Slavina skilur eftir sig eiginmann og barn. **– atv**


**ÞEGAR KARLAR STRANDA**

**og leitin að jafnvægi**



**Hvernig tökum við umræðuna um líðan og stöðu karlmanna upp á næsta stig?**

Ráðstefna VIRK og Háskólans á Bifröst um karlmennsku, líðan karla og stöðu þeirra.

**Bifröst föstudaginn 9. október kl. 14-16.**





HÁSKÓLINN Á BIFRÖST
BIFRÖST UNIVERSITY

VIRK
STARFSENDURHÆFINGARSJÓÐUR

**Dagskrá**

- **Ásmundur Einar Daðason** félags- og barnamálaráðherra opnar ráðstefnuna.
- **Pétur Guðjónsson** rafmagnsverkfræðingur og fyrrum framkvæmdastjóri hjá Marel segir frá reynslu sinni af alvarlegri kulnun.
- **Númi Ólafsson** starfsmaður á leikskóla segir frá reynslu sinni af því að festast í ofsakvíða og óvirkni við tölvuna.
- **Þórarinn Þórsson** starfsendurhæfingarráðgjafi hjá VR og VIRK talar um að hafa kjark til að leita sér hjálpar.
- **Eysteinn Eyjólfsson** verkefnastjóri almannatengsla og útgáfu hjá VIRK ræðir karla og VIRK.
- **Þorsteinn V. Einarsson** meistaranemi í kynjafræði við HÍ ræðir um það hvernig við tökum umræðuna um karlmenn og líðan þeirra á næsta stig.

**Sirrý Arnardótti**r stýrir ráðstefnunni.

Haldin í Hriflu á Bifröst, er öllum opin og sóttvarnarreglur virtar. Aðgangur ókeypis en skrá skal þátttöku á virk.is.

Boðið verður upp á kaffi og spjall og gönguferð um náttúruperlur Bifrastar að lokinni ráðstefnunni.

Streymt verður frá ráðstefnunni á vefsíðu VIRK.




The Power to Surprise

## 100% rafmagn, ríkulega búinn og sportlegur.

e Niro er 204 hestöfl með akstursdrægni allt að 455 km. Rúmgóður og glæsilegur hreinn rafbíll, ríkulega búinn, með hátt undir lægsta punkt sem eykur útsýni og gerir aðgengi þægilegt og eins og hreinræktuðum rafbíl sæmir. e–Niro er fáanlegur með 39kWh og 64kWh rafhlöðu.

**Komdu og reynsluaktu e Niro, opið í dag frá 12–16.**
**Við tökum vel á móti þér.**

Kia e Niro 39 kWh verð frá:

**5.690.777 kr.**

**Afborgun á mánuði 35.777 kr.****

**Askja býður öflugar hleðslulausnir fyrir allar stærðir heimila. Nánar á hledslulausnir.askja.is**

**ASKJA · Krókhálsi 11-13 · 110 Reykjavík · 590 2100 · askja.is**
Viðurkenndur sölu- og þjónustuaðili Kia á Íslandi.

Fylgdu okkur á Facebook.
facebook.com/kiamotorsisland

# Þingvetur



Jón Þórisson
jon@frettabladid.is

Þá er síðasti þingvetur kjörtímabilsins hafinn. Í gegnum tíðina hafa þannig vetur verið sérkennilegir á ýmsa lund, í upptakti þess að þingmenn leggja verk sín í dóm kjósenda. Búast má við að þessi verði engin undantekning enda hafa gengið yfir okkur efnahagslegar hamfarir, sem þó mest eru af mannavöldum. Nýkynnt fjárlagafrumvarp ber einkenni hamfaranna. Umfangsmikill tekjubrestur ríkissjóðs og um leið er fjárhirslum ríkisins lokið upp og úr þeim streyma áður óheyrðar fjárhæðir.

Fjármálaráðherra sagði í umræðunum á Alþingi að ríkisstjórnin legði sig fram við að sjá til þess að lífið geti haldið áfram sinn vanagang. Það kostar sitt.

Bent hefur verið á að þannig hafi verið búið að fjármálum ríkisins að þetta sé mögulegt. Ríkissjóður hefur axlað skuldbindingar vegna faraldursins af stærðargráðu sem erfitt er að meðtaka. Fjárlagafrumvarpið gerir ráð fyrir að hallinn á komandi ári verði 264 milljarðar og samanlagður halli yfirstandandi árs og þess næsta verði nær 600 milljörðum króna.

Flest af því sem hallanum veldur verður ekki flúið úr því sem komið er og hann þarf að jafna. Það verður þegar aðeins gert með tvennum hætti: annars vegar með því að auka tekjur og hins vegar að lækka kostnað. Hvorug leiðin verður farin án þess að þeir sem hér búa finni fyrir því.

Allir vona að hingað flykkist á ný straumur ferðamanna, að hagur stóriðju vænkist, að verðmætir erlendir markaðir fyrir sjávarafurðir opnist að nýju.

En það er tálsýn að allt falli í ljúfa löð í þessum efnum strax á næsta ári. Bóluefnið sem allt á að laga mun ekki gera það eins og hendi sé veifað. Það mun taka tíma að veita aðgang að öruggu bóluefni og koma því um allar jarðir. Því þurfum við að búa okkur undir að aðstæður hér á landi verði langvinnar.

Þegar álíka brestur verður í tekjum og sá sem yfir okkur gengur, verður að bregðast við því. Við þurfum öll að horfast í augu við að taka þarf á tekjusamdrætti með því að draga saman útgjöld. Við þurfum að passa viðkvæma hópa nú sem fyrr, gæta að þeim sem verst standa og við litlu mega. En við hin munum þurfa að axla byrðarnar. Þess vegna verðum við að bregðast við, fólkið í landinu, fyrirtækin og hið opinbera. Lífið getur ekki haldið áfram sinn vanagang.

Verst er þó af öllu að fyrir viðbrögð okkar sjálfra höfum við aukið verulega á vandann. Með því að loka landinu fyrir umheiminum höfum við valdið okkur svo stórfenglegum skaða að erfitt verður undir að rísa. Með víðtækri frelsissviptingu höfum við skaðað aflahæfi 30.000 manns.

Það er því vel til fundið hjá Pírötum að kalla eftir rannsókn á sóttvarnaaðgerðum. Þó vera kunni að niðurstöður slíkrar rannsóknar liggi ekki fyrir fyrr en faraldurinn er genginn yfir, getum við mögulega lært eitthvað af viðbrögðunum og þannig aukið líkurnar á að mildilegar verði farið í sakirnar næst þegar sambærileg vá steðjar að.

Þetta er ekki síðasti faraldurinn.

**En það er tálsýn að allt falli í ljúfa löð í þessum efnum strax á næsta ári.**




Gunnar




## Mín skoðun Sif Sigmarsdóttir



# Heili í krukku

Í dag lýk ég þriggja mánaða afplánun. Í þrjá mánuði sat ég inni, klædd fangabúningi sem samanstóð af joggingbuxum og stuttermabol frá síðustu öld, hver dagur spegilmynd þess sem kom á undan – skúra, skrúbba og skeina – eins Sisýfos forðum, sem velti sleitulaust steini upp hæð er rúllaði jafnharðan aftur niður brattann; nema í mínu tilfelli var hallinn þvottafjall og hnullungurinn fimm kílóa hvítvoðungur.

Í þriggja mánaða fæðingarorlofi frá skrifum varð mér ítrekað hugsað til smásögu eftir rithöfundinn, þingmanninn og kvenréttindakonuna Svövu Jakobsdóttur. Í „Sögu handa börnum“ segir frá móður sem af ást og undanlátssemi við börn sín leyfir þeim að skera af sér eina tá. Uppátækið vindur hins vegar upp á sig og ekki líður á löngu uns börnin fá að fjarlægja úr móður sinni heilann sem geymdur er í spritti í glerkrukku í stofunni eins og hvert annað stáss.

Á morgun, 4. október, eru níutíu ár frá fæðingu Svövu Jakobsdóttur heitinnar. Skáldsögur og smásögur Svövu setja mark sitt á íslenska bókmenntasögu, en hún var einkum þekkt fyrir að fjalla um reynsluheim kvenna á hrákaldan en húmorískan hátt.

Svava var kjörin á þing fyrir Alþýðubandalagið árið 1971. Fyrsta þingmál Svövu var frumvarp til laga um Jafnlaunaráð sem tryggja átti jöfn laun karla og kvenna. Í ræðu um frumvarpið sagði Svava: „Það er spá mín, að þegar farið verði að líta á konur sem jafnrétthá fyrirvinnu og karla og vinnu þeirra sem jafnverðmætt vinnuafl í þjóðfélaginu, þá muni slík stofnun sem Jafnlaunaráð verða óþörf.“

Frumvarp Svövu um Jafnlaunaráð var samþykkt árið 1973. Svava hefði líklega ekki getað gert sér í hugarlund að árið 2020 biðum við enn þess tíma er slíkrar stofnunar gerðist ekki lengur þörf. Enn síður hefði hún getað séð fyrir að meira en hálfri öld eftir að hún skrifaði „Sögu handa börnum“ bæri smásagan skuggalegt vitni um stöðu kvenna í heiminum.

**Blóðugt hjarta**

Við upphaf COVID-19 faraldursins sem nú geisar vöruðu Sameinuðu þjóðirnar við bakslagi í jafnréttisbaráttu kvenna um heim allan. „Hætta er á að sá litli árangur sem náðst hefur í jafnréttisbaráttunni síðasta áratug muni þurrkast út,“ sagði í skýrslu samtakanna.

Samtökin virðast ætla að verða sannspá. Neikvæð efnahagsáhrif faraldursins eru meiri fyrir konur en karla, ofbeldi gegn konum hefur aukist, ólaunuðum vinnustundum kvenna inni á heimilum fjölgar og í vikunni bárust fréttir af því að á Íslandi missi nú fleiri konur vinnuna en karlar.

Eins og börnin í fyrrnefndri smásögu Svövu Jakobsdóttur, sem svipta móður sína útlimum og andanum uns ekki er annað eftir en flatneskja líkama og sálar, sverfur kórónaveiran nú alla anga af persónum kvenna sem sölna í skugga álags og aldagamalla hugmynda um kynjahlutverkin.

Það fer illa fyrir móðurinni í „Sögu handa börnum“. Börnin flytja að heiman og koma sjaldan í heimsókn. Umkomulaus og einmana bregður móðirin á það ráð að skera úr sér hjartað. Með blóðugt líffærið í greipum sér gengur hún milli barna sinna og býður þeim að eiga það.

En börnin vilja ekki sjá það. Móðirin hrökklast heim, framlag hennar gleymt, ævistritið einskis metið, þakkirnar tómlæti: „Og nú stóðu þau hvort í sinni krukkunni á hillunni, heilinn og hjartað. En enginn kom til að skoða. Og börnin komu aldrei í heimsókn. Þau báru við annríki. En sannleikurinn var sá að þeim féll illa hin steríla lykt sem loddi við allt á heimilinu.“

Allt of lengi var framlag kvenna til samfélagsins álitið sjálfsagður hlutur, sem hvorki krefðist viðurkenningar né umbunar. Það er okkar allra að tryggja að arfleifð COVID-19 verði ekki afturhvarf til þess ástands sem Svava Jakobsdóttir varpaði svo lipurlega ljósi á í „Sögu handa börnum“.

FRÉTTABLAÐIÐ **ÚTGÁFUFÉLAG:** Torg ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Helgi Magnússon **FORSTJÓRI OG ÚTGEFANDI:** Björn Víglundsson **RITSTJÓRI:** Jón Þórisson *jon@frettabladid.is*, **FRÉTTASTJÓRAR:** Aðalheiður Ámundadóttir *adalheidur@frettabladid.is* Ari Brynjólfsson *arib@frettabladid.is*, Garðar Örn Úlfarsson *gar@frettabladid.is* **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 80.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík Sími: 550 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **HELGARBLAÐ:** Björk Eiðsdóttir *bjork@frettabladid.is* **MENNING:** Kolbrún Bergþórsdóttir *kolbrunb@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Anton Brink *anton@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*




# Kortasalan er í fullum gangi

## Tryggðu þér bestu sætin á besta verðinu

### Lúxuskort:
8+ sýningar

**40%** afsláttur af miðum

**15%** afsláttur af veitingum

### Leikhúskort:
4–7 sýningar

**30%** afsláttur af miðum

**10%** afsláttur af veitingum

### Barnakort:
3–4 barnasýningar

**30%** afsláttur af miðum

Gosi, Fuglabjargið, Jólaflækja & Stúlkan sem stöðvaði heiminn

### Ungmennakort:
4 sýningar

**50%** afsláttur af miðum

25 ára og yngri

### Framhaldskort: Átt þú sýningar frá síðasta leikári?

Við viljum koma til móts við þá korthafa sem ekki komust á leiksýningar á síðasta leikári sem var aflýst vegna COVID-19 faraldursins. Með Framhaldskorti getur þú einfaldlega fært þær sýningar sem þú átt inni yfir á næsta leikár.

Ef þú átt til dæmis inni 2 sýningar frá síðasta leikári þarft þú aðeins að kaupa 2 sýningar til viðbótar til þess að fá Leikhúskort og 30% afslátt af miðaverði auk annarra fríðinda sem fylgja Leikhúskortinu.

## Komdu í áskrift að töfrum

Miðasala í síma **568 8000**
Nánar á **borgarleikhus.is**

Borgarleikhúsið





## BLUES

Stíhreinn sófi sem sver sig í ætt skandinavískrar hönnunar. Fæst 2,5 og 3ja sæta í sinnepsgulu velúráklæði. Kaldpressaður svampur og sílikontrefjar veita góðan stuðning og endingu. Svartir og sterkir járnfætur. Sethæð 44 cm.

2,5 sæta, stærð: 190 x 85 x 92 cm
**88.702 kr.** ~~109.990 kr.~~

3ja sæta, stærð: 205 x 85 x 92 cm
**100.798 kr.** ~~124.990 kr.~~



## KEEP

Keep sófarnir fást bæði 2ja og 3ja sæta og kallast á við klassíska skandinavíska hefð. Kaldpressaður svampur og silicontrefjar gera sófan einstaklega þægilegan. Áklæðið er koníakslitt bonded leður og fætur eru svartir úr sterkum málmi. 44 cm sethæð.

2ja sæta, stærð: 163 x 60 x 86 cm
**153.218 kr.** ~~189.990 kr.~~

3ja sæta, stærð: 237 x 60 x 86 cm
**177.411 kr.** ~~219.990 kr.~~





## LIAM OG LIAM XL

Vandaður tungusófi frá Furninova í tveimur stærðum. Dökkgrátt Alice áklæði. Hægri eða vinstri tunga.

Liam stærð: 267 x 160 x 93 cm
**306.444 kr.** ~~379.990 kr.~~

Liam XL stærð: 312 x 160 x 93 cm
**322.573 kr.** ~~399.990 kr.~~



## MARENO

Mjög flottur hornsófi og skammel í Eros Plum, dumbrauðu áklæði. Hægri eða vinstri tunga. Háir, grannir en sterkir fætur.

Sófi, stærð: 266 x 225 x 86 cm
**233.863 kr.** ~~289.990 kr.~~

Skammel stærð: 80 x 80 x 42 cm
**48.379 kr.** ~~59.990 kr.~~



## VENICE

Glæilegur sófi, þéttur með baki sem styður vel við. Svart savoy/split leður. Fánanlegur 2ja og 3ja sæta og stóll.

2ja sæta leður: 156 x 85 x 89 cm
**169.347 kr.** ~~209.990 kr.~~

3ja sæta leður: 184 x 85 x 89 cm
**217.734 kr.** ~~269.990 kr.~~



## CHARLIETOWN

2ja og 3ja sæta sófar í mjúku sléttflaueli í mildum bleikum eða gráum lit. Það hefur bogadregna armar og útskorna, svarta viðarfætur. Innan á baki og örmum eru djúpar stungur með samlitum flauelshnöppum sem gefur glæsilegt yfirbragð. Einnig fáanlegur stóll við sófasettið.

2ja sæta stærð: 164 x 88 x 78 cm
**96.766 kr.** ~~119.990 kr.~~

3ja sæta stærð: 219 x 88 x 78 cm
**112.895 kr.** ~~139.990 kr.~~




## PETRI

Fallegur 2,5 og 3ja sæta sófi í sinnepsgulu sléttflaueli. Kaldpressaður svampur og minigormar í góðu sæti. Í baki og hliðum eru þægilegar púðapullur. Sófinn er með sterka, svarta viðarfætur. Retró útlit og nútímaþægindi. 43 cm sethæð

2,5 sæta, stærð: 210 x 100 x 78 cm
**173.378 kr.** ~~214.990 kr.~~

3ja sæta, stærð: 242 x 100 x 78 cm
**185.476 kr.** ~~229.990 kr.~~






SLIM

## CUBO

Sérlega vandaður og veglegur ítalskur svefnsófi. Bak er dregið fram á einfaldan hátt til að opna fjaðrandi stálgrind. Þar er heil (laus) svamp dýna sem fylgir (194x140x13 cm). Svefnsófi sem fer vel með gestina. Fæst blágrænn og ljós- eða dökkgrár. Fæst einnig í Slim útgáfu (grennri armar) í sömu litum.



**153.145 kr.** ~~189.990 kr.~~

** Taxfree tilboðið gildir af öllum sófum nema sérpöntunum og jafngildir 19,35% afslætti. Að sjálfsögðu fær ríkissjóður virðisaukaskatt af söluverði. Afslátturinn er alfarið á kostnað Húsgagnahallarinnar.*

HÚSGAGNA
HÖLLIN

## Fær að nota svindlskóna

**FRJÁLSAR ÍÞRÓTTIR** Kenýski langhlauparinn Eliud Kipchoge mun klæðast hinum umdeildu hlaupaskóm Nike Air Zoom Alphafly NEXT%, þegar hann keppir í London-maraþoninu um helgina. Fólk innan frjálsíþróttaheimsins telur að skórnir veiti honum ósanngjarnt forskot á þá sem eru í skóm af annarri tegund um allt að 4 prósentum.

Kipchoge klæddist umræddum skóm þegar hann hljóp maraþon á tímanum 1:59:40 í Vín í fyrra og varð fyrstur í sögunni til þess að hlaupa maraþon á undir tveimur tímum. Sá tími var hins vegar ekki skráður í bækur alþjóða frjálsíþróttasambandsins, IAAF, sem gilt heimsmet. Kipchoge á sjálfur heimsmetið sem er 2:01:39 sem hann setti í Berlín árið 2018.

**Kipchoge varð í fyrra sá fyrsti sem hleypur maraþon á undir tveimur tímum**

„Við erum komin yfir á 21. öldina og verðum að taka í sátt þær tæknilegu breytingar sem eru mögulegar. Þessi þróun er í takt við annað í heiminum og við ættum að fagna þessu í stað þess að fordæma þetta. Þetta eru þægilegir skór sem henta vel í maraþonhlaupi,“ segir Kipchoge um gagnrýnisraddir.

Nike hefur áður valdið usla innan frjálsíþrótta með tilkomu Nike Vaporfly árið 2016. Samlandi Kipchoge, Brigid Kosgei, hljóp í þess konar skóm þegar hún bætti sextán ára gamalt met Paula Radcliffe um rúma mínútu með því að hlaupa á tímanum 2:14:04 í Chicago á síðasta ári. IAAF hefur brugðist við þessari þróun með því að banna skó sem eru með sóla sem er þykkari en 40 millímetrar eða með meira en einni plötu í sólanum. – **hó**

# Úrslitaleikur í Öskjuhlíðinni

**Annað árið í röð er úrslitaleikur um Íslandsmeistaratitilinn kvennamegin á milli Vals og Breiðabliks. Blikar unnu öruggan 4-0 sigur síðast þegar liðin mættust og dugar Blikakonum jafntefli á Hlíðarenda.**

**FÓTBOLTI** Annað árið í röð fara úrslitin í einum leik á haustdegi langt með að ráða úrslitum um hvort að Íslandsmeistaratitillinn endi í Kópavogi eða Hlíðunum þegar Valskonur, ríkjandi Íslandsmeistarar, taka á móti Breiðabliki í 16. umferð Pepsi Max-deildar kvenna í dag. Með sigri er annað hvort liðið komið með aðra lúkuna á bikarinn þegar Valur á tvo leiki eftir en Breiðablik þrjá, 384 dögum eftir að Valskonur fóru langt með að innsigla titilinn í jafntefli liðanna á Kópavogsvelli í fyrra. Í þetta skiptið er pressan á Valsliðinu sem verður að vinna leikinn til að komast fram úr Blikum en Blikum dugar jafntefli til að vera með örlögin í eigin höndum. Staðan hefur því speglast frá því á síðasta tímabili þegar Valsliðið var með frumkvæðið.

Það virtist himinn og haf vera á milli liðanna í fyrri viðureign liðanna þegar Sveindís Jane Jónsdóttir skoraði þrennu í 4-0 sigri Blika. Með sigrinum var Breiðablik búið að vinna sjö leiki í röð, búið að skora 31 mark og ekki enn búið að fá á sig mark. Sjö leikjum síðar er Breiðablik búið að skora 65 mörk og fá á sig þrjú en tapa einum leik gegn Selfossi. Á sama tíma hefur Valur unnið átta leiki í röð og náð að halda í við Blika og er búið að bæta við landsliðsmiðjumanninum Gunnhildi Yrsu Jónsdóttur sem hefur komið af krafti inn í Valsliðið.

Fréttablaðið fékk Hólmfríði Magnúsdóttur, leikmann Avaldsnes á láni frá Selfoss til að rýna í leikinn en Selfoss er eina liðið sem hefur unnið bæði liðin í sumar, gegn Blikum í deild og Val í bikarnum.



Landsliðskonurnar Hlín og Alexandra eru með 21 mark sín á milli og vilja bæta við þá tölu í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

> **Pressan er á Valsliðinu en það er oft gott að koma inn í svona leiki undir pressu.**
>
> Hólmfríður Magnúsdóttir

„Pressan er á Valsliðinu en það er oft gott að koma inn í svona leiki undir pressu. Valsliðið er svo reynslumikið að þær þekkja þessa stöðu vel og hugsa þetta eflaust eins og hvern annan leik. Þær eru eflaust búnar að fara vel yfir fyrri leik liðanna og þurfa að loka betur svæðunum sem Blikarnir vilja sækja í þótt að það sé erfitt.“ segir Hólmfríður, um möguleika Valsliðsins í dag en sagðist aðspurð frekar eiga von á sigri Blika.

„Ég held að Blikarnir hafi þetta. Blikavörnin hefur verið frábær í sumar eins og sést á því að þær hafa aðeins fengið á sig þrjú mörk. Blikaliðið verst vel sem ein heild og Sonný stýrir varnarleiknum vel aftast. Svo er enginn skortur á sjálfstrausti fram á við í þessu unga Blikaliði eins og sást í landsleiknum. Þær eru með skemmtilegt lið og maður finnur vel fyrir liðsheildinni gegn þeim,“ segir Hólmfríður.

kristinnpall@frettabladid.is




# Öll vopn til staðar fyrir bardagann

**FÓTBOLTI** Erik Hamrén og Freyr Alexandersson, þjálfarar íslenska karlalandsliðsins í knattspyrnu hafa aldrei áður í stjórnartíð sinni með landsliðið verið jafn vel í sveit settir í aðdraganda leikja liðsins.

Stefið í undirbúningi leikja sem þeir hafa stýrt hefur vanalega verið meiðsli eða fjarvera lykilleikmanna en í komandi leik gegn Rúmeníu í undanúrslitum í umspili um laust sæti í lokakeppni Evrópumótsins, sem leikinn verður á Laugardalsvellinum á fimmtudaginn, eru allir sterkustu leikmenn liðsins klárir í slaginn.

Hamrén sagði að samkomulag hefði verið gert við Al Arabi, lið Arons Einars Gunnarssonar um að hann myndi taka þátt í leiknum gegn Rúmenum, séð yrði svo til með leikinn við Dani í Þjóðadeildinni þar á eftir og fyrirliðinn yrði ekki með í lokaleik þessa landsleikjaglugga sem er á móti Belgum sömuleiðis í Þjóðadeildinni.

„Það eru svo leikmenn eins og Jóhann Berg [Guðmundsson] sem munu einungis spila leikinn á móti Rúmeníu en staðan verður bara tekin á öðrum leikmönnum eftir þann leik,“ segir Hamrén um stöðu mála í hópnum.

„Þegar við tókum við var markið sett á að komast í lokakeppni Evrópumótsins og í fyrrverandi fyrirkomulagi hefði stigafjöldi okkar í riðlakeppninni tryggt okkur beint þangað,“ segir hann enn fremur. „Biðin eftir þessum leik hefur verið ansi löng og það er kærkomið að nú sé loks að koma að þessum leik. Það er frábært að í fyrsta skipti síðan ég tók við þessu starfi get ég valið úr öllum mínum sterkustu leikmönnum,“ segir þjálfarinn um tilfinningu sína fyrir leiknum.



Það er mikil pressa á Hamrén fyrir komandi verkefni. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

> **Það er frábært að í fyrsta skipti síðan ég tók við þessu starfi get ég valið úr öllum mínum sterkustu leikmönnum.**
>
> Erik Hamrén

„Við fengum svo jákvæð tíðindi þegar UEFA gaf það út að það mættu áhorfendur mæta á leikinn. Ég er þess fullviss að sá fjöldi sem mun mæta á leikinn mun láta vel í sér heyra. Tólfan mun sjá til þess að stemningin verði eins góð og mögulegt er,“ segir Hamrén en eins og sakir standa er miðað við að 1.500 manns geti mætt á leikina sem fram undan eru á Laugardalsvellinum en starfsmaður UEFA mun meta það hvort að óhætt sé að hleypa fleirum inn. – **hó**




# Mmmmyntukúlur, jólakúlurnar í ár!

## NÓADAGURINN

**Besti dagur vikunnar!**

# Saga sem má ekki gleymast

Sviðslistaverkið Tæring var nýverið frumsýnt á Hælinu, setri um sögu berklanna á Kristnesi í Eyjafjarðarsveit. Verkið fjallar um sögu berklasjúklinganna sem þar dvöldu og er unnið upp úr dagbókum, bréfum og fleiru.

Björk Eiðsdóttir
bjork@frettabladid.is





María Pálsdóttir, hælisstýra og hugmyndasmiður verksins, er hér hluti af vídeóverki sýningarinnar. MYNDIR/AÐSENDAR

Sviðslistaverkið Tæring var nýverið frumsýnt á Hælinu, setri um sögu berklanna á Kristnesi í Eyjafjarðarsveit, og fjallar um sögu berklasjúklinganna sem þar dvöldu.

Verkið, sem er innblásið af sögu berklasjúklinga sem á Hælinu dvöldu á síðustu öld, er sérstaklega unnið inn í sýningarrýmið og leiknum senum blandað saman við vídeó- og hljóðverk. Einhver atriði fara svo fram utandyra og sjá áhorfendur þau í gegnum gluggana.

Átján sýningar eru ráðgerðar nú í október, en nú þegar er uppselt á fjölmargar þeirra svo aðstandendur vonast til að sýningar geti haldið áfram lengra inn í veturinn.

María Pálsdóttir hælisstýra er hugmyndasmiður setursins og verksins og við spurðum hana út í uppsetninguna.

„Ég var alltaf staðráðin í að tengja leikhúsið við Hælið sem ég opnaði í fyrra, enda slær hjarta mitt alltaf með leiklistinni,“ segir María sem sjálf er leikkona.

## Notuðu dagbækur, sendibréf og fleira

Hún fékk styrk frá Sóknaráætlun Norðurlands eystra fyrir handritaskrifum og bað Vilhjálm B. Bragason að taka þau að sér.

„Ég dældi í hann öllum heimildunum sem ég hafði sankað að mér við undirbúning Hælisins og það er sko ekkert smáræði. Þetta voru dagbókabrot, sendibréf, ævisögur, ljóð, lög, myndir og fleira.

Hann fékk bara frjálsar hendur og svo hentum við á milli okkar hugmyndum þar til komin var beinagrind, eða að minnsta kosti drög að persónum og senum. Þegar ég svo fann leikstjórann, Völu Ómarsdóttur, sem vinnur með verk af þessari gerð sem kallast „site specific“ og eru unnin og skrifuð inn í rýmið sem fyrir er, þá fannst henni gott að hafa eitthvert efni í höndunum. Það efni breyttist svo í meðförum hennar og listræna teymisins og leikhópsins alls, eins og eðlilegt er.

Þá var Villi á tánum og skrifaði nýjar senur út frá þeirri vinnu. Ég myndi því segja að þetta hafi verið skemmtileg samsköpun. Vala hefur náð að fanga magnaða stemningu með vídeóverkum Maríu Kjartansdóttur og hljóðverkum Bigga Hilmars og þau element ásamt dásamlegum leiknum senum allra frábæru leikaranna gera sýninguna að stórri upplifun fyrir öll skilningarvitin.“

María segir það hafa gengið ljómandi vel að koma sýningunni upp á Hælinu, einmitt vegna þess að rýmið sé útgangspunkturinn og einn aðalleikari sýningarinnar.

„Ég var meira fluga á vegg í þessu ferli, eða ytra auga kannski, en hef marínerast í þessari sögu undanfarin fimm ár,“ segir María. „Ég finn mikinn meðbyr með öllu sem ég geri á Hælinu, þar með talinni þessari sýningu, hvort sem það er í raunheimum eða handan að,“ segir María ákveðin.

„Eiginlega orðaði séra Oddur Bjarni Þorkelsson þetta vel í Lestarklefanum á Rás 1 um daginn: Að ég hefði lengi gengið með þetta barn, að setja upp leikverk á Hælinu, í maganum en hefði svo gefið það til ættleiðingar, því ég er bara framleiðandi verksins.“

## Langafi leikstjórans vistmaður

María segir persónulega sögu leikstjórans hafa fléttast inn í verkið og það hafi verið sérlega hjartnæmt.

„Langafi Völu fékk berkla og skrifaði langömmu hennar hjartnæm bréf frá Kristneshæli. Vala fékk leyfi til að nota bréfin í sýningunni og gerir það á fallegan hátt. Þar fæ ég reyndar að vera með og leik í vídeóverki sem er varpað á vegg.



Gestum sýningarinnar er veitt innsýn í lífið á berklahæli.

> ÞAÐ VAR ERFITT AÐ FÁ LEIGT HÚSNÆÐI, BÖRNUM VAR BANNAÐ AÐ LEIKA SÉR VIÐ BÖRN FRÁ BERKLAHEIMILUM OG ÞANNIG MÆTTI ÁFRAM TELJA.

Leikari leikur svo á móti verkinu og útkoman verður alveg magísk.“

Um er að ræða innsýn í lífið á berklahæli, þar sem gestir fá að fylgjast með nokkrum persónum, samskiptum þeirra og hugsunum. „Gestir sitja ekki kyrrir á einum stað heldur eru leiddir um rýmið og fá að rölta á milli herbergja en geta vissulega tyllt sér inn á milli.“

Aðspurð út í hinar fjölmörgu sorgarsögur sem tengjast Kristneshæli, nefnir María tilurð ljóðsins Í fjarlægð.

„Sú saga gerist á Kristneshæli og það má segja að hún sé innblásturinn að rauða þræði verksins. En Karl O. Runólfsson tónskáld var nýkvæntur Margréti Sigurðardóttur og var á leið í heimsókn til hennar þar sem hún lá banaleguna á Kristnesi.

Óveður tafði för hans og Margrét bað þá vin sinn um að skrifa kveðju til eiginmannsins, því hún treysti því ekki að hún næði að kveðja hann hinstu kveðju. Það stóð heima, þegar Karl komst á Kristnes var Margrét látin, en hann fann bréfkornið með kveðjunni og samdi strax lag við það sem var frumflutt í jarðarför Margrétar.“

## Má ekki gleymast

Aðspurð hverju skipti að halda sögu berklasjúklinga hér á landi á lofti, bendir María á að flestir verði hissa á hversu stutt sé síðan faraldurinn gekk hér yfir.

„Og við vitum svo lítið. Það er eins og berklar hafi verið dálítið þaggaður sjúkdómur. Sem er ekkert skrýtið þegar maður spáir aðeins í það. Það var ekki auðvelt að fá vinnu sem berklasjúklingur, jafnvel þó að þú ættir að heita læknaður, óttinn við smit var svo mikill. Það var erfitt að fá leigt húsnæði, börnum var bannað að leika sér við börn frá berklaheimilum og þannig mætti áfram telja.

Fólk var kannski ekkert að hafa hátt um það ef það hafði verið með berkla. En þetta lagðist þungt á fólk í blóma lífsins, við misstum 5.900 manns á bilinu 1911-1970 og í upphafi taldi þjóðin ekki einu sinni 100.000 manns! Þetta er bara hluti af sögu þjóðar sem má ekki gleymast, finnst mér. Og þeir sem hafa heimsótt Hælið, setur um sögu berkla, virðast allir vera mér sammála,“ segir María að lokum.

# Jómfrúin

– SCANDINAVIAN KITCHEN –
EST. 1996




★★★★★ ★★★★★

## Jólin hefjast á Jómfrúnni!

Mundu að bóka borð fyrir jólin.
Jólaseðillinn fer í gang 12. nóvember.



Jómfrúin | Lækjargata 4 | 101 Reykjavík | 551 0100 | jomfruin@jomfruin.is

# Afbrýðisöm út í konur alla ævi

**Veiga Grétarsdóttir** var 38 ára þegar hún fór í kynleiðréttingaraðgerð og kvaddi karlmannslíkamann sem hafði valdið henni þjáningu um árabil. Hún segir sögu sína í myndinni Á móti straumnum sem sýnd verður á RIFF.

Björk Eiðsdóttir
bjork@frettabladid.is



Unglingsárin einkenndust af karllægum áhugamálum, en hér á árum áður var nokkuð algengt að transkonur notuðu þau til að hylma yfir hvað innra bjó. Veiga var kosin Herra Gaggó, átti kærustur og var fyrst í vinahópnum til að eignast bíl, sem hún varði miklum tíma í að nostra við.

„Ég var algjör gaur,“ segir Veiga. „Sálfræðingurinn sem ég gekk til í Noregi sagði flestar transkonur þar skrá sig í herinn. Mínar bestu vinkonur eru bifvélavirkjar, vélstjórar og rennismiðir. Allt er þetta gert til að bæla niður kvenlægar tilfinningar og setja upp leikrit.

Þegar þessar tilfinningar fóru að blossa upp hjá mér aftur árið 2013 setti ég mig í stellingar og skráði mig á skotveiðinámskeið í Noregi. Ég keyrði þrisvar í viku í einn og hálfan tíma til að komast á námskeiðið. Hápunkturinn var aftur á móti að þegar ég var komin í burtu gat ég klætt mig í pils og sokkabuxur, átt klukkutíma fyrir sjálfa mig og keyrt aftur heim. Það var öll karlmennskan,“ rifjar Veiga upp, sem þó sótti skotveiðinámskeiðið og var sjálf í stærstu afneituninni.

**Heyrði orðið trans fyrst 25 ára**

Eftir að hafa lifað sem karl í 38 ár fór Veiga í kynleiðréttingarferli árið 2015 en það tók hana langan tíma að átta sig á hvað ylli þessari miklu vanlíðan sem hún upplifði.

„Þegar ég var unglingur vissi ég alltaf að það væri eitthvað að. Ég vissi bara ekki hvað það var, enda heyrði ég orðið trans fyrst þegar ég var 25 ára. Það var ekkert internet og engin fræðsla um þessi málefni. Hommar áttu erfitt uppdráttar þá og barátta transfólks er langt á eftir samkynhneigðum.“

Veiga ólst upp á Ísafirði í fjögurra systkina hópi. Hún átti fjölmarga vini og stundaði eins og fyrr segir áhugamál sem myndu teljast karllæg en fann þó fyrir sterkri löngun til að klæðast kvenmannsfatnaði.

Hún fór í kvenfataverslanir og keypti sér föt en gætti þess að útbúa tossamiða og lét eins og hún væri að kaupa gjöf handa kærustunni. „Þegar maður veit þetta sjálfur þá líður manni eins og það standi utan á manni.“

Veiga gætti þess vel að leyndarmálið kæmist ekki upp á yfirborðið.

„Það hefur oft verið skotið á mig í gegnum tíðina að ég sé að horfa á konur. Ég hef fengið komment eins og: „Hún er gift þessi – gleymdu þessu,“ og þar fram eftir götunum. Fólk hélt þá að ég væri með einhverjar kynferðislegar hugsanir en ég var bara að dást að förðuninni, hárinu eða stígvélunum. Öllu þessu kvenlega sem mig langaði í. Allt sem tengdist konum var forboðið.“

Veiga klæddi sig upp ein heima hjá sér. „Það var sambland af mikilli vellíðan og rosalegri skömm.“ Hún prófaði að mála sig og leið þá í fyrsta sinn vel með útlit sitt og fannst hún falleg.

**Fór á gelgjuna 38 ára**

Í dag er Veiga aftur á móti oftast í útivistargallanum, með derhúfu og ómáluð. „Ef maður má ekki gera eitthvað sem mann langar, verður þörfin svo mikið sterkari. Svo þegar ég byrjaði að lifa sem ég sjálf, þá var ég alltaf í kjól eða pilsi, sokkabuxum og stígvélum. Ég fór algjörlega á gelgjuna á þessum tíma og tók hana út á einu ári. Ég tók þarna fullorðna manneskju sem hafði lifað sem karlmaður í 38 ár, klæddi hana í kjól og pils og fór með hana út í samfélagið.“

Veiga segir mjög algengt að transfólk fari ýktar leiðir en það jafni sig svo eftir einhvern tíma. „Önnur ástæða þess að ég málaði mig var að ég var að mála yfir karlmanninn sem ég sá alltaf í speglinum. Eftir ákveðinn tíma á hormónum fer svo húðin að breytast, fitan að færast til, vöðvar rýrna og maður fer að verða kvenlegri og sáttari og lifa sínu lífi sáttur í eigin skinni.“

Veiga var í tveimur samböndum við konur áður en hún fór að lifa sem hún sjálf, og á börn úr báðum samböndum. Í fyrra sambandinu eignaðist hún son sem í dag er 19 ára gamall og síðar kynntist hún stóru ástinni og eiga þær saman dóttur sem er níu ára gömul.

**Skildi við stóru ástina**

„Fyrrverandi eiginkona mín er stóra ástin í lífi mínu og þetta var rosalega erfitt fyrir hana,“ segir Veiga um skilnaðinn sem varð óumflýjanlegur þegar hún ákvað að hefja kynleiðréttingarferlið. Skilnaðurinn reyndist þeim báðum erfiður og vildi Veiga á sínum tíma alls ekki skilja, helst hefði hún viljað að sambýliskona hennar hefði sætt sig við breytinguna og þær hefðu áfram getað verið par.

„Á þessum tíma var ég byrjuð í hormónameðferð þar sem ég var að keyra testósterónið niður og estrógenið upp. Við það breytist allt og ég fór allt í einu að gráta yfir ótrúlegustu hlutum. Ég var til dæmis eitt sinn að horfa á fallega teiknimynd með dóttur minni og var allt í einu farin að gráta. Ég þurfti að læra inn á þetta. En á sama tíma og ég var að þessu var ég líka að skilja við stóru ástina í lífi mínu.“

Veiga þurfti einnig að takast á við samfélagið í kringum sig og segir fólk hreinlega hafa verið hrætt til

**ÉG VISSI AÐ ÉG VILDI FREKAR DEYJA SEM KONA EN LIFA AF SEM KARLMAÐUR.**



Veiga lýsir því hvernig hún hafi farið á gelgjuna 38 ára gömul. Þá gat hún gat loks verið hún sjálf, klæðst kvenmannsfötum og farðað sig að vild. Í dag líður henni best í útivistargallanum, en klæddi sig þó upp fyrir myndatöku. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



45
1975 | Sérfræðingar í bílum | 2020
benni.is
Nánari upplýsingar um verð og búnað á:
Bílasala Suðurnesja
Reykjanesbær
Njarðarbraut 9
Sími: 420 3330
Bílaríki
Akureyri
Glerárgötu 36
Sími: 461 3636
Bílabúð Benna
Reykjavík
Krókháls 9
Sími: 590 2020
Bílabúð Benna
Sérfræðingar í bílum

að byrja með. „Vinir og kunningjar kviðu fyrir að hitta mig og sumir sáu fyrir sér dragdrottningu því þeir vissu ekki betur.“

Ferlið hófst í Noregi, en fjölskyldan hafði flutt þangað stuttu eftir bankahrun og bjó þar í fjögur ár. Veiga er ekki frá því að það hafi hjálpað henni að finna sjálfa sig, að vera í burtu frá öllum. Í Noregi breyttist allt.

„Ég fór til sálfræðings þar sem ég fékk greininguna F64.0, en sú greining þýðir að viðkomandi einstaklingur upplifir sig í röngu kyni og vill leiðrétta það með hormónameðferð og skurðaðgerð.“

Þrátt fyrir afdráttarlausa greiningu hélt Veiga áfram að berja höfðinu við steininn. „Ég hugsaði með mér að hann hefði ekki skilið mig. Ég væri ekki nógu góð í norsku.“

### Ég get ekki verið sköllótt kona

Stóra augnablikið kom svo jólin 2014. „Ég sá þá mynd sem var tekin af mér að leik við dóttur mína og það skein í augljósan skallann. Þá hugsaði ég: Ég get ekki verið sköllótt kona!“

Veiga sökk í mjög alvarlegt þunglyndi eftir þetta og var fljótlega komin í sálfræðimeðferð.

„Ferlið er erfiðara í Noregi og maður þarf að ganga til sálfræðings í heilt ár áður en maður má byrja á hormónum. Það var ekki séns að ég gæti beðið eftir því,“ útskýrir Veiga, en um leið og hún var búin að átta sig gat hún ómögulega beðið eftir að losna við karlmannslíkamann.

„Þegar búið er að taka þessa ákvörðun verður maður eins og jarðýta. Ég gekk á milli lækna þar til ég fann einn sem var tilbúinn til að skrifa upp á hormóna fyrir mig. Ég fór bara mínar eigin leiðir.“

Fljótlega eftir að ferlið hófst varð skilnaður óumflýjanlegur og fjölskyldan flutti til Íslands. „Við fluttum báðar austur en þar gat ég ekki verið meira en í þrjá mánuði. Ég flutti þá í bæinn en leið ekki vel, svo það endaði á að ég hringdi grenjandi í mömmu og pabba og bað um að fá að koma heim.“ Veiga flutti sumarið 2016 aftur vestur á Ísafjörð, til mömmu og pabba. „Það var skrítið, en gott.“

### Hélt hún ætti ekki afturkvæmt

Haustið 2015 birtist viðtal við Veigu í bæjarblaði Ísafjarðar, BB. Þar lýsti hún ferli sínu sem transkonu á opinskáan hátt. „Ég var skíthrædd við að fara í viðtal en fannst ég þurfa að tala mig frá þessu. Eftir það keyrði ég úr bænum og í huganum kvaddi ég Ísafjörð og hugsaði með mér: Hingað á ég aldrei eftir að koma aftur.“

Veiga var viss um að hún ætti ekki afturkvæmt á heimaslóðirnar, enda myndu allir dæma hana eftir viðtalið.

Svo fór þó fjarri og hún mætti aðeins velvilja hjá sveitungum sínum. „Mér finnst hvergi betra að vera núna. Maður býr til eitthvert leikrit í huga sér og það spilaði líklega inn í að ég hafði unnið á karlavinnustöðum alla ævi. Þar mynduðust oft umræður á karlrembunótum um hinsegin- og transfólk.

Að hlusta á slíkt, vitandi að ég væri svona sjálf, gerði það að verkum að ég dró mig enn meira inn í skelina og fór að gera fleirum upp slíka fordóma. Þetta var svo bara eitthvað í nösunum á þessum körlum sem ég hitti oft í dag og veit að þeir eru stoltir af mér.“

Veiga tilkynnti um breytinguna á Facebook árið 2015 þar sem hún skrifaði langa, einlæga færslu og bað fylgjendur sína að ávarpa sig hér eftir sem Veigu, en ekki Veigar eins og áður. „Hjartað var á milljón þegar ég ýtti á enter, svo stóð ég upp og gekk í hringi og þorði ekki að kíkja á tölvuna.“ Viðbrögðin létu þó ekki á sér standa og voru öll á jákvæðu nótunum og segir Veiga það hafa skipt sig miklu.

### Reri rangsælis í kringum Ísland

Eins og fyrr segir er Veiga, kynleiðréttingarferlið og ferð hennar rangsælis í kringum Ísland á kajak, umfjöllunarefni heimildarmyndarinnar Á móti straumnum eftir Óskar Pál Sveinsson, sem frumsýnd verður á kvikmyndahátíðinni RIFF í dag, laugardag.




Veiga réri rangsælis í kringum Ísland síðastliðið sumar. Ferðin tók 103 daga og þar af var hún 53 á sjó, flesta ein. Hún réri átta til tólf klukkustundir á dag og þurfti að gæta að því að borða á klukkutíma fresti. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

> ÉG SÉ ÞÁ MYND SEM VAR TEKIN AF MÉR AÐ LEIK VIÐ DÓTTUR MÍNA OG ÞAÐ SKEIN Í AUGLJÓSAN SKALLANN. ÞÁ HUGSAÐI ÉG: ÉG GET EKKI VERIÐ SKÖLLÓTT KONA!

Í myndinni fylgjumst við með Veigu á 103 daga ferð hennar í kringum Ísland, en hún varð fyrsta konan til að fara þessa leið síðasta sumar og jafnframt var þetta í fyrsta sinn sem einhver rær þessa leið rangsælis, en afrekið er talið jafnast á við göngu á fjallið K2.

Óskar Páll fylgir Veigu hluta leiðarinnar en jafnframt í gegnum kynleiðréttingarferlið og meðal annars alla leið inn í skurðstofuna til Hannesar Sigurjónssonar skurðlæknis, sem framkvæmir allar aðgerðirnar hér með Höllu Fróðadóttur lýtalækni.

Það er ekki laust við að um áhorfandann fari hrollur þegar Veigu er fylgt í síðustu aðgerðina af fjórum, sem að hennar sögn er þó sú stysta og einfaldasta.

Í myndinni lýsir Veiga því þegar hún vaknaði upp af svæfingunni, henni var ískalt en það fyrsta sem hún gerði var að þreifa fyrir sér og finna, sér til mikillar ánægju, að bungan um hana miðja, var farin.

„Það var æðisleg tilfinning.“

### Svipað inngrip og hjartaskipti

Veiga segir aðgerðina vera álíka mikið inngrip og hjartaskipti og eftir hana hafi verið 60 til 70 spor saumuð.

„Það tók sinn tíma að jafna sig. Ég þurfti að sitja á hringpúða og mátti ekki fara í sturtu fyrr en á fimmta eða sjötta degi. Ég man eftir að hafa staðið í hálftíma í sturtunni og horft niður. Það var frábær tilfinning.“

Veiga segir það hafa tekið tíma fyrir fólk að venjast breytingunum og stundum jafnvel hana sjálfa. „Maður er svo mikill vani. Fólk er enn að heilsa mér í karlkyni og það er oftast ekkert illa meint heldur bara gamall vani. Ég lenti sjálf í því, nokkrum mánuðum eftir aðgerð, þegar ég var eitthvað utan við mig og hljóp á klósettið, lyfti upp setunni og greip í tómt. Ég stóð bara þarna við klósettið og skellihló.“

Veiga segir misjafnt eftir aðstæðum hvort hún móðgist ef fólk ávarpar hana í karlkyni. „Ég hef lent í því að kynnast fólki sem talar við mig í kvenkyni en þegar það kemst að fortíð minni skiptir það yfir í karlkyn, þá verð ég sár. En mínir nánustu sem hafa þekkt mig alla ævi fá meira umburðarlyndi en aðrir. Það er líka undir mér komið hvort ég láti svona lagað eyðileggja daginn eða ekki.“

### Afbrýðisöm út í konuna sína

Á ferð sinni í kringum landið safnaði Veiga áheitum fyrir Píeta samtökin sem sinna forvarnastarfi gegn sjálfsvígum og sjálfsskaða, og hélt jafnframt fyrirlestra um reynslu sína á sjö stöðum.

Málið er henni skylt enda komst hún mjög nærri því að binda enda á líf sitt tvisvar. Tímabilið 2015 til 2016 þegar hún var að hefja ferlið reyndist henni erfitt. „Ég fór í göngutúra á kvöldin til að gráta, ég var nýskilin og búin að missa fjölskylduna mína að miklu leyti. Ég vissi að ég vildi frekar deyja sem kona en lifa af sem karlmaður.“

Það er reynslan af þessari miklu vanlíðan sem drífur Veigu áfram í að tala opinskátt um reynslu sína. „Á ferð minni um landið fékk ég skilaboð frá stelpu sem hafði fylgst með ferð minni og baráttu. Hún sagði að ég hefði bjargað lífi sínu og ég hreinlega brotnaði saman þegar ég las það. Fleiri hafa sent mér sínar sögur og þakkað mér fyrir. Þetta eru bestu laun sem nokkurn tíma er hægt að fá.“

> ÉG VAR BÚIN AÐ VERA AFBRÝÐISÖM ÚT Í KONUR ALLA ÆVI. ÉG VAR AFBRÝÐISÖM ÚT Í KONUNA MÍNA ÞEGAR HÚN GEKK MEÐ STELPUNA OKKAR OG ÞEGAR HÚN VAR MEÐ HANA Á BRJÓSTI.

Veiga segist aldrei hafa efast um að kynleiðréttingarferli væri það eina mögulega í stöðunni fyrir sig. „Ég var búin að vera afbrýðisöm út í konur alla ævi. Ég var afbrýðisöm út í konuna mína þegar hún gekk með stelpuna okkar og þegar hún var með hana á brjósti. Vinkonur mínar segja stundum að ég sé heppin að fara ekki á blæðingar. Djöfull væri ég til í það – að vera með leg og vera frjó.“

### Fimmtíu og þrír dagar á sjó

Ferðalag Veigu í kringum Ísland tók alls 103 daga og þar af voru 53 dagar á sjó. Þá réri hún í kringum átta til tólf klukkustundir á dag.

„Það er ýmislegt sem gengur á í hausnum á manni, einni úti á hafi,“ segir Veiga, sem talaði við selina og fuglana. „Svo þarf maður að hugsa um veðurspána, skoða landakort og fylgjast með, til dæmis hvað mikið er eftir. Svo þarf að borða á klukkutíma fresti en ég þurfti að innbyrða um 5 til 7.000 kaloríur á dag.“

Aðspurð hvort það hafi aldrei komið upp augnablik þar sem hún hafi orðið hrædd, viðurkennir Veiga að tvisvar hafi hún fundið fyrir því en náð með hugleiðslu og einbeitingu að vinna bug á hræðslunni. Þrátt fyrir mikið álag í langan tíma, segir Veiga það erfiðasta við ferðina hafa verið upptöku heimildarmyndarinnar.

„Á hverjum morgni tók það mig um tvær klukkustundir að taka tjaldið mitt og vistirnar saman. Svo réri ég í átta til tólf klukkustundir og þurfti svo að koma tjaldinu upp aftur, borða og hvíla mig. Þá gat tekið verulega á að setjast niður með Óskari og fara að ræða erfiðustu tímabilin í lífi mínu, skilnaðinn við stóru ástina og ferlið allt.“

Ferðin hófst í heimabænum, Ísafirði, og endaði á sama stað 103 dögum síðar þar sem margmenni fagnaði henni og afrekinu. „Þegar ég kom að Ísafirði fann ég að ég var komin heim,“ útskýrir Veiga en setningin þýðir meira í huga hennar. „Ég hef reynt að lýsa því í einni setningu hvernig mér líður og þessi nær kannski helst utan um það. Allir þekkja hvernig það er að koma heim eftir ferðalag. Það er góð tilfinning og svoleiðis líður mér nú alla daga.“

Aðspurð um ástarlífið svarar Veiga: „Ég kynntist stelpu í sumar og við vorum aðeins að deita. En það gekk svo ekki upp.“

Veiga segist stundum hafa íhugað að flytja úr landi enda sé erfitt að byrja upp á nýtt í litlu samfélagi. „Ég hef stundum íhugað að það væri gott að losna þannig við fortíðina og fá að vera kona í friði. En ég held ég geri það nú ekki úr þessu.“

# PIER

**KORPUTORG**



SOHO einingasófi, hægt að raða saman að vild. Þessi úfærsla 348x120x89cm. 450.000.-



TORONTO þriggja sæta sófi. 230x94x67cm. 159.900.-



NAVITA körfustóll. 94x194cm. 69.900.-



Hliðarborð þrjú í setti. 73x48cm. 58.990.-



ÖLL SMÁVARA 25% AFSLÁTTUR



NORDIC borðstofuborð. 200x100x76cm. 98.990.-



MANHATTAN sófi. 220x90x77cm. 149.900.-

**PIER KORPUTORG SÍMI 5227870**
**OPIÐ: VIRKA DAGA 11-18.30 LAU OG SUN 12-18**

FACEBOOK.COM/THEPIER INSTAGRAM.COM/PIER.IS

- VEFVERSLUN -
www.pier.is

# Lætur innsæið yfirleitt ráða för

**Logi Einarsson**, formaður Samfylkingarinnar, segir það velta á næstu kynslóð stjórnmálamanna að sameina vinstrimenn í einn flokk. Hans markmið sé að sameina vinstrimenn í eina ríkisstjórn. Hann segir innsæið ráða för og sameinaði listina og praktíkina í vinnunni. Logi ræddi listina, tilfinningarnar og pólitíkina við Fréttablaðið.



Oddur Ævar Gunnarsson
odduraevar@frettabladid.is

Ég er í rauninni bara nokkuð hvatvís maður. Ég stýrist dálítið af magatilfinningu minni og það hefur auðvitað leitt mig á ótrúlegustu slóðir. Ég held það sé samt ekki þannig að það leiði mig út í gönur, en ég leyfi innsæinu dálítið að ráða mínu lífi.“

Þetta segir Logi Einarsson, formaður Samfylkingarinnar, sem eygir þess von að leiða næstu ríkisstjórn Íslands eftir þingkosningar næsta haust. Hann viðurkennir að hann sé mikil tilfinningavera en Loga er margt til lista lagt. Hann vann á sjó, sat fyrir nakinn, var efnilegur í handbolta, dansaði með Skriðjöklum og lærði til arkitekts í Osló.

### Gott að alast upp á Akureyri

„Það var gott að alast þar upp,“ segir Logi, um æskuár sín á Akureyri. „Það er ágætt að vera stór fiskur í litilli tjörn og gott að vera í umhverfi þar sem allir þekkja alla og þú lifir við það mikið öryggi að þú færð gríðarlegt frelsi til að gera það sem þú vilt. En mér fannst samt gott að hafa komist burtu, mér fannst gott að hafa flutt til útlanda og tekið út þroska minn þar þegar ég var að læra. Og mér finnst yndislegt að búa í Reykjavík. Þannig að ég er kannski að einhverju leyti eins og kamelljón. Mér líður vel á flestum stöðum,“ segir hann og brosir.

### Ungmennafélagið Skriðjöklar

Logi var eitt sinn vel þekktur sem einn af dönsurum og lagahöfundum sveitaballasveitarinnar Skriðjökla. „Það byggir kannski ekkert á hæfileikum. Skriðjöklar voru stofnaðir, segja sumir, til þess að komast ókeypis inn á útihátíðina í Atlavík.

Og kannski er það satt. Við vorum mjög margir í hljómsveitinni. Og þetta varð svona á endanum eins konar ungmennafélag. Ég var til dæmis ekki bestur á gítar. Og ég var ekki næstur á gítar. Og í staðinn fyrir að henda mér til hliðar þá var ég bara látinn dansa. Svo voru aðrir látnir vera í miðasölunni, keyra rútuna eða voru bara með í rútunni. Við státuðum af því í langan tíma að vera eina hljómsveitin á landinu sem gat á miðjum dansleik skipt út af ef eitthvað óvænt kom upp á.

Þetta var ótrúlega skemmtilegur tími og sennilega kynntist ég þarna mínum allra bestu vinum. Og það heldur út lífið þó að við séum alveg ótrúlega ólíkir. Og mæður okkar segja að það sé ekkert endilega hollt að við séum að hittast mikið,“ segir Logi og hlær.

### Fjörug móðir en þyngri faðir

Hann viðurkennir að hann sé einstaklega listrænn og rekur hann það til fjölskyldu sinnar. Draumur Loga var lengi vel að verða myndlistarmaður en þann draum lifir sonur hans, Úlfur Logason, sem nú er í námi í myndlist í Þýskalandi.

„Já, ég í rauninni elst upp á heimili með mjög mörgum systkinum. Fjórum systrum sem voru kraftmiklar. Og ég elst upp hjá sterkri og mjög fjörugri móður, sem kenndi mér að meta lífið og vera lífsglaður. En svo ólst ég upp hjá föður sem var svona aðeins þyngri, en hafði listræna taug og var myndlistarmaður. Þar lærði ég í rauninni að meta myndlist, meta listir. Ég hafði nú reyndar ekki kjark í að fara að læra það sjálfur en lifi þann draum pínu í gegnum son minn sem er að læra úti í Þýskalandi,“ segir Logi. „Þessi listræna hugsun kemur frá föður mínum. En ég veit ekkert hvaðan praktíkin kemur. Báðum, vonandi!“

> ÉG HEF ALLTAF VERIÐ HRIFINN AF ODDAFLUGI FUGLA. ÉG HEFÐI ÖRUGGLEGA ORÐIÐ PRÝÐILEG GÆS.

### Sameinaði list og praktík

Logi rak um margra ára skeið arkitektastofuna Kollgátu á Akureyri. „Ég fór í arkitektúr, af því á mér fannst það sameina listsköpun og svona praktíska hugsun. Það er ágætt núna því stjórnmál snúast eiginlega um það. Og í dag þurfa stjórnmál að snúast um það, á þessum brjálæðislega skrítnu tímum sem við lifum. Það er, að geta notað skapandi nálgun við mjög praktísk viðfangsefni,“ segir Logi.

Hann segist ætla að klára starfsferilinn á sinni gömlu stofu. „Ég passa mig að eiga nógu mikið í henni til þess að ég verði ráðinn í vinnu þegar ég hætti á þingi. Því þar ætla ég að hætta, klára minn starfsferil.“

### Góður liðsmaður

Logi stundaði á sínum tíma handbolta. Hann segir að hugurinn hafi þó fljótt leitað annað, í hljómsveitastandið og fleira.

„Það varð því aldrei neitt meira úr því. Ég áttaði mig líka á því mjög fljótt að ég er hópíþróttamaður. Ég var góður liðsmaður. Ég hef stundum hugsað um það að það hafi kannski mótað mín viðhorf til stjórnunar. Ég hef alltaf verið hrifinn af oddaflugi fugla. Ég hefði örugglega orðið prýðileg gæs. Það held ég að hafi ekki síst mótað mig, þátttaka mín í hópíþrótt, að skilja mín takmörk, átta mig á mínum kostum og mikilvægi þess að lið vinni saman, hjálpi hvert öðru, styrki hvert annað og að allir fái aðeins að vaxa.“



Logi segist hafa verið pólitískur frá því á menntaskólaárunum og verið róttækur, ungur piltur. Hann hafi svo orðið sósíaldemókrati í Noregi þar sem Gro Harlem Brundtland hafi haft mikil áhrif á hann. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

### Auðvelt að sitja fyrir nakinn

Það vakti landsathygli fyrir örfáum árum þegar Logi birti mynd þar sem hann sat fyrir nakinn í Myndlistarskólanum á Akureyri árið 1980. Hann segir það ekki hafa verið tiltökumál fyrir listhneigðan, ungan mann að vinna sér fyrir með þessum hætti.

„Í fyrsta lagi ólst ég upp á heimili þar sem myndlist var eitthvað sem skipti máli og var rætt og það var eitthvað sem að ég var mjög meðvitaður um. Að hluti af því að vera góður myndlistarmaður er að geta teiknað anatómíu. Og ef einhver ætlar að vera góður í því að teikna anatómíu, þá þarf einhver að sitja fyrir. Þegar það hélst í hendur við að þetta var ágætis leið til þess að vinna sér inn peninga, sem unglingar þurfa fyrir útgjöldum helgarinnar, þá var þetta mjög auðvelt fyrir mig. Saklaust!“ skýtur Logi inn í kíminn.

### Öll verkefnin hurfu

Talið berst að pólitíkinni. Logi rifjar upp að hrunið hafi haft mikil áhrif á hann og þá ákvörðun að fara út í stjórnmálin. Þá hafi öll verkefni horfið og Logi var nýbúinn að byggja sér hús. Tvennt hafi verið í stöðunni. „Annaðhvort að taka þátt í Búsáhaldabyltingunni, fara niður á torg og berja í potta, sem var gríðarlega mikilvægt að fólk gerði og ég dáist að því fólki sem gerði það. Eða bara hreinlega að labba niður á Eyri og taka þátt í stjórnmálastarfi. Og ég valdi það. Síðan rekur bara eitt annað. Bland af ákafa, ástríðu, heppni og aðstæðum. Sem leiða svo til þess að ég er hérna í dag.“

### Pólitískur menntskælingur

Í nærmynd Fréttablaðsins af Loga sem birtist síðasta haust, tóku vinir og vandamenn hans það sérstaklega fram að þeir hefðu verið hissa á því að Logi hefði loks leiðst út í stjórnmál. Hann segist aðspurður um það hafa áhuga á ótrúlega mörgu.

„Ég hef hins vegar verið pólitískur frá því ég var í menntaskóla. Ég byrja í menntaskóla sem mjög róttækur, ungur piltur, fer meðal annars að bera út bæklinga árið 1983 fyrir Steingrím J. Sigfússon, til að

bauhaus.is

# BAUHAUS



## 30% afsláttur

**af Camargue Skärgärd baðinnréttingum og sturtuþiljum**

Mv. almennt verð

Á VIÐ UM ALLAR VÖRUR SEM FINNA MÁ Í VÖRULISTANUM BAÐHERBERGIÐ OG VELLÍÐAN 2020/2021

**Komdu og skoðaðu úrval fallegra baðinnréttinga** í nýjum og endurbættum sýningarsal okkar. Úrvalið hefur aldrei verið betra!



**Ystad sturtuklefi**

90 x 90 x 190 cm. 5 mm hert glært öryggisgler með állistum. Hurðirnar opnast inn til að spara pláss þegar klefinn er ekki í notkun.

**27.695.-**



**39.995.-**

**Duravit D-Code**

Hvítt. Vegghengt salerni án skolbrúnar. Salernisseta með hæglokun fylgir.



**14.695.-**

**Ryðfrír stálvaskur**

Með sigti. Stærð 55 x 50 cm. Til niðurfellingar.



**59.995.-** 79.995.-

**Myselect E20 sturtusett**




Kjarakaup

**17.995.-** 24.995.-

**Philips Hue Struana LED ljós**

Þv. 36 cm. Hæð 5,9 cm. 32W LED peru. 2400 lúmen. 2200 - 6500 kelvin. Með Philips Hue Dimmer. IP44, vottað til notkunar í votrými.



Camargue

Kjarakaup

**8.995.-** 10.795.-

**Palma eldhústæki**

Krómað handlaugartæki með einföldu handfangi. Slöngur fylgja.



Camargue

**19.895.-**

**Veruno handlaugartæki**

Krómað. Handlaugartæki sem hentar bæði fyrir litlar og millistórar handlaugar.






**11.995.-**

**Ontaneda vegg-/loftljós**

Fyrir baðherbergi. Þv.32,5 cm. 1 x 11W LED ljósapera fylgir. 950 lumen. 3000 kelvin. IP44 vottað til notkunar í votrými.

**VIRKA DAGA 8-19 / UM HELGAR 10-18**

Með fyrirvara um myndbrengl, prentvillur, mistök hjá birgjum og uppseldar vörur. Verð er með vsk. Tilboðin gilda aðeins til og með mánudeginum 5. október, meðan birgðir endast.

**BAUHAUS REYKJAVÍK - Lambhagavegur 2–4 - 113 Reykjavík - 515-0800**
upplysingar@bauhaus.is - www.bauhaus.is

**ALGJÖRLEGA, ALGJÖRLEGA. GUÐ MINN ALMÁTTUGUR, EF ÞAÐ VÆRU NÚ ALLIR Í HEIMINUM SEM HEFÐU JAFNGOTT HJARTALAG OG INGA SÆLAND, ÞÁ VÆRUM VIÐ BARA Í ÞOKKALEGUM MÁLUM.**



**Logi segir blöndu af ákafa, ástríðu, heppni og aðstæðum hafa komið honum á þann stað sem hann er á í dag.** FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

koma honum inn á þing. Síðan eftir menntaskóla fer ég til Noregs,“ segir Logi. Þar segist hann hafa orðið að sósíaldemókrata og hafði Gro Harlem Brundtland, þáverandi forsætisráðherra Noregs, mikil áhrif á ungan mann.

### Varð sósíaldemókrati í Noregi

„Ég held að þarna hafi ég orðið sósíaldemókrati. Og ef Steingrímur hefur eygt einhverja von um að ég kæmi aftur til hans í flokkinn þegar ég kæmi til baka, þá var henni eytt þarna. Eftir þetta var Samfylkingin minn flokkur.“

Hann hitti svo sjálfa Brundtland í byrjun ársins. „Maður varð svona bara pínu eins og unglingsstrákur fyrir framan Lionel Messi,“ segir hann og hlær.

Logi var eini kjördæmakjörni þingmaður flokksins árið 2016 og bjargaði flokknum þannig frá frekara afhroði. Hann var valinn formaður flokksins sama ár og svo sjálfkjörinn með 100 prósentum atkvæða árið 2018. Aðspurður um eigið reynsluleysi segir Logi:

„Ég hugsaði eiginlega ekki út í það. Ég býst við að þetta séu, þó ekki jafn lífshættulegar, en svipaðar aðstæður og ef þú dettur útbyrðis úti á rúmsjó. Þá eru auðvitað bara fyrstu viðbrögðin að bjarga sér,“ segir hann. Hann hafi svo áttað sig á ábyrgðinni. „Það var svo miklu léttara að axla hana, því allt í einu áttaði maður sig á því að maður hefði svo mikið af fólki með sér,“ segir Logi.

Tiltekur hann þar sérstaklega Oddnýju Harðardóttur, fyrrverandi formann flokksins. Segir hann flokkinn hafa braggast og tiltekur grasrótina og starf flokksins um land allt. „Þá áttaði maður sig á því að maður væri ekki einn. Maður var aftur kominn um borð í bátinn og maður var ekki að róa á einhverri gamaldags skektu, heldur á seglskútu sem á sér kannski fá takmörk.“

### Illa tengdur rétta fólkinu

Logi segir, aðspurður, Samfylkinguna árið 2020 um margt ólíka því sem hún var árið 2016. Hann segir að stundum hafi verið sagt að hans akkíllesarhæll sem formaður væri að hann sé illa tengdur rétta fólkinu.

„Og kannski er það að einhverju leyti rétt. Ég elst upp úti á landi, hoppa yfir Reykjavík og fer í nám erlendis og eignast ekki vini hér í háskólaumhverfinu. En á móti hef ég alltaf verið mjög vinmargur. Ég hef alltaf umgengist mjög mikið af fólki og hef alltaf haft gaman af því að hitta fólk. Þannig að ég var auðvitað alveg sannfærður um það á þessum tíma að ég kæmist inn. Vegna þess að ég vissi að það væri fullt af fólki á Akureyri sem tryði á mig,“ segir Logi um alþingiskosningarnar, þar sem hann bjargaði Samfylkingunni.

Hann segir áhugann á þátttöku í starfi flokksins hafa glæðst á síðustu fjórum árum. Flokksmenn hafi nú sannfæringu fyrir því að Samfylkingin geti orðið kjölfestuafl. Það hafi aldrei verið eins nauðsynlegra en nú á umbrotatímum COVID-19 og hnattrænnar hlýnunar. „Þá skiptir ofboðslega miklu máli að það séu rétt öfl sem stýra. Vegna þess að þau sem ég er að berjast á móti, dag frá degi, þau eygja líka möguleika í þessari stöðu,“ segir Logi.

Hann segist aðspurður óviss um hvort persónuleiki hans eigi þátt í þessum aukna áhuga. „En ég held að á þessu tímabili í sögu flokksins hafi það að minnsta kosti verið kostur að ég er nógu æðrulaus og lítið upptekinn af hlutverkinu í sjálfu sér, þó að ég taki það alvarlega, til þess að leyfa fólki að vaxa og blómstra í kringum mig,“ segir Logi. Það sé að gerast nú.

„Mér finnst garðar með fjölbreyttum lággróðri sem blómstrar allt árið miklu fallegri en skrúðgarður með einu háu tré sem varpar skugga á allt.“

### Traustið hverfur hratt

*Heyrst hefur að samstarf stjórnarandstöðunnar hafi sjaldan gengið jafn illa og þetta kjörtímabil. Er það rétt?*

„Það á auðvitað ekki að koma neinum á óvart að stjórnarandstaða skuli ekki ganga í einum takti. Af því að stjórnarandstaðan er í rauninni leifarnar af þeim sem ekki komust í ríkisstjórn. Þegar svona ólíkir flokkar veljast í ríkisstjórn eins og núna, sem eru kannski ekkert svo rosalega ólíkir samt, verður náttúrulega stjórnarandstaðan líka samsett af mjög ólíkum öflum. Ég læt það ekki trufla mig,“ segir hann og bendir á að valkostir í stjórn eftir næstu kosningar verði mögulega bæði úr stjórn og stjórnarandstöðu.

**NÆSTA KYNSLÓÐ SEM TEKUR VIÐ ÞESSUM FLOKKI MUN VONANDI GETA SAMEINAÐ OKKUR SVO AFTUR INN Í EINN FLOKK.**

Samfylkingin mældist með 17,2 prósenta fylgi í nýjustu könnun Fréttablaðsins. Það er af sem áður var, þegar flokkurinn var höfuðandstæðingur Sjálfstæðisflokksins og fékk mest 31 prósents fylgi árið 2003.

„Nei, auðvitað er maður aldrei ánægður með það að fylgið skuli ekki vera jafnmikið og það var þegar það var mest,“ segir Logi. „En í fyrsta lagi þarf maður einhvern veginn að vera auðmjúkur gagnvart því að það tekur langan tíma að reisa við traust sem hverfur mjög hratt, eins og gerðist hjá okkur. Í öðru lagi þá lifum við í flokkalandslagi sem er allt öðruvísi heldur en það var þegar flokkurinn var stofnaður. Nú eru einfaldlega fleiri flokkar að berjast um hituna og margir róa á sömu mið.“

### Vill sameina vinstrimenn

*Hvers vegna heldurðu að það sé? Er Samfylkingin ekki opinn flokkur?*

„Jú, jú. Ég held að það geti að einhverju leyti stafað af því að hér varð efnahagshrun fyrir tíu árum og eðlilega var fólk óánægt. Sem betur fer búum við líka í samfélagi þar sem allir geta boðið sig fram og flokkar geta orðið til. Ég hef sagt að hlutverk Samfylkingarinnar sé að sameina vinstrimenn um betra samfélag,“ segir Logi. Í upphafi hafi hugsunin verið að það myndi gerast innan eins flokks.

„Í augnablikinu, á meðan ég er hérna, þá er staðan sú að það þarf að gerast með samstarfi nokkurra flokka. Ef mér tekst það, þá er ég að minnsta kosti trúr markmiðum Samfylkingarinnar. Næsta kynslóð sem tekur við þessum flokki mun vonandi geta sameinað okkur svo aftur inn í einn flokk.“

*En þú ert alveg á því að Samfylkingin sé opinn flokkur? Fólkið sem stofnar þessa nýju flokka á vinstri vængnum, í Flokki fólksins til að mynda, það er alveg pláss fyrir Ingu Sæland til dæmis í Samfylkingunni?*

„Algjörlega, algjörlega. Guð minn almáttugur, ef það væru nú allir í heiminum sem hefðu jafngott hjartalag og Inga Sæland, þá værum við bara í þokkalegum málum,“ segir Logi.

### Útilokar Sjálfstæðis- og Miðflokk

Hann segir aðspurður alveg ljóst með hverjum flokkurinn geti ekki unnið í ríkisstjórn. Ekki sé málefnalegur grundvöllur fyrir samstarfi með Sjálfstæðisflokknum og Miðflokki. Flokkurinn geti fundið sameiginlega fleti með öðrum flokkum, byggi þeir á jöfnuði og réttlæti.

„Það getur verið ný stjórnarskrá, það getur verið skynsamleg auðlindanýting sem skilar fólki réttmætum arði. Það getur verið grunnþjónusta sem jafnar kjörin og gerir öllum kleift að lifa sómasamlegu lífi. Ég held það sé bara mjög mikilvægt að fólk sem hefur nokkuð sameiginlega sýn á þessar stoðir vinni saman. Ég held að það geti verið eiginlega allir aðrir en þessir tveir flokkar sem ég nefndi.“

*Ef þú verður forsætisráðherra, muntu tala áfram í sama myndmáli?*

„Fyrst og fremst er það hlutverk mitt að Samfylkingin nái því markmiði sínu að mynda sterka ríkisstjórn sem að getur leitt okkur í áttina að réttlátara og betra samfélagi. Hvar sem ég verð í þeirri ríkisstjórn eða hvar sem ég verð þegar sú ríkisstjórn verður mynduð, þá mun ég örugglega halda áfram að tala eins og ég hef gert hingað til.“

# Fólk
Helgin

LAUGARDAGUR 3. OKTÓBER 2020




Anton Ólafsson, þjónustufulltrúi hjá Kletti, segir að bókunarkerfið á netinu hafi slegið í gegn hjá viðskiptavinum. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Tími vetrardekkjanna er nú genginn í garð

Klettur er leiðandi fyrirtæki í sölu og þjónustu á breiðri línu vinnuvéla og ýmissa annarra véla, ásamt því að sinna hjólbarðaþjónustu fyrir allar gerðir bifreiða og véla. Nú er hentugt að bóka tíma í dekkjaskipti á netinu. →2

Góður svefn er mikilvægur!
HVERNIG SVAFST ÞÚ?




EINSTAKT KOLLAGEN RAKAKREM
GEFUR GÓÐA NÆRINGU OG MIKINN RAKA




Fæst í betri apótekum, Heilsuver, www.lyfja.is og www.heilsanheim.is

Framhald af forsíðu ➪

Klettur byggir á gömlum og traustum grunni, en fyrirtækið hefur verið umboðs-, sölu- og þjónustuaðili fyrir Goodyear hjólbarða frá árinu 1952. Einnig hefur fyrirtækið verið með umboð fyrir Sava, Dunlop, Hankook, Nexen og Roadstone um árabil og fyrir vikið býr Klettur að ótrúlega langri reynslu og þekkingu á svona rekstri.

## Dekkjaskipti er öryggisatriði

Nú fer að koma að dekkjaskiptum enda er Vetur konungur orðinn alveg ófeiminn við að láta heyra í sér og finna fyrir sér. Klettur er með hjólbarðaþjónustu fyrir allt í senn fólksbíla, jeppa, vöru- og flutningabíla, rútur og stærri vélar. Þá býður fyrirtækið fjölbreytt úrval af stærðum og gerðum af hjólbörðum. „Aðalmerki okkar er Goodyear en við bjóðum einnig upp á dekk frá Sava, Dunlop og Fulda. Þar að auki bjóðum við upp á hjólbarða frá Hankook, Nexen og Roadstone," segir Anton Ólafsson, þjónustufulltrúi hjá Kletti.

Kostirnir við að skipta árlega um sumar- og vetrardekk eru ótvíræðir, ekki síst öryggisins vegna. „Bestu vetrardekkin veita framúrskarandi grip í snjó og hálku. Þau endast vel í vetrarakstri en slitna hraðar á sumrin og veita minna grip á blautu malbiki á sumrin en sumardekk.

Vetrardekk skiptast í þrjár megingerðir. Fyrst skal nefna nagladekk. Svo eru það óneglD vetrardekk sem skiptast í tvo flokka: Annars vegar eru svokölluð „soft compound" dekk sem eru mjúk eins og nafnið gefur til kynna og gefa því betra grip í snjó og hálku. Hins vegar eru þau sem Íslendingar kalla heilsársdekk sem ætluð eru til aksturs allt árið. Við mælum ekki með heilsársdekkjum nema að fólk keyri lítið.

Nagladekkin grípa einstaklega vel í hálku en eru háværari en óneglD vetrardekk. Munstrið er grófara og naglarnir eru hannaðir til að höggva sig niður í ísinn þannig að gripið verði betra. Á Íslandi mega bílar vera á nagladekkjum á tímabilinu frá 1. nóvember til 14. apríl en utan þess tíma er bannað að vera á nagladekkjum og varðar við sektir," segir Anton.

## Dekkjahótel Kletts

Klettur rekur fyrirmyndar dekkjahótel en kostirnir við að nýta sér slíka þjónustu eru ótvíræðir. „Það eykst sífellt að fólk velji að geyma dekkin sín á dekkjahóteli. Fyrir það fyrsta þá kostar ekki nema frá 7.900 krónum að geyma dekk á dekkjahóteli yfir veturinn. Þá er líka gríðarlegur kostur að þurfa ekki að rogast með dekk á milli bæjarhluta, skíta út bílinn og jafnvel rispa innréttingu bílsins með nagladekkjum eða grjóti. Svo er víst víða bannað að vera með dekk í sameignum og margir vilja ekki geyma plássfrek dekk í geymslunni heima." Dekkjahótel Kletts er innandyra og búið nýjum rekkum sem eru sérstaklega hannaðir til að geyma dekk, en áður voru dekkin geymd í gámum. „Þetta breytir ásýnd fyrirtækisins og eykur öryggi og þægindi starfsfólks við vinnuna."

## Bókunarkerfið sparar tíma

Það er um að gera að panta tímanlega í dekkjaskipti fyrir veturinn, sérstaklega ef fólk er ekki að skipta yfir í nagladekk. Til að einfalda og straumlínulaga ferlið hefur Klettur tekið upp stórsniðugt bókunarkerfi á vefsíðu sinni klettur.is, sem hefur heldur betur slegið í gegn hjá viðskiptavinum. „Á dekkjatarnatímum var iðulega mikið álag á símkerfinu okkar og oft erfitt að ná í gegn. Nýja bókunarkerfið léttir á því og hittir beint í mark, enda mikil hagræðing, tímasparnaður og þægindi bæði fyrir okkur og viðskiptavini.

Þá vinnum við að því að setja nýja og enn betri heimasíðu í loftið, en hún ætti að koma á næstu dögum. Nú geta viðskiptavinir bókað tíma í dekkjaskipti á netinu og þurfa ekki lengur að bíða tímunum saman í röð, sem er klárlega kostur á tímum COVID-faraldursins. Í stað þess eiga viðskiptavinir pantaða fastan tíma og geta beðið rólegir í bílnum á meðan verið er að skipta um sem lágmarkar meðal annars smithættu við setu á biðstofu. Dekkjaskipti taka allajafna ekki lengri tíma en hálftíma. Á næstu dögum opnum við svo nýtt verkstæði í glæsilegu húsnæði að Lynghálsi. Þá erum við með opið á laugardögum á verkstæðunum ef fólk vill droppa við án þess að panta tíma," segir Anton.



Þeir sem ætla að skipta yfir í óneglD vetrardekk ættu að fara að huga að því að panta tíma í dekkjaskipti fyrir veturinn. Fréttablaðið/Valli.



Vetrardekk skiptast í þrjár megingerðir. ÓneglD vetrardekk skiptast í tvo flokka: Heilsársdekk og „soft compound" dekk sem eru mjúk og gefa betra grip í snjó og hálku. Síðast eru það nagladekk.



Dekkjaskipti taka allajafna ekki lengri tíma en hálftíma.




Til þess að hámarka sóttvarnir er viðskiptavinum boðið að bíða í bílunum meðan á dekkjaskiptum stendur sem tekur oftast rétt um hálftíma, en með þessu lágmörkum við óþarfa ráp á biðstofu og snertiflötum fækkar.

### Klettur er nú á fjórum stöðum á landinu:

- Klettagörðum 8-10, 104 Reykjavík.
- Suðurhrauni 2B, 210 Garðabæ.
- Hátúni 2A, 105 Reykjavík.
- Klettur er einnig staðsettur að Hjalteyrargötu 8, 600 Akureyri, en þar er ekki hjólbarðaþjónusta.

**Klettur er með hjólbarðaþjónustu fyrir allt í senn fólksbíla, jeppa, vöru- og flutningabíla, rútur og stærri vélar.**

Tímapantanir og nánari upplýsingar á klettur.is
Símanúmer 590 5100.

Fólk er kynningarblað sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.
Útgefandi: Torg ehf
Ábyrgðarmaður: Björn Víglundsson
Umsjónarmenn efnis: Elín Albertsdóttir, elin@frettabladid.is, s. 550 5761 | Hjördís Erna Þorgeirsdóttir | hjordiserna@frettabladid.is s. 550 5767 | Oddur Freyr Þorsteinsson, oddurfreyr@frettabladid.is s. 550 57686 | Sandra Guðrún Guðmundsdóttir, sandragudrun@frettabladid.is, s. 550 5762 | Þórdís Lilja Gunnarsdóttir, thordisg@frettabladid.is, s. 550 5768
Sölumenn: Arnar Magnússon, arnarm@frettabladid.is, s. 550 5652, Atli Bergmann, atli@frettabladid.is, s. 550 5657, Jón Ívar Vilhelmsson, jonivar@frettabladid.is, s. 550 5654, Jóhann Waage, johannwaage@frettabladid.is, s. 550 5656, Ruth Bergsdóttir, ruth@frettabladid.is, s. 694 4103.

# Eru eymsli í liðum að hrjá þig?

## Glúkósamín sem hefur verið eitt vinsælasta liðbætiefnið erlendis um langa hríð fæst nú í bætiefnaformi hérlendis og vinsældir þess færast sífellt í aukana. Það getur dregið úr eymslum.

Eitt af algengustu vandamálum stoðkerfisins eru eymsli í liðum. Mismunandi er hvaðan óþægindin koma en oft eru það hnén eða fingurnir sem láta mest finna fyrir sér. Margir finna líka til í mjöðmum, ökklum, eða öðrum liðum, en sama hvar er þá skal ávallt hafa í huga að kyrrseta er aldrei til bóta og það er ýmislegt hægt að gera til að láta sér líða betur.

**Leiðir til úrbóta**

Það er ýmislegt í lífsstílnum sem hefur áhrif á liðheilsu og því er um að gera að huga vel að ákveðnum þáttum sem geta haft jákvæð áhrif og jafnvel dregið úr eymslum. Þar ber helst að nefna mataræði og hreyfingu.

Mikilvægt er að borða sem mest af hreinni fæðu og taka inn bæði D-vítamín og ómega-3. Þegar við tökum mataræðið í gegn getur það leitt til þess að við léttumst, sem er í flestum tilfellum jákvætt því ofþyngd reynir meira á liðina. Ofþyngd leiðir oft af sér hreyfingarleysi eða minni hreyfingu en annars og þannig myndast vítahringur þar sem þyngd, eymsli og hreyfingarleysi ýta undir hvert annað.

Stundaðu hreyfingu við hæfi og styrktu vöðvana kringum liðina. Köld böð geta einnig hjálpað, en númer 1, 2 og 3 er að hafa mataræðið í lagi því það sem við látum ofan í okkur hefur ótrúlega mikil áhrifin á líðan okkar.

**» Samhliða heilbrigðu mataræði, réttri hreyfingu og að sjálfsögðu góðum svefni, getur blanda eins og Glucosamin & Chondroitin Complex nýst á jákvæðan hátt.**






Talið er að glúkósamín auki viðgerðarhæfni líkamans og geti dregið úr eymslum í liðum.

**Glúkósamín og kondróítin bætiefnablanda**

Glucosamine & Chondroitin Complex frá Natures Aid er vel samsett liðbætiefnablanda þar sem tekið er á fjölmörgum þáttum sem tengjast aumum liðum. Auk glúkósamíns inniheldur þessi bætiefnablanda kondtróítín súlfat sem er byggingarefni brjósks og geta þessi tvö efni því verið afar góð blanda fyrir liðina, en dagskammtur inniheldur 1.000 mg af glúkósamíni og 200 mg af kondróítíni, ásamt engifer, túrmerik, C-vítamíni og rósaldini (rosehips). Engifer og túrmerik eru rætur sem hafa verið þekkt fyrir bólgueyðandi eiginleika sína og C-vítamín stuðlar að eðlilegri myndun kollagens fyrir eðlilega starfsemi brjósks.

Líkaminn framleiðir sjálfur glúkósamín, en sú framleiðsla minnkar þó með aldrinum og því getur verið mikilvægt að taka inn glúkósamín þar sem það eykur framboð þess í líkamanum, sem þýðir að viðgerðarhæfni hans eykst umfram það sem annars væri mögulegt.

Útsölustaðir: Öll apótek, heilsuverslanir og heilsuhillur stórmarkaðanna.

# Settu heilsuna í forgang

## Ávallt er mikilvægt að huga að heilsunni og sérstaklega núna á tímum kórónaveirunnar. Svefn, hreyfing, mataræði og andleg heilsa skipta þar mestu máli, ásamt því að huga vel að því hvernig styrkja má ónæmiskerfið.

Á tímum sem þessum þar sem mikil óvissa ríkir í umhverfi okkar sem hefur tekið miklum breytingum með tilheyrandi takmörkunum, hefur líklega aldrei verið jafn mikilvægt fyrir okkur að hlúa vel að okkur sjálfum. Öll gerum við okkar besta við að fylgja fyrirmælum sérfræðinga til að verja okkur og þá sem eru viðkvæmir gegn þessari nýju veiru sem hefur breytt okkar daglega lífi frá því sem áður var.

Í þessum streituvaldandi aðstæðum er lykilatriði að missa ekki dampinn og reyna að viðhalda heilsusamlegu líferni og styrkja með því varnir líkamans. Takmarkanir á hreyfingu, útiveru og þess að njóta dagsbirtunnar






Beta-Glucans er ónæmisstyrkjandi blanda sem hefur góð áhrif á heilsuna.

geta haft slæm áhrif á okkur, bæði líkamlega og andlega. Sólin er mikilvægur hlekkur í að tryggja að við fáum nægar D-vítamínbirgðir, en skortur á dagsbirtu getur einmitt verið ávísun á depurð.

Nægur svefn, hollur matur og dagleg hreyfing eru gríðarlega mikilvægir þættir í að byggja upp og viðhalda sterku ónæmiskerfi, en andleg næring spilar einnig stærra hlutverk en marga grunar.

Uppbyggileg samskipti og allt það sem nærir okkur andlega, eins og umhyggja, virðing, skilningur, stuðningur, þakklæti og traust, hefur jákvæð áhrif á heilsuna. Öll þurfum við að upplifa það að við skiptum máli og að okkur sé sýnd virðing og einnig er nærandi að gefa af sér til annarra.

Ef að viljinn er fyrir hendi þá er það bæði einfalt og ódýrt að tileinka sér jákvæðan lífsstíl. Iðkun hugleiðslu eykur andlega vellíðan og um leið viðnám gegn streitu.

Við berum ábyrgð á heilsu okkar og getum gert ýmislegt til efla okkur:

- Veldu fjölbreytt og hreint mataræði.
- Hreyfðu þig reglulega.
- Njóttu þess að vera úti í dagsbirtunni.
- Hugaðu að andlegri næringu.
- Passaðu upp á góðan nætursvefn.
- Taktu inn mikilvæg bætiefni

**Styður við ónæmiskerfið á náttúrulegan hátt**

Heilbrigður lífsstíll og góð næring eru mikilvægustu þættirnir fyrir heilsuna og varnir líkamans. Við þurfum fjölbreyttan og næringarríkan mat til að líkaminn fái öll þau næringarefni sem hann þarf

**» Beta glúkan getur haft jákvæð áhrif ónæmiskerfið og einnig á kólesteról og hjartaheilsu.**

á að halda en einnig er hægt að tryggja það með því að taka inn bætiefni. Jurtir og önnur náttúruefni hafa verið notuð í gegnum aldirnar til að bæta heilsu okkar og efla varnir líkamans og hafa mörg af þessum náttúruefnum verið rannsökuð og virkni þeirra staðfest.

Beta Glucan Immune support+ er dæmi um háþróuð bætiefni frá Natures Aid sem inniheldur afar öfluga blöndu af jurtum, vítamínum og steinefnum sem efla ónæmiskerfi líkamans og varnir okkur gegn sýkingum.

Beta glúkan er í aðalhlutverki í þessari ónæmisstyrkjandi blöndu en það er tegund af uppleysanlegum trefjum sem geta haft jákvæð áhrif á ónæmiskerfið og einnig á kólesteról og hjartaheilsu. Beta glúkan finnst meðal annars í heilkorni, höfrum, byggi og sumum sveppategundum eins og maitake- og reishi-sveppum.

Beta Glucan Immune support inniheldur einnig aðrar þekktar lækningajurtir eins og hvítlauk sem er þekktur fyrir að veita vörn gegn vírusum og ylli sem hefur öldum saman verið notaður til að styrkja ónæmiskerfið.

Önnur virk innihaldsefni eru til að mynda steinefnin selen og sink, ásamt A-, D-, og C-vítamínum sem öll eiga það sameiginlegt að vera mikilvæg fyrir varnir líkamans.

Fæst í apótekum, heilsubúðum og Hagkaupum.

# Meiri orka og minni streita

Adapt Energy Boost er sérstaklega hannað til að auka orku, bæta einbeitingu, draga úr þreytu og auka þol gegn streitu. Varan hefur hlotið frábærar undirtektir og er þegar mörgum ómissandi.

Ragnheiður Brynjólfsdóttir er þjónustufulltrúi hjá Hveragerðisbæ og hefur mikinn áhuga á mótorkross, líkamsrækt og útivist. Ragnheiður kynntist Adapt Energy Boost fyrir nokkrum mánuðum og segir ávinninginn hafa verið gríðarlegan.

„Ég heyrði af vörunni í gegnum samstarfskonu og langaði að prófa. Ég hef núna tekið Adapt Energy Boost í fjóra mánuði og finnst það ómissandi. Ég hef jafnari orku yfir daginn og líður almennt betur og á auðveldara með að vakna á morgnana. Ég kem meiru í verk og er full orku í vinnunni og til að stunda áhugamálin af krafti.“

Reynsla Ragnheiðar hefur verið svo árangursrík og heilsubætandi að hún er búin að smita út frá sér og er Adapt Energy Boost nú orðið órjúfanlegur hluti af heimilislífi hennar. „Við fjölskyldan tökum þetta öll. Sonur minn sem er þrettán ára tekur eina töflu í kringum Mótorkross-keppnir og þegar það er mikið æfingaálag.“



Ragnheiður Brynjólfsdóttir er hæstánægð og hefur meiri orku með Adapt Energy Boost. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



Margrét Jóna Bjarnadóttir segir Adapt Energy Boost einfaldlega virka 100%. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

### Heldur mér á floti

Margrét Jóna Bjarnadóttir starfar sem launafulltrúi hjá Hveragerðisbæ og kann best við sig á hreyfingu utandyra. „Ég hef mikinn áhuga á öllu sem við kemur golfi, göngum, skíðum og allri útiveru.“




Kynni hennar af Adapt Energy Boost voru fyrir hálfgerða tilviljun. „Ég rakst á þetta í apótekinu, ákvað að prófa og heillaðist strax.“

Margrét segir Adapt Energy Boost hafa haft veruleg áhrif á orku og einbeitingu sem hefur reynst henni vel í vinnu sem og utan vinnu. „Ég tek Adapt Energy Boost til að hafa orku í vinnudaginn og eftir hann allt það skemmtilega sem mig langar að gera. Ég fann mikinn mun á mér eftir fyrstu skiptin þar sem mér fannst einbeiting aukast til muna og úthald vera svo mikið meira.“

Þegar Margrét byrjaði að taka inn Adapt Energy Boost var hún búin að vera að upplifa orkuleysi. Munurinn hefur verið hreint út sagt ótrúlegur. „Ég fór að taka þetta á þeim tímapunkti sem ég hafði ekki næga orku í vinnudaginn og hvað þá eitthvert sport eftir vinnudaginn. Ég fann strax mikinn mun og þá sérstaklega á andlegu hliðinni, fannst einbeitingin mikið betri, fókusinn mikið skýrari og eins svaf ég mikið betur.“

**Ég kem meiru í verk og er full orku í vinnunni og til að stunda áhugamálin af krafti.**

Þá hefur Adapt Energy Boost gert Margréti kleift að takast enn betur á við streitu og álag. „Einnig finn ég mikinn mun á streitu, þetta slær á óþarfa streitufaktora.“

Eftir að hafa tekið pásu frá Adapt Energy Boost áttaði Margrét sig svo enn frekar á því hversu öflug varan er. „Um leið og ég tók frí frá þessu þá fann ég mjög fljótlega hvað einbeitingin fór út um gluggann. Ég tek þetta jafn reglulega þessa dagana og önnur vítamín.“

Margrét hvetur aðra til að prófa. „Ég get ekki hætt að mæla með þessum töflum í daglegu amstri, þær halda mér algjörlega á floti. Venjulega hef ég ekki verið ginnkeypt fyrir svona töflum en þessar virka 100%.“

Sjá nánar á raritet.is

**Útsölustaðir**
Apótekarinn, Apótek Suðurnesja, Apótek Vesturlands, Hafnarfjarðar apótek, Heilsuver, Lyf og heilsa, Lyfjaver, Lyfjaval, Lyfsalinn og Reykjanesapótek.

### Sérhæfð blanda byggð á áratuga rannsóknum

**Adapt Energy Boost** er sérhönnuð vara fyrir þá sem þurfa á auka orku að halda í dagsins önn og hjálpar til við að draga úr streitu, auka framtakssemi og koma jafnvægi á hugann. Hún inniheldur adaptogen jurtirnar burnirót, schisandra, síberíugínseng og að auki B-vítamín.
**Adaptogen** hafa ýmsa eiginleika, eins og að auka líkamlega og andlega orku og þrek, vinna gegn áhrifum svefnleysis, vernda heila og taugakerfi (sem meðal annars bætir minni og skynjun) og draga úr kvíða og streitu. Á meðan orkudrykkir og kaffi gefa tímabundna orku eru áhrifin af adaptogenum jafnari og þau auka árangur og vara lengur.
**Adapt Energy Boost** hjálpar til við að halda jafnvægi á kortisóli og stuðlar að betri svefni og minni þreytu. Langtíma ójafnvægi eða of hátt magn af kortisóli í blóði er óæskilegt og getur t.d. valdið þreytu, streitu og svefnleysi.
Klínískar rannsóknir benda sterklega til þess að Adapt Energy Boost geti hjálpað líkamanum með því að auka orku, bæta árangur og auka afköst í starfi, leik og íþróttum.

# Kvikmyndahátíð og hinsegin veruleiki

Alþjóðlega kvikmyndahátíðin RVK Feminist Film Festival (RVK FFF) verður haldin í annað sinn frá 14.-17. janúar 2021. Hátíðin verður í Bíó Paradís en einnig verða smærri viðburðir í miðborginni.

Jóhanna María Einarsdóttir
johannamaria@frettabladid.is



Skipuleggjendur RVK FFF eru kvikmyndaframleiðandinn María Lea Ævarsdóttir og listakonan Nara Walker. Hátíðin var haldin í fyrsta sinn í samstarfi við Reykjavíkurborg, Norræna húsið, nýsköpunarráðuneyti, Kvikmyndasafn Íslands, Goethe Institute, Nordic Film Focus og franska og japanska sendiráðið, í janúar á þessu ári og vakti mikla lukku. Þá voru sýndar myndir eftir kvenkyns leikstjóra og handritshöfunda, sem fjalla um reynsluheim kvenna, frá sjónarhorni sem karlmenn eiga oft erfiðara með að nálgast í raunheiminum.

„Kvikmyndabransinn er enn mjög karllægur og því þarf að breyta, en það er stór partur af því sem RVK FFF stendur fyrir. Femínismi er ekki barátta fárra, útvalinna, hvítra sís kvenna til að fá að vera til jafns við karla, heldur boðar hann umbyltingu í átt að jafnréttissamfélagi fyrir alla,“ segir Lea.

### Fjölbreyttir gestir

„Það var gaman að sjá hve vel hátíðin var sótt í janúar og fjölbreytni gesta. Konur hafa kynnst reynsluheimi karla í gegnum kvikmyndir og listir í gegnum tíðina og af hverju ætti reynsluheimur kvenna ekki að höfða eins til karla? Enda sýndi það sig að það nutu allir kvikmyndanna á hátíðinni, konur, karlar og allt þar á milli,“ segir Sólrún Freyja Sen, upplýsingafulltrúi RVK FFF.



Fyrr á árinu sótti fjölbreyttur hópur áhorfenda hátíðina. Markmiðið var að sýna reynsluheim kvenna. Í janúar verður áherslan á hinsegin veruleika.




**Konur hafa lengi kynnst reynsluheimi karla í gegnum kvikmyndir og listir. Hví ætti reynsluheimur kvenna ekki að höfða eins til karla?**

Sólrúnu eru sérstaklega minnisstæðar tvær kvikmyndir sem sýndar voru í fyrra. „Opnunarmyndin í fyrra var frábær. Myndin heitir Regular woman og er sögð frá sjónarhorni ungrar konu í Þýskalandi. Myndin fjallar um Hatun Sürücü sem er með tyrknesk-kúrdískar rætur og er að flýja heimilisofbeldi. Hún elskar lífið of mikið til að láta bræður sína og foreldra stjórna sér.



Sólrún Freyja Sen, upplýsingafulltrúi RVK Feminist Film Festival.

Önnur mynd sem ég man eftir hét Maria's Paradise. Sú fjallar um fræga konu, Mariu Åkerblom, í Finnlandi í byrjun 20. aldar sem átti að vera spámaður Jesú. Þessi kona myndaði sértrúarsöfnuð í kringum sig og var markmiðið að komast til Paradísarlandsins, en þau trúðu að heimsendir væri í nánd. Myndin er um samband Mariu við unga stúlku í söfnuðinum en þetta samband endar auðvitað með ósköpum þar sem Maria er snargeðveik.“

### LGBTQ+ í forgrunni

Á hátíðinni 2021 verður áhersla lögð á hinsegin málefni og hinsegin fólk í kvikmyndabransanum. Þá verða sýndar kvikmyndir tengdar hinsegin málefnum og fjölbreytt kvenhlutverk og karakterar sem skilgreina sig ekki út frá kyni og gefa áhorfendum tækifæri til að umbylta fyrirsjáanlegum kynjaviðmiðum. Aðalmarkmiðið er að vekja athygli á kvenleikstjórum og að auka sýnileika LGBTQ+ samfélagsins í kvikmyndabransanum, hérlendis og erlendis. Það verður gert í samstarfi við Trans Ísland og Samtökin '78. Stefnt er á að miðasala á hátíðina hefjist í nóvember.

### Skilafrestur í stuttmyndakeppnina Systir

Stuttmyndakeppnin Systir verður haldin á hátíðinni og eru veitt verðlaun fyrir fimm flokka: bestu tilraunakenndu myndina, bestu heimildarmyndina, bestu leiknu myndina, bestu animation myndina og bestu COVID-19 myndina en það eru myndir búnar til í heimsfaraldrinum. Handritshöfundurinn og kvikmyndagerðarkonan Gabrielle Kelly verður í dómarasætinu í þetta sinn. „Kelly er þekkt um allan heim fyrir sín störf og hefur unnið að gerð fjölda kvikmynda, meðal annars Deathtrap og Prince of the City,“ segir Sólrún.

„Við erum þegar byrjuð að taka við umsóknum í keppnina en fresturinn til þess að skila inn myndum í stuttmyndakeppnina er í allra síðasta lagi þann 20. desember. Það væri þó langbest, ef hægt er, að skila inn flestum umsóknum fyrir 20. nóvember. Við hvetjum allt kvikmyndagerðarfólk sem skilgreinir sig sem konur eða utan kynjakerfisins til þess að senda umsókn í keppnina.“


VERSLUN GUÐSTEINS ER
NÚ Á TVEIMUR STÖÐUM.
SEM FYRR Á LAUGAVEGI 34 OG
NÚ EINNIG Í ÁRMÚLA 11.
VERSLUN
GUÐSTEINS
SÍÐAN 1918
LAUGAVEGI 34 101 REYKJAVÍK SÍMI 551 4301
ÁRMÚLA 11 108 REYKJAVIK SÍMI 793 4300

# Galdraefni fyrir fjör og frískleika

## Steinþóra Þórisdóttir, rannsóknarfulltrúi í klínískum rannsóknum, stundar mikla hreyfingu því þá líður henni vel og hún brosir meira. Hún notar vítamín frá Gula miðanum fyrir orku og vellíðan.

Sófakartaflan ég er komin á fullt í hreyfingu; trúessekki! Frá því ég bókstaflega rúllaði út úr sófanum fyrir sjö árum og skakklappaðist út að hlaupa, rauðglóandi í framan eins og bavíani með astma, stíf, stirð og verkjuð, hef ég átt miklu betra líf, bæði andlega og líkamlega,“ segir Steinþóra Þórisdóttir, rannsóknarfulltrúi í klínískum rannsóknum.

Hún segir eðlilegt að „næstum því“ miðaldra skrokkurinn finni fyrir auknu álagi.

„Enda ekki vanur því að hann sé keyrður áfram í öllum þessum ævintýrum. Ég hef því aðeins þurft að spyrja mér fróðara fólk sitthvað um vítamín, steinefni og næringu. Hvað þarf „næstum því“ miðaldra skrokkur að setja ofan í sig til að geta haldið áfram þessu brölti því það kemur sko alls ekki til greina að minnka það eða hætta,“ segir Steinþóra, hressleikinn uppmálaður.



Steinþóra Þórisdóttir vinnur nú að verkefni í tengslum við COVID-19.

### Bætt liðheilsa og liðleiki

Steinþóra tekur inn Magnesíum frá Gula miðanum.

„Það er algjört undraefni og í mínum huga eiginlega galdraefni fyrir endurheimt eftir mikil átök. Magnesíum er steinefni sem sérhver fruma líkamans þarf á að halda, það er fjórða mikilvægasta steinefni líkamans og því gríðarlega þýðingarmikið fyrir almenna heilsu okkar,“ upplýsir Steinþóra sem notar magnesíum til að minnka líkur á að fá krampa í löngum hlaupum, auk þess sem það stuðlar að hraðari endurheimt orku eftir æfingar og tryggir betri svefn og hvíld.

Liðaktín Forte frá Gula miðanum er ný og kraftmikil blanda virkra efna sem vinna að bættri liðheilsu og liðleika.

„Þess vegna er Liðaktín Forte svona mikilvægt fyrir hlaupara og fólk sem er í hreyfingu þar sem álag á liðina er mikið. Blandan inniheldur glúkósamín, kondróitín, MSM, túrmerik og C-vítamín. Rannsóknir styðja að blanda glúkósamíns, kondróitíns og MSM geti dregið úr bólgum og þannig unnið gegn óþægindum og verkjum, sérstaklega í hnjám, mjöðmum og stífum liðum. Eins er blandan mögulega talin geta dregið úr frekara niðurbroti á brjóski í liðum,“ útskýrir Steinþóra.

> Magnesíum er algjört undraefni fyrir endurheimt eftir mikil átök. Það er steinefni sem sérhver fruma líkamans þarf á að halda; fjórða mikilvægasta steinefni líkamans og gríðarlega þýðingarmikið fyrir almenna heilsu okkar.

### Almenn og góð heilsubót

„D3-vítamín frá Gula miðanum er nauðsynlegt bætiefni fyrir okkur Íslendinga, þar sem við náum ekki að vinna það úr sólarljósinu nema stuttan tíma á ári. D-vítamín er nauðsyn fyrir eðlilega beinþéttni, ónæmiskerfið, blóðsykurs- og þyngdarstjórnun, taugakerfið, lundina og verkjastjórnun,“ segir Steinþóra sem tekur inn D3-vítamín sem og B-vítamín frá Gula miðanum.

„B-vítamín fyrir fjör og frískleika! Það er eitthvað fyrir mig. Ég hreyfi mig ekki til að grenna mig; ég hreyfi mig til að líða betur, ég hreyfi mig af því það er svo gaman, af því þá brosi ég meira, af því þá líður mér betur og af því að þá get ég haldið áfram að borða það sem mig langar í. Það skrýtna er að allt í einu, eftir að hafa verið að hreyfa mig rosalega mikið, fór mig líka að langa miklu meira í mat sem er betri fyrir mig.“

Steinþóra tekur líka inn Omega3 frá Gula miðanum.

„Omega3 er gott fyrir liðina en í bónus er það einnig gott fyrir húðina, hormónakerfið, hjartað, æðakerfið og geðheilsuna. Omega3 stuðlar að góðu andlegu jafnvægi og hjálpar til við að halda liðunum mjúkum. Omega3 fitusýrur er mikilvægar hverri frumu líkamans.“




Steinþóra tekur meðal annars inn þessi gæðavítamín frá Gula miðanum.

Nánar um vítamín og steinefni frá Gula miðanum á gulimidinn.is

# Erfiðast að geta ekki borðað Þrist

## Laugardagur er nammidagur en margir vilja spara við sig kolvetnarík sætindi. Þar hefur borgneski bakarinn Bjarni Ívar Waage uppfyllt sætinda- og bakstursþörf landsmanna með ketósætindum.

Þórdís Lilja Gunnarsdóttir
thordisg@frettabladid.is



Ég kynntist ketó-mataræði fyrir alvöru í gegnum kærustuna mína. Um síðustu áramót fannst mér tími til kominn að taka mig aðeins á eftir að hafa þyngst og fór þá á fullt að stúdera mataræðið,“ segir Bjarni Ívar Waage, 38 ára borgneskur bakari og þriggja barna faðir, sem hefur frá því í sumar glatt ketósinnaða landsmenn með gómsætum ketó brauðbakstri og sætabrauði.

Bjarni segir ýmislegt hægt að gera til að svala nammidagsþörfinni um helgar, án þess að úða í sig kolvetnum í mat, drykk og sætindum.

„Það er alltaf hægt að baka eitthvað gómsætt heima og svo er komið mikið úrval af ketóvænum vörum í búðir sem er freistandi að kippa með sér heim á nammidegi,“ segir Bjarni sem gefur lesendum uppskrift af ómótstæðilegri ketópekanbökumús til að maula í helgarfríinu.

„Það er í raun leikur einn að tileinka sér ketó-mataræði því það er bæði ákaflega fjölbreytt og til ógrynni af upplýsingum um það. Mér gekk strax vel að fara eftir því en finnst en einna erfiðast að geta ekki lengur borðað Þrist,“ segir Bjarni og hlær.

Áhrif ketó-mataræðisins létu ekki á sér standa hjá Bjarna.

„Fyrir það fyrsta er ég orkumeiri, mér líður almennt betur á líkama og sál, og þar að auki hafa nokkur aukakíló fengið að fjúka.“




Bjarni ákvað að prófa ketómataræði þegar honum fannst hann orðinn of þungur um síðustu áramót. Í kjölfarið uppskar hann vellíðan á líkama og sál, meiri orku og er nú kílóum léttari. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



Bjarni segir einfalt að gera vel við sig á nammidögum með ketó útfærslum á sætindum og eftirréttum. Hann gefur lesendum uppskrift að ljúffengri ketó pekanpæmús.

### Vantaði hollara bakkelsi

Í ágúst vatt Bjarni kvæði sínu í kross og opnaði Ketó kompaníið í Hagkaup, Skeifunni, í félagi með öðrum.

„Mér fannst sárlega vanta sykur-, hveiti- og glútenlausar vörur og bakkelsi sem hægt væri að grípa með sér út úr búð sem hollari valkost,“ segir Bjarni sem bakar dýrindis beyglur, hrökkbrauð, múslí, rúnstykki, bollakökur, brúnkubita, hnetustykki, smákökur og vöfflur og útbýr nokkrar tegundir af ís.

> Mér fannst sárlega vanta sykur-, hveiti- og glútenlaust bakkelsi til að grípa með sem hollari valkost.

„Vinsælustu vörurnar eru múslí, beyglur og hrökkbrauð, en af kökunum eru það hnetustykkin. Viðtökurnar fóru strax fram úr björtustu vonum og við erum nú í öllum Hagkaupsverslunum á höfuðborgarsvæðinu,“ upplýsir Bjarni.

Fram undan er áframhaldandi vöruþróun og á næstu dögum bætast við ostatertur og ný ístegund.

„Að sjálfsögðu verðum við með sitthvað spennandi og sykurlaust fyrir jólin og við stefnum á að opna í Hagkaup á Akureyri áður en langt um líður.“

### Ketó pekanpie mousse

fyrir 2

**2 msk. múslí frá Ketó kompaníinu**
**80 g rjómi**
**60 g mascarpone-ostur**
**½ tsk. vanilludropar**
**20 g Sukrin Gold sæta**
**30 g saxaðar pekanhnetur**

Setjið múslí í botn á glasi. Setjið því næst allt hráefnið í skál og þeytið saman. Ristið pekanhnetur á pönnu með Sukrin Gold sírópi, kælið og stráið yfir til skrauts.

## Sérfræðingur í ráðningum

intellecta
Ráðgjöf • Ráðningar • Rannsóknir

Vegna aukinna umsvifa í verkefnum á sviði ráðninga í sérfræði- og stjórnunarstörf óskar Intellecta eftir að fjölga ráðgjöfum. Við leitum að vel tengdum, sjálfstæðum og árangursdrifnum einstaklingi sem getur greint þarfir viðskiptavina og stuðlað að vönduðum og árangursríkum ráðningum.

Ráðgjafar Intellecta aðstoða fjölda fyrirtækja og stofnana við að finna og velja rétta starfsfólkið.

**Við leitum að aðila sem...**

- Hefur háskólamenntun á sviði félagsvísinda eða viðskipta
- Hefur reynslu af ráðningum
- Er söludrifinn og vel tengdur
- Hefur gott auga fyrir nýjum tækifærum

**Og hefur einnig...**

- Ríka þjónustulund
- Afburða skipulagshæfileika og getu til að vinna undir álagi
- Framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum
- Gagnrýna hugsun
- Getu til að vinna sjálfstætt

**Um Intellecta:**

Intellecta var stofnað árið 2000 og fagnaði því 20 ára afmæli á árinu. Fyrirtækið hefur frá þeim tíma unnið með stjórnum og æðstu stjórnendum við að bæta rekstur og auka verðmæti fyrirtækja og stofnana. Ráðgjafar Intellecta hafa sterkan faglegan bakgrunn og víðtæka alþjóðlega reynslu. Þennan grunn notum við í samvinnu við viðskiptavini til að móta hugmyndir sem skipta máli og þróa og innleiða lausnir sem skila árangri. Nánari upplýsingar um fyrirtækið má finna á www.intellecta.is

**Umsókn óskast fyllt út á www.intellecta.is. Umsóknarfrestur er til og með 19. október 2020. Umsókn þarf að fylgja starfsferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir hæfni umsækjanda sem nýtist í starfi. Öllum umsóknum verður svarað að ráðningu lokinni. Nánari upplýsingar veita Þórður S. Óskarsson (thordur@intellecta.is), Thelma Kristín Kvaran (thelma@intellecta.is) og Torfi Markússon (torfi@intellecta.is) í síma 511 1225.**



## Leiðtogi á fjármálasvið!

Vodafone og Stöð 2 leitar að metnaðarfullum aðila til að slást í öflugan hóp sérfræðinga á fjármálasviði. Viðkomandi mun leiða teymi sem er ábyrgt fyrir fjármálagreiningum og áætlunargerð fyrirtækisins. Viðkomandi mun vinna náið með stjórnendum innan félagsins.
Ef þú ert vel tæknilæs, með mikinn áhuga á greiningum og lausnarmiðaður leiðtogi þá hvetjum við þig til að sækja um starfið. Við leitum sérstaklega að umsækjendum með mikið frumkvæði sem vilja stuðla að stöðugum umbótum.

**Helstu verkefni:**

- Greining fjárhagsupplýsinga
- Áætlanagerð
- Upplýsingagjöf og skýrslugerð fyrir stjórn og stjórnendur félagsins
- Fjárfestakynningar
- Arðsemisútreikningar
- Verðmatsgreiningar
- Þátttaka í öðrum tilfallandi rekstrartengdum verkefnum

**Hæfniskröfur:**

- Háskólamenntun á sviði viðskiptafræði, rekstrarverkfræði eða sambærileg menntun
- Umtalsverð reynsla af greiningum, verðmati, framsetningu greiningarefnis og áætlungerð
- Reynsla af Beyond budgeting og rolling forcast skilyrði
- Reynsla af Tableau skýrslugerðartólinu, Kepion áætlanakerfinu og Navision er kostur
- Góð greiningarhæfni, nákvæmni og skipulögð vinnubrögð
- Frumkvæði og sjálfstæði í starfi

**Áhugasamir eru hvattir til að leggja inn umsókn í gegnum ráðningavefinn okkar (radningar.syn.is). Umsóknarfrestur er til og með 11. október nk. Í anda jafnréttisstefnu Vodafone og Stöðvar 2 hvetjum við konur jafnt sem karla til að sækja um starfið.**

**Nánari upplýsingar veitir Drífa Hrönn Stefánsdóttir (drifahs@vodafone.is).**

vodafone



# Skrifstofustjóri IASC

Rannís óskar eftir að að ráða skrifstofustjóra í 50% starf hjá Alþjóðlegu norðurskautsvísindanefndinni (IASC) sem hýst er á skrifstofu Rannís í Háskólanum á Akureyri. Næsti yfirmaður er framkvæmdastjóri IASC. Starfið felur í sér umsjón með skrifstofu og fjármálum IASC, stuðning við framkvæmdanefnd og starfshópa IASC ásamt öðrum verkefnum í umboði framkvæmdastjóra.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Háskólapróf sem nýtist í starfi
- Reynsla af stjórnun verkefna og fjármála ásamt traustri bókhaldskunnáttu (þekking á DK bókhaldskerfinu er kostur)
- Reynsla af alþjóðlegu samstarfi
- Mjög góð tölvufærni (Office forrit eða sambærileg)
- Fyrirtaks kunnátta í ensku, bæði tal- og ritmáli
- Framúrskarandi samskiptahæfni og skipulagshæfileikar
- Metnaður til að ná árangri í starfi með því að sýna sjálfstæð og vönduð vinnubrögð, frumkvæði og veita góða þjónustu
- Haldgóður skilningur á málefnum sem tengjast norðurslóðum er kostur

**Upplýsingar um starfið** veitir Gerlis Fugmann, framkvæmdastjóri IASC, í netfangi: gerlis.fugmann@iasc.info.

**Umsóknarfrestur er til og með 16. október 2020.**

**Sækja skal um á vefsíðu Rannís:** www.rannis.is/starfsemi/laus-storf/ og þar er einnig að finna nánari upplýsingar. Umsóknin skal vera á ensku.

rannís
Borgartúni 30, 105 Reykjavík, sími 515 5800, rannis@rannis.is
**www.rannis.is**

# LAUS STÖRF
## HJÁ HAFNARFJARÐARBÆ

**Fjölskyldu- og barnamálasvið**
- Félagsliði
- Stuðningsfjölskyldur

**Grunnskólar**
- Safnstjóri skólasafns - Lækjarskóli
- Skóla- og frístundaliði - Engidalsskóli
- Skóla- og frístundaliði (40-50%) - Skarðshlíðarskóli

**Leikskólar**
- Deildarstjóri - Álfasteinn
- Leikskólasérkennari - Stekkjarás
- Leikskólakennarar - Norðurberg
- Leikskólakennari - Hamravellir
- Leikskólakennari - Víðivellir
- Leikskólakennari - Skarðshlíðarleikskóli
- Þroskaþjálfi - Stekkjarás

**Málefni fatlaðs fólks**
- Þroskaþjálfi - Erluás
- Starfsmaður á hæfingastöð - Bæjarhrauni

**Þjónustu- og þróunarsvið**
- Bókavörður - Bókasafn Hafnarfjarðar

*Vakin er athygli á stefnu Hafnarfjarðarbæjar að jafna hlutfall kynjanna í störfum hjá bænum og að vinnustaðir bæjarins endurspegli fjölbreytileika samfélagsins.*

Nánar á **hafnarfjordur.is**



HAFNARFJÖRÐUR 585 5500 **hafnarfjordur.is**

# ÁHÆTTUSTJÓRI SEÐLABANKA ÍSLANDS

SEÐLABANKI ÍSLANDS

Seðlabanki Íslands er sjálfstæð stofnun í eigu ríkisins sem heyrir undir forsætisráðherra. Markmið bankans er að stuðla að stöðugu verðlagi, fjármálastöðugleika og traustri og öruggri fjármálastarfsemi. Þá skal bankinn sinna viðfangsefnum sem samrýmast hlutverki hans sem seðlabanka, svo sem að varðveita gjaldeyrisforða og stuðla að virku og öruggu fjármálakerfi. Hjá Seðlabankanum starfar öflug liðsheild og leggur bankinn ríka áherslu á metnaðarfullt og hvetjandi starfsumhverfi sem einkennist af trausti, fagmennsku, þekkingu og framsækni.

Um er að ræða 100% starfshlutfall með starfsstöð í Reykjavík. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

Með umsókn um störfin þarf að fylgja ferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og hæfni viðkomandi til að gegna starfinu rökstudd.

Við ráðningar í störf hjá Seðlabanka Íslands er tekið mið af jafnréttisstefnu og jafnréttisáætlun bankans. Laun greiðast samkvæmt kjarasamningi samtaka starfsmanna fjármálafyrirtækja. Umsóknir gilda í sex mánuði og öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

Vakin er athygli umsækjenda á því að um ráðningarferlið gilda m.a. stjórnsýslulög nr. 37/1993, upplýsingalög nr. 140/2012 og lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins nr. 70/1996.

Seðlabanki Íslands óskar eftir að ráða metnaðarfullan leiðtoga í starf áhættustjóra á skrifstofu bankastjóra. Áhættustjóri leiðir deild áhættustýringar innan bankans.

Verkefni áhættustýringar er yfirsýn yfir helstu áhættur í starfsemi bankans, áhættuvilja og áhættumörk. Starfsemin felur í sér framkvæmd áhættumats og greiningar fyrir yfirstjórn bankans ásamt því að setja mörk fyrir helstu áhættur og eftirlit með því að þau séu virt. Deildin ber ábyrgð á mælingu á áhættu bankans og eftirliti með henni og gerð reglulegra skýrslna, í samráði við framkvæmdastjóra skrifstofu bankastjóra, til seðlabankastjóra og öryggisráðs um áhættu bankans.

**Helstu verkefni:**
- Ber ábyrgð á uppbyggingu, framkvæmd og starfsemi áhættustýringar bankans
- Mótun áhættustýringarstefnu
- Yfirsýn yfir og eftirlit með rekstrar- og fjárhagsáhættu bankans
- Ábyrgð á framkvæmd áhættumats og greininga fyrir yfirstjórn bankans
- Ábyrgð á gæðastefnu og öryggisstefnu bankans
- Byggir upp sterka liðsheild sérfræðinga
- Tekur þátt í alþjóðlegu samstarfi á sviði áhættustýringar

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Háskólapróf á sviði verkfræði, viðskiptafræði, tölfræði eða sambærilegra greina
- Sterkir leiðtogahæfileikar og umfangsmikil stjórnunarreynsla á sviði áhættustýringar
- Víðtæk reynsla og þekking á fjármálakerfinu og fjármálamörkuðum
- Yfirgripsmikil þekking á sviði áhættustýringar
- Metnaður til að setja á fót og sinna daglegri starfsemi áhættustýringar bankans
- Reynsla og þekking af opinberri stjórnsýslu er kostur
- Gott vald á íslensku og ensku og færni til að tjá sig í ræðu og riti
- Færni í mannlegum samskiptum og árangursríkri teymisvinnu
- Frumkvæði, drifkraftur og metnaður til að ná árangri í starfi

Umsóknarfrestur er til **13. október nk.**
Umsóknir óskast fylltar út á **hagvangur.is**

Nánari upplýsingar veita: Íris Guðrún Ragnarsdóttir, framkvæmdastjóri mannauðs, **iris.g.ragnarsdottir@sedlabanki.is** og Katrín S. Óladóttir, **katrin@hagvangur.is**

HAGVANGUR

# FRAMKVÆMDASTJÓRI

Útfararstofan er sjálfstætt starfandi fyrirtæki í eigu Kirkjugarða Reykjavíkurprófastsdæma. Upplýsingar um Útfararstofuna má finna á heimasíðunni **www.utfor.is**

Útfararstofa Kirkjugarðanna ehf. óskar eftir að ráða framkvæmdastjóra til starfa. Hlutverk framkvæmdastjóra er að stjórna daglegum rekstri fyrirtækisins.

- Leitað er að einstaklingi með góða þjónustulund, sem á auðvelt með að umgangast fólk og tjá sig í ræðu og riti.
- Umsækjandi þarf að hafa reynslu af fyrirtækjarekstri, mannaforráðum og markaðssetningu og hafa menntun sem nýtist í starfinu.
- Almenn tölvu- og enskukunnátta er nauðsynleg og þekking á einu Norðurlandatungumáli er æskileg.

Umsóknarfrestur er til **13. október nk.**
Umsóknir óskast fylltar út á **hagvangur.is**

Óskað er eftir að umsókninni fylgi starfsferilskrá og kynningarbréf.

HAGVANGUR



# FRAMKVÆMDASTJÓRI SKRIFSTOFU BANKASTJÓRA

Seðlabanki Íslands er sjálfstæð stofnun í eigu ríkisins sem heyrir undir forsætisráðherra. Markmið bankans er að stuðla að stöðugu verðlagi, fjármálastöðugleika og traustri og öruggri fjármálastarfsemi. Þá skal bankinn sinna viðfangsefnum sem samrýmast hlutverki hans sem seðlabanka, svo sem að varðveita gjaldeyrisforða og stuðla að virku og öruggu fjármálakerfi. Hjá Seðlabankanum starfar öflug liðsheild og leggur bankinn ríka áherslu á metnaðarfullt og hvetjandi starfsumhverfi sem einkennist af trausti, fagmennsku, þekkingu og framsækni.

Um er að ræða 100% starfshlutfall með starfsstöð í Reykjavík. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

Með umsókn um störfin þarf að fylgja ferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og hæfni viðkomandi til að gegna starfinu rökstudd.

Við ráðningar í störf hjá Seðlabanka Íslands er tekið mið af jafnréttisstefnu og jafnréttisáætlun bankans. Laun greiðast samkvæmt kjarasamningi samtaka starfsmanna fjármálafyrirtækja. Umsóknir gilda í sex mánuði og öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

Vakin er athygli umsækjenda á því að um ráðningarferlið gilda m.a. stjórnsýslulög nr. 37/1993, upplýsingalög nr. 140/2012 og lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins nr. 70/1996.

Seðlabanki Íslands óskar eftir að ráða traustan leiðtoga í starf framkvæmdastjóra skrifstofu bankastjóra. Viðkomandi heyrir undir seðlabankastjóra.

Skrifstofa bankastjóra hefur miðlæga yfirsýn yfir málefni, rekstur og starfsemi bankans, styður við störf bankaráðs og nefnda bankans auk seðlabankastjóra og varaseðlabankastjóra. Skrifstofan er leiðandi í stefnumótun bankans og samhæfir starfsemi og upplýsingamiðlun bankans ásamt því að hafa yfirsýn yfir stöðu og þróun peningastefnu, fjármálastöðugleika og fjármálaeftirlits. Skrifstofa bankastjóra ber ábyrgð á þjónustu við seðlabankastjóra, varaseðlabankastjóra, peningastefnunefnd, fjármálastöðugleikanefnd, fjármálaeftirlitsnefnd og bankaráð. Skrifstofan ber jafnframt ábyrgð á stjórnsýslu bankans, reglusetningu, samningagerð og lögfræðistörfum sem ekki eru unnin á öðrum sviðum bankans. Þá ber hún ábyrgð á alþjóðasamskiptum bankans, ytri upplýsingamiðlun, áhættustýringu, regluvörslu og persónuvernd.

**Helstu verkefni:**
- Stýrir og leiðir starfsemi sviðs skrifstofu bankastjóra
- Mótar stefnu og framtíðarsýn hvað varðar verkefni sviðsins í samræmi við stefnu og markmið bankans
- Ber ábyrgð á uppbyggingu og þróun verkefna skrifstofu bankastjóra
- Hefur yfirsýn yfir starfsemi og verkefni Seðlabankans og ber ábyrgð á að framfylgja stefnumótun bankans
- Ber ábyrgð á þjónustu og ráðgjöf við bankaráð, seðlabankastjóra, varaseðlabankastjóra, peningastefnunefnd, fjármálastöðugleikanefnd og fjármálaeftirlitsnefnd
- Ber ábyrgð á aðstoð við undirbúning vinnu, sem varaseðlabankastjórar leiða hver á sínu sviði, fyrir peningastefnunefnd, fjármálastöðugleikanefnd og fjármálaeftirlitsnefnd og fer með rýni á viðurlagamálum bankans
- Ber ábyrgð á framkvæmd og eftirfylgni ákvarðana seðlabankastjóra
- Ber ábyrgð á samræmingu upplýsingamiðlunar frá skrifstofunni til annarra sviða bankans og tryggir upplýsingaflæði til seðlabankastjóra, varaseðlabankastjóra og framkvæmdastjóra bankans
- Ber ábyrgð á samstarfi bankans við aðra seðlabanka og öðru alþjóðlegu samstarfi
- Byggir upp sterka liðsheild stjórnenda og sérfræðinga á sviðinu
- Tryggir traust samstarf við önnur svið með áherslu á að þekkja vel þeirra starfsemi, þarfir og áskoranir

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Háskólapróf í lögfræði
- Reynsla af stefnumótun og innleiðingu breytinga
- Sterkir leiðtogahæfileikar og stjórnunarreynsla
- Góð þekking og reynsla af opinberri stjórnsýslu og meðferð stjórnsýslumála, þar á meðal viðurlagamála
- Góð þekking á laga- og regluumhverfi Seðlabankans
- Góð þekking á fjármálakerfinu
- Góð þekking á fjármunarétti
- Gott vald á íslensku og ensku og færni til að tjá sig í ræðu og riti
- Færni í mannlegum samskiptum og árangursríkri teymisvinnu
- Frumkvæði, drifkraftur og metnaður til að ná árangri í starfi

Umsóknarfrestur er til **13. október nk.**
Umsóknir óskast fylltar út á **hagvangur.is**

Nánari upplýsingar veita: Íris Guðrún Ragnarsdóttir, framkvæmdastjóri mannauðs, **iris.g.ragnarsdottir@sedlabanki.is** og Katrín S. Óladóttir, **katrin@hagvangur.is**

HAGVANGUR

## Fasteignamarkaðurinn ehf. - lögg. fasteignasali

FASTEIGNA MARKAÐURINN ehf.
Óðinsgötu 4, 101 Reykjavík
Sími 570 4500 • fastmark@fastmark.is • www.fastmark.is
Jón Guðmundsson lögg. fasteignasali
Guðmundur Th. Jónsson lögg. fasteignasali

2014 2018 Framúrskarandi fyrirtæki

Fasteignamarkaðurinn ehf., sem er ein elsta og rótgrónasta fasteignasala landsins, óskar eftir að ráða til starfa löggiltan fasteignasala til að sinna sölu fasteigna og ýmsu öðru er viðkemur daglegum rekstri fasteignasölu. Æskilegt er að viðkomandi hafi reynslu af sölu fasteigna.

Föst góð laun í boði fyrir réttan aðila auk mögulegrar árangurstengingar.

**Umsóknir ásamt upplýsingum um menntun og fyrri störf umsækjenda berist á netfangið: gtj@fastmark.is
Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál.**

## Starfsmaður á smurstöð

### Óskum eftir að ráða vanan mann á smurstöð og dekkjaverkstæði

Sjálfstæð vinnubrögð og hæfni í mannlegum samskiptum eru kostir sem við kunnum að meta.

Umsóknum skal skila á fusionx@simnet.is fyrir 6. okt.



Smurstöðin KLÖPP

## Framkvæmdastjóri stjórnsýslu- og þróunarsviðs



**Samgöngustofa auglýsir lausa til umsóknar stöðu framkvæmdastjóra stjórnsýslu- og þróunarsviðs.** Framkvæmdastjóri ber ábyrgð á starfsemi sviðsins gagnvart forstjóra og situr í framkvæmdastjórn Samgöngustofu. Stjórnsýslu- og þróunarsvið samanstendur af lögfræðideild, náms- og skírteinadeild, öryggis- og fræðsludeild og alþjóða- og farþegamálum. Fagmálefni sviðsins eru stjórnsýsla samgöngumála þvert á flug, umferð og siglingar, samhæfing alþjóðlegra samskipta, þar með talið ýmis gagnaskil, samgönguáætlun og tilheyrandi öryggisáætlanir, nám og skírteini einstaklinga, heilbrigðismál, lögskráningar sjófarenda, neytendamál, umhverfismál, rannsóknir og þróun o.fl. Starfshlutfall er 100%.

**Umsóknarfrestur er til 12. okt. 2020**

Hægt er að sækja um starfið rafrænt á **samgongustofa.is/storf**

**Upplýsingar** um Samgöngustofu má finna á **samgongustofa.is**

### Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi, gerð er krafa um BS eða BA gráðu. Æskilegt er að umsækjandi sé með meistaragráðu eða hafi lokið framhaldsnámi.
- Mikil reynsla af opinberri stjórnsýslu og/eða úr atvinnulífinu.
- Góð þekking og reynsla af samgöngumálefnum og alþjóðlegu samstarfi.
- Reynsla og þekking á stefnumótun og áætlunargerð.
- Leiðtogahæfni og haldgóð stjórnunarreynsla.
- Mikil hæfni í mannlegum samskiptum.
- Mjög góð kunnátta í íslensku og ensku í ræðu og riti, þekking á norðurlandamáli er kostur.
- Vilji og áhugi á þróun stjórnsýslu og þjónustu, samvinnu og samþættingu.

Í boði er spennandi starf hjá metnaðarfullri stofnun í alþjóðlegu umhverfi. Við bjóðum upp á góða starfsaðstöðu og frábæra vinnufélaga.

Ármúli 2 | 108 Reykjavík | Sími 480 6000

Samgöngustofa

ÞJÓÐMINJASAFN ÍSLANDS

## Þjóðminjasafn Íslands leitar af öflugum stjórnanda

**Sviðsstjóri kjarnasviðs hjá Þjóðminjasafni Íslands**

Þjóðminjasafn Íslands auglýsir laust til umsóknar starf sviðsstjóra kjarnasviðs muna og minja. Leitað er að öflugum stjórnanda til þess að leiða faglegt starf kjarnasviðs Þjóðminjasafns Íslands þar sem reynir á samskiptahæfni, frumkvæði, stjórnun verkefna og forystuhæfileika. Á kjarnasviði er unnið að faglegu safnastarfi og þjóðminjavörslu þ.e. varðveislu, rannsóknum og miðlun þjóðminja og safnkosts. Kjarnasvið endurspeglar lögbundið hlutverk Þjóðminjasafns Íslands.

**Helstu verkefni og ábyrgð**
Sviðsstjóri stýrir faglegu starfi kjarnasviðs og er ábyrgur gagnvart þjóðminjaverði. Sviðsstjóri ber ábyrgð á að starfsemi sviðsins sé í samræmi við heildarmarkmið og áherslur stofnunarinnar almennt.

**Menntunar og hæfniskröfur**
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi, meistaragráða skilyrði.
- Þekking og reynsla af stjórnunarstörfum skilyrði.
- Þekking og reynsla á fagsviði safnastarfs æskileg.
- Reynsla af verkefnastjórnun æskileg.
- Reynsla af gæðamálum æskileg.
- Þekking og reynsla á sviði opinberrar stjórnsýslu æskileg.
- Leiðtogafærni, lipurð í mannlegum samskiptum og jákvætt viðmót.
- Góð almenn tölvukunnátta.
- Frumkvæði og sjálfstæði í starfi og öguð vinnubrögð.
- Gott vald á framsetningu efnis í töluðu og rituðu máli á íslensku og ensku. Kunnátta í Norðurlandamáli er kostur.

**Umsóknarfrestur er til og með 12. október 2020.**
Sótt er um starfið á heimasíðu Þjóðminjasafns Íslands. Nánari upplýsingar um starfið veita: Hildur Halldórsdóttir mannauðsstjóri, hildur@thjodminjasafn.is, sími: 864-6186 og Margrét Hallgrímsdóttir þjóðminjavörður, margret@thjodminjasafn.is, sími: 861-2200.

*Þjóðminjasafn Íslands er höfuðsafn á sviði menningarminja og starfar á grundvelli laga nr. 140/2011, safnalaga nr. 141/2011 og laga um menningarminjar nr. 80/2012. Þjóðminjasafn Íslands starfar í almannaþágu og er hlutverk þess að stuðla sem best að varðveislu menningarminja á landsvísu, þekkingarsköpun og fjölbreyttri fræðslu um menningarsögu Íslands.*

Sterk tengsl
í íslensku atvinnulífi

hagvangur.is



HAGVANGUR

# METNAÐUR OG BJARTSÝNI AÐ LEIÐARLJÓSI

## STAFRÆNN LEIÐTOGI

**LSR leitar að öflugum leiðtoga til að leiða nýtt svið sjóðsins, Stafræn þróun og rekstur. Stafrænn leiðtogi ber ábyrgð á innleiðingu stafrænna lausna í starfsemi sjóðsins, allri innri þjónustu og innheimtu iðgjalda. Viðkomandi verður hluti af stjórnendateymi sjóðsins og mun vinna þvert á önnur svið.**

### Hlutverk, ábyrgð og helstu verkefni

- Daglegur rekstur sviðsins
- Móta markmið, áherslur og forgangsröðun verkefna í stafrænni vegferð í samvinnu við önnur svið
- Ábyrgð á að þróa og innleiða sjálfvirkar lausnir í samvinnu við önnur svið og ytri aðila
- Ábyrgð á innri þjónustu sjóðsins og öðrum almennum rekstri

### Menntunar- og hæfniskröfur

- Viðeigandi framhaldsmenntun á háskólastigi, s.s. tölvunarfræði eða verkfræði
- Víðtæk þekking og reynsla af upplýsingatækni, verkefnastjórnun og innleiðingu stafrænna lausna
- Haldgóð stjórnunarreynsla með mannaforráð
- Framúrskarandi samstarfs- og samskiptahæfileikar, metnaður og heilindi
- Brennandi áhugi á stafrænni þróun og rekstri
- Hæfni til að miðla efni til starfsmanna og ytri aðila
- Metnaður til að ná árangri og hæfni til að tileinka sér nýjungar og breytingar
- Frumkvæði og sjálfstæði í starfi og öguð vinnubrögð

## SAMSKIPTAFULLTRÚI

**LSR leitar að metnaðarfullum samskiptafulltrúa með mikla reynslu í textagerð og framsetningu upplýsinga á hnitmiðaðan og notendavænan hátt. Viðkomandi mun starfa á sviði stafrænnar þróunar og rekstrar og vinna þvert á önnur svið sjóðsins. Starfið er liður í stafrænni vegferð sjóðsins og aukinni þjónustu við sjóðfélaga og aðra viðskiptavini.**

### Hlutverk, ábyrgð og helstu verkefni

- Meta og greina þarfir fyrir upplýsingar og fræðslu
- Þátttaka í innleiðingu lausna til að mæta þörfum sjóðfélaga og annarra viðskiptavina
- Tryggja að framsetning efnis á vefsvæði og kynningarefni sé sett fram á notendavænan hátt
- Ráðgjöf til framkvæmdastjóra um samskipti við ytri aðila, s.s. fjölmiðla og aðra hlutaðeigandi aðila
- Umsjón með textaskrifum á vefsvæði, í fræðsluefni og öðru útgefnu efni

### Menntunar- og hæfniskröfur

- Framhaldsmenntun á háskólastigi sem nýtist í starfi
- Framúrskarandi íslenskukunnátta í ræðu og riti og góð enskukunnátta
- Framúrskarandi samstarfs- og samskiptahæfileikar, metnaður og heilindi
- Hæfni til að miðla efni til starfsmanna og ytri aðila
- Haldgóð reynsla af textaskrifum
- Reynsla af almannatengslum eða fjölmiðlum er kostur
- Haldbær þekking á upplýsingatækni
- Frumkvæði, nákvæmni og sjálfstæði í starfi
- Góð greiningarhæfni

**Upplýsingar veitir Katrín S. Óladóttir, framkvæmdastjóri Hagvangs, katrin@hagvangur.is.**

**Umsóknir óskast fylltar út á www.hagvangur.is.**

**Umsóknarfrestur er til og með 14. október nk.**

Með umsókn skal fylgja ferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og hæfni viðkomandi til að gegna starfinu rökstudd.

LSR er stærsti og elsti lífeyrissjóður landsins. Við erum hópur fólks sem hefur það mikla reynslu og þekkingu að við vitum að það þarf brennandi áhuga og metnað til að stýra öflugum lífeyrissjóði í örum breytingum nútímans og til framtíðar.

LSR
Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins



# Verkefnastjórar óskast

Eykt ehf. leitar eftir reyndum verkefnastjórum til að stjórna framkvæmdum á vegum félagsins. Verkefnastjóri er hluti af stjórnendateymi Eyktar.

**Helstu verkefni:**

- Samningagerð við undirverktaka og birgja og stjórn innkaupa vegna þeirra verka sem hann stjórnar
- Gerð og eftirfylgni verk- og kostnaðaráætlana
- Reikningagerð og uppgjör verka
- Tilboðsgerð

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- Byggingaverkfræðingur/byggingatæknifræðingur/byggingafræðingur
- Hæfni í notkun helstu stjórntækja við áætlanagerð
- Samstarfsfærni innan fyrirtækis og útávið

**Eykt ehf.** / Stórhöfða 34–40 / 110 Reykjavík / Sími 595 4400 / eykt.is

**Hlutverk Eyktar er að byggja vönduð mannvirki sem umgjörð um daglegt líf og atvinnurekstur.**

„Það er akkúrat núna, þegar við erum svo skiljanlega upptekin af COVID og hvað við ætlum að gera til skamms tíma, sem við verðum að vera að hugsa langt fram í tímann," segir Hrund og Katrín tekur undir.

„Það skiptir gríðarlega miklu máli að stjórnvöld leiði áfram þessa þróun í að berjast gegn loftslagsbreytingum. En ef hún á að vera nægilega hröð til að við náum einhverjum árangri, þá þurfa fjármagnið og atvinnulífið að taka þátt í þessari umbreytingu," segir Katrín.



Hrund Gunnsteinsdóttir, framkvæmdastjóri Festu og Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

### Mál Eimskips undirstrikar nauðsyn viljayfirlýsingarinnar

Daginn áður en ríkisstjórn og fjármagnseigendur skrifuðu undir viljayfirlýsinguna, birtust fréttir um að Eimskip hefði losað sig við tvö af stærstu gámaskipum sínum með umdeildum hætti, en þau voru rifin í skipakirkjugarði á Indlandi, við aðstæður sem eru óviðunandi fyrir bæði umhverfi og starfsfólk.

Umhverfisstofnun hefur kært Eimskip til héraðssaksóknara og lífeyrissjóðir hafa krafist skýringa vegna meintra brota félagsins.

Hrund og Katrín segja mál Eimskips undirstrika mikilvægi yfirlýsingarinnar.

„Það er áhugavert að þessi viljayfirlýsing komi á sama tíma og mál Eimskips. Þetta er erfitt mál og undirstrikar hvernig mannréttindabrot annars staðar í heiminum, snerta okkur hér heima," segir Hrund. Að hennar mati þurfa sjálfbærar fjárfestingar að taka til virðiskeðjunnar í allri sinni heild.

„Eimskip er bara gott dæmi um hversu mikilvægt í alvörunni það er að hugsa alveg frá A til Ö þegar það kemur að framleiðslu og viðskiptum. Heimurinn er ein pláneta og þetta þarf að vera hugsunarhátturinn í öllum ákvarðanatökum."

Katrín kinkar kolli á meðan Hrund talar og minnist á að einungis fjögur ár séu liðin frá því að Alþingi gerði það að lögum að lífeyrissjóðir skyldu setja sér siðferðisleg viðmið í fjárfestingum.

„Þetta eru sjóðir sem meðhöndla almannafé og þar sem við erum að ræða Eimskip þá sjáum við að það er gríðarlega mikilvægt að þessir aðilar séu ekki bara með loftslagsmarkmið, heldur hugsi líka um hluti eins og mannréttindabrot þegar kemur að fjárfestingum," segir Katrín.

### Abstrakt verður áþreifanlegt

Með yfirlýsingunni er tekið tillit til Parísarsamkomulagsins, heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna, alþjóðlegra skuldbindinga Íslands og markmiða um kolefnishlutlaust Ísland fyrir 2040. Aðspurð um hvers vegna sé þörf á viljayfirlýsingu ofan á það, segir Katrín að nú séu fjármálafyrirtæki að gera markmið stjórnvalda að sínum eigin.

„Öll þessi heimsmarkmið virka oft svo fjarlæg. Ég held að margir á Íslandi hugsi að slík markmið séu fyrir aðrar þjóðir sem eru ekki eins „frábærar" og við í loftslagsmálum. En það er aldeilis ekki þannig. Þessi viljayfirlýsing tekur þetta fjarlæga og abstrakt og gerir það áþreifanlegt."

> FJÁRMAGN ER SÚREFNI OG ÞAÐ ER EKKI NÓG AÐ SEGJA „EKKI MENGA".

### Fjármagn er súrefni

Hrund, sem starfaði lengi hjá Sameinuðu þjóðunum, segir að oft sé litið til Íslands til að setja fordæmi.

„Við erum bara lítið þorp og eigum að taka þetta til okkar. Með þessu samstarfi getum við blásið fólki von í brjóst annars staðar. Fjármagn er súrefni og það er ekki nóg að segja „ekki menga", heldur þurfum við að breyta til þess að hafa uppbyggileg áhrif."

Katrín tekur undir og segir þróunina hafa verið allt of hæga. Það sé alveg mögulegt að ná hraðri umbreytingu með jákvæðum hvötum og regluverki, eins og skattaívilnunum fyrir grænar fjárfestingar. Hún hafi tekið eftir því í alþjóðlegri loftslagsumræðu, að ríki setji sér markmið en haldi svo bara áfram að niðurgreiða mengandi starfsemi.

„Þetta gerist ekki af sjálfu sér. Umhverfismál hafa verið til umræðu meiri hluta minnar ævi og þróunin hefur verið allt of hæg. Við höfum ekki verið að ná þessari mikilvægu samræmingu sem þarf að vera á milli stefnumótunar stjórnvalda og stefnumótunar atvinnulífs. Meira að segja í litla þorpinu Íslandi, þá erum við stundum lokuð í okkar boxum og tölum ekki nægilega vel saman."

Bæði Hrund og Katrín segjast hafa fundið fyrir viðhorfsbreytingum í atvinnulífinu á Íslandi undanfarin ár. „Ég veit ekki hverju er að þakka," segir Katrín. „Kannski er það unga fólkinu að þakka sem er alltaf að minna á þessi mál. Börn fólks sem vinnur í stjórnmálum, fyrirtækjum og í verkalýðshreyfingunni. Það er stórkostlegt að hafa þennan hóp sem keyrir þetta áfram."

### Ekki á herðum almennings

Með því að einblína á sjálfbærar fjárfestingar er verið að leggja ábyrgðina á herðar þeirra sem stjórna peningunum, í stað herða almennings.

„Lengi vel fannst mér sjálfbærni vera lögð á herðar einstaklinganna. Ef þú ert í ósjálfbærri flík, eða þess háttar, þá finnur þú fyrir rosalegri pressu, eða færð samviskubit því þú ert ekki að standa þig. Ég held að við verðum að snúa þessu við. Auðvitað eigum við að gera okkar besta, en þegar allt kemur til alls þá þurfa stjórnvöld og fjármagnseigendur í heiminum að leiða þessar breytingar," segir Katrín.

„Og gleymum ekki hverjir eru raunverulegu ábyrgðaraðilarnir," — skýtur Hrund inn í. „Sirka hundrað stórfyrirtæki í heiminum eru ábyrg fyrir 71 prósenti af allri losun."

*En hvað með stærstu mengunarvalda hér á landi sem eru með erlenda fjárfesta?*

Katrín svarar: „Þetta verður alltaf að vera blanda af jákvæðum hvötum og strangara regluverki. Við höfum verið að hækka kolefnisgjald og smám saman færa okkur yfir í grænna skattkerfi."

### Þetta er ekki góðgerðastarf

Hrund bendir á að sjálfbærar fjárfestingar hafa borið betri ávöxtun en hefðbundnar fjárfestingar, það sem af er þessu ári.

„Mér finnst það mjög mikilvægur punktur. Þetta er ekki góðgerðastarf, þetta er betri „business" og krefst langtímahugsunar og er betri áhættustjórnun á fjármagni.

Ábyrgar fjárfestingar fela líka í sér að huga ekki bara að því að hámarka arðsemi fyrir hluthafa, heldur hámarka arðsemi fyrir hagaðila: náttúruna og mig og þig, að keðjunni, öllum þeim sem verða fyrir framleiðslunni."

### „Get shit done"

Katrín segir að hennar hugsjón sé að okkur takist að gera það sem virðist ógerlegt, að snúa þessari þróun við.

„Þessi hugmyndafræði snertir mitt hjarta; að við séum alltaf að hugsa um fólkið og umhverfið en ekki bara efnahagslega þáttinn. Þetta er svo einfalt og svo banal en samt svo gríðarlega mikilvægt að við náum að koma þessu inn.

Eins og Andri Snær fór svo gríðarlega vel yfir í bók sinni. Þegar maður tekur eitt æviskeið, líf ömmu sinnar og barnabarna, fólk sem maður hefur kynnst og elskað og á eftir að kynnast og elska, og skoðum muninn á heiminum á þessu örstutta skeiði … Þetta hvílir á okkur, að bregðast við."

Hrund tekur í sama streng. „Við verðum líka að hafa í huga að hlutirnir eru að breytast sjúklega hratt. Við höfum rosalega mikla tæknilega og vísindalega þekkingu til að „get shit done" og það er ekki eftir neinu að bíða."

„Get shit done!" sammælist Katrín og Hrund segir að lokum:

„Ef við höfum ekki sýn lengra fram í tímann en þrjú eða fjögur ár, þá erum við ekki að ná utan um óvissuna og samtímann sem við lifum í. Við verðum að fara jarðtengd inn í þá ákvörðun: Hvert viljum við fara? Þá bara förum við þangað."


2
Við pössum
að þú sért
alltaf í rétta
pakkanum
15.000 heimili
eru nú í betri
pakka
Á síðustu 3 mánuðum höfum við talað við 15.000 viðskiptavini
og fundið þjónustuleiðir sem hentar þeim betur. Við höldum
áfram að hringja en ef þú vilt yfirfara þinn pakka í dag hvetjum
við þig til að hafa samband.
Starfsfólk Vodafone
Karitas
Sölu- og þjónusturáðgjafi
vodafone.is/nyttupphaf | 1414
vodafone



✝

Okkar heittelskaða dóttir,
systir og barnabarn,

**Aldís Þórðardóttir**
Dvergagili 40, Akureyri,

lést á heimili sínu í faðmi fjölskyldunnar
sunnudaginn 27. september.
Í ljósi aðstæðna verða einungis nánustu aðstandendur
viðstaddir útför hennar. Þeim sem vilja minnast hennar er
bent á barnadeild SAk.

**Þórður Vilhelm Steindórsson Rakel Hermannsdóttir**
**Indriði Atli Þórðarson**
**Jón Vilberg Böðvarsson**
**Steindór Ólafur Kárason Jóna Þórðardóttir**
**Sigurlaug Guðmundsdóttir**



✝

Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar,
tengdafaðir, tengdasonur og afi,

**Vilhjálmur Jón Guðbjartsson**

lést á hjúkrunarheimilinu Skógarbæ,
fimmtudaginn 24. september.
Útförin fer fram frá Seljakirkju,
fimmtudaginn 8. október kl. 13.
Allir eru velkomnir og jafnframt verður athöfninni streymt
á www.seljakirkja.is

**Jóhanna Sigríður Guðjónsdóttir**
**Dröfn Vilhjálmsdóttir Elfar Úlfarsson**
**Guðjón Vilhjálmsson Rebekka Sif Kaaber**
**Símon Elvar Vilhjálmsson Bryndís Einarsdóttir**
**Símonía K. Helgadóttir**
**Alexander, Ósk, Vilhjálmur Jón**
**Jóhanna Inga, Bára Margrét, Eva Sóley**

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS
Auðbrekku 1, Kópavogi SÍÐAN 1996
ALÚÐ • VIRÐING • TRAUST • REYNSLA



Kristín Ingólfsdóttir



Sverrir Einarsson



Margrét Ásta Guðjónsdóttir

Símar allan sólarhringinn: 581 3300 & 896 8242 • www.utforin.is
Komum heim til aðstandenda og ræðum skipulag útfarar ef óskað er.

ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR
Flatahraun 5a • www.utfararstofa.is • Símar: 565 5892 & 896 8242

HjartaHeill
Minningarkort á hjartaheill.is
eða í síma 552 5744



ÚTFARARSTOFA KIRKJUGARÐANNA
Útfararþjónusta
í yfir 70 ár
Vesturhlíð 2 | Fossvogi | s. 551 1266 | utfor@utfor.is | utfor.is
VIÐ ÞJÓNUM ALLAN SÓLARHRINGINN

# Allt lék í höndum hans

**Ævi og starfi Wilhelms Ernst Beckmann, sem bjó á Íslandi í 30 ár, eru gerð skil í nýrri bók sem Atli Rúnar Halldórsson blaðamaður ritstýrði. Bókin ber heitið Beckmann.**

Það má ekki seinna vera að mannorði þessa listamanns sé lyft. Hann hefur verið falinn fram að þessu,“ segir Atli Rúnar Halldórsson blaðamaður, sem hafði umsjón með útgáfu bókarinnar Beckmann. Þar er vandað til verka – í anda söguhetjunnar Vilhelms Ernst Beckmann, sem margir forkunnarfagrir gripir liggja eftir. „Það lék allt í höndum hans. Hann gat málað og teiknað og skorið út í hin ólíkustu efni. Þrettán kirkjur á Íslandi skarta verkum eftir hann, skírnarfontum, altaristöflum og fleiri kirkjugripum,“ lýsir Atli Rúnar, sem furðar sig á að Beckmanns hafi aldrei verið getið í listaverkabókum hingað til, né haldin heildstæð sýning á verkum hans.

Bókin sem nú er komin út geymir myndir og greinar um líf Beckmanns og list; meðal annars dramatíska sögu um uppvaxtarár hans í Þýskalandi í skugga nasisma og pólitískan flótta þaðan, sem endaði á Íslandi árið 1935, er hann var 26 ára. Hann settist hér að og starfaði við útskurð og hönnun, meðal annars hjá Ríkarði Jónssyni útskurðarmeistara og Guðmundi Guðmundssyni, trésmiði í Víði. Beckmann giftist Valdísi Einarsdóttur og þau eignuðust tvö börn. Hann dó á Vífilsstöðum 1965.

Þögnin sem hefur umlukið starf Beckmanns er öðrum þræði vegna hlédrægni hans, að sögn Atla Rúnars. „Listaelítan og hann áttu ekki samleið. Hann var flókinn persónuleiki, vildi vera dálítið einn og sjálfur, en lét verkin tala. Ég heyrði fyrst á hann minnst fyrir ári síðan, þegar ég var beðinn að halda utan um útgáfuna. Ekkert var til sparað að hafa hana sem veglegasta. Börn Beckmanns, Einar og Hrefna, vildu halda minningu föður síns á lofti og stofnuðu félag í hans nafni árið 2013, það kostar útgáfuna. Hrefna er látin nú og líka maðurinn hennar en Einar býr í Ástralíu. Hann skrifaði inngang í bókina, er grafíker að mennt og hefur fylgst með útgáfuferlinu gegnum tölvupóst. Meðal annarra sem eiga greinar í bókinni er Aðalsteinn Ingólfsson listfræðingur. Í ritnefnd voru Hrafn Andrés Harðarson sem skrifaði æviágripið, Ásgeir Jóhannesson og Magnús Pétursson, en ég fékk frjálsar hendur um hvernig verkefnið yrði leyst.“

Mikið liggur eftir Beckmann af listmunum, að sögn Atla Rúnars. „Tengdasonurinn var byrjaður á skráningu verka en entist ekki aldur til að ljúka henni. Munir eftir Beckmann eru ábyggilega til á heimilum án þess að eigendur þeirra átti sig á því. Hann setti samt fangamark á þá, á sumum er fullt nafn en WB á flestum. Ég hef sjálfur komið í hús og séð þar lampa sem hann skar út og húsráðandi vissi ekki að væri eitthvað merkilegur.“

Eitt atriði úr útgáfusögunni nefnir Atli Rúnar – með smá formála. „Í mörgum löndum er að finna menn sem eru hallir undir kristna trú og kirkju og eru róttækir vinstrisinnar í skoðunum. Beckmann var sú týpa framan af. Bókin var farin frá mér þegar ég, af tilviljun, var að horfa á þátt í norska sjónvarpinu um Einar Gerhardsen forsætisráðherra og hugsaði: Það var eitthvað kunnuglegt í þessum þætti – svo ég horfði á hann aftur. Skýringin er á blaðsíðu 71 í bókinni. Norski verkamannaflokkurinn vann í fyrstu kosningum eftir að landið var hernumið og á útbreiddasta áróðursplakati hans var mynd eftir Beckmann. Ég stoppaði bókina í ferlinu og kom frímerki um þetta mál inn í hana.“

Atli Rúnar segir allnokkrar pælingar hafa þurft til að koma bókinni saman en vonast til að hún sé frekar upphaf á einhverju en endir. „Mér finnst maðurinn stórmerkilegur. Þeir gripir sem ég hef séð eftir hann og handfjatlað eru með ólíkindum glæsilegir. Eins og næla úr fílabeini og spónn með götum í skaftinu og nafni dótturinnar, Hrefnu. Maður skilur ekki hvernig þetta er hægt. Beckmann hlýtur líka að teljast einn af frumkvöðlum hér á landi í grafískri hönnun, því merki Hótel Borgar er eftir hann. Það er frá 1945 og er enn notað. Það er þakkarvert. Ég fór með bók til hótelstjórans.“

gun@frettabladid.is





**Atli Rúnar með bókina góðu og eftirprentun af kattarteikningu frá árinu 1938 eftir söguhetjuna, Wilhelm Ernst Beckmann.** FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI



**Sjálfsmynd Wilhelms með vatnslitum frá yngri árum er á blaðsíðu 102.**



**Skírnarfontur í Vopnafjarðarkirkju frá 1962.** MYND/DAGNÝ STEINDÓRSDÓTTIR

Þeir gripir sem ég hef séð eftir hann og handfjatlað eru með ólíkindum glæsilegir. Eins og næla úr fílabeini og spónn með götum í skaftinu og nafni dótturinnar, Hrefnu.



Heilnæmt er að skokka í haustloftinu tæra og ekki spillir litadýrð náttúrunnar í umhverfinu. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Skokkað í faðmi skógar

**Fyrstu Heiðmerkurhlaup Skógræktarfélags Reykjavíkur, í samstarfi við Náttúruhlaup, verða ræst í dag á svonefndu Borgarstjóraplani. Um tvær vegalengdir er að velja.**

Sprett verður úr spori í Heiðmörkinni í dag, í tilefni þess að fyrr á árinu var þess minnst að sjötíu ár eru liðin frá því að hún var vígð og opnuð sem útivistarsvæði fyrir almenning. Hún hefur ótvírætt öðlast miklar vinsældir sem slík.

Bæði fastagestir og nýir áhugahlauparar fá nú að kynnast stígakerfinu í Heiðmörk og njóta þess að hlaupa í faðmi skógarins, til endurnæringar á líkama og sál.

Lagt verður af stað frá Borgarstjóraplani í hinn vinsæla tólf kílómetra Ríkishring klukkan 11 og í fjögurra kílómetra skemmtiskokk klukkan 13. Eftir hlaup verður boðið upp á kakó og ketilkaffi yfir varðeldi. Skráning fer fram á https://hlaup.is/vidburdir/heidmerkurhlaupid-03-10-2020/ Verðlaun verða veitt fyrir fyrstu þrjú sæti í Ríkishringnum í karla - og kvennaflokki og einnig útdráttarverðlaun. Vinningshafar fá jólatré frá Skógræktarfélagi Reykjavíkur sem þeir geta nálgast á hinum árlega jólamarkaði við Elliðavatn aðventuhelgarnar fyrir jól. – gun

**» Skráning fer fram á https://hlaup.is/vidburdir/heidmerkurhlaupid-03-10-2020/ Verðlaun verða veitt fyrir fyrstu þrjú sæti í Ríkishringnum í karla - og kvennaflokki og einnig útdráttarverðlaun.**

---



✝

Ástkær eiginmaður minn,
pabbi okkar og tengdapabbi,

**Gunnlaugur Kristófer Bjarnason**
Grund, Garðabæ,

lést á líknardeild Landspítalans í Kópavogi 29. september.
Útför hans verður frá Garðakirkju, fimmtudaginn 8. október kl. 13. Vegna aðstæðna verður að takmarka fjölda gesta í kirkjuna og verða því send boð í athöfnina.
Streymt verður frá athöfninni á: www.cutt.ly/gulli

**Unnur Flygenring**
**Ágúst Þór Gunnlaugsson Þórhildur Halla Jónsdóttir**
**Sigrún Helga Gunnlaugsdóttir Flygenring**

---



✝

Elskuleg móðir mín,
tengdamóðir og amma,

**Guðrún Stefanía Brynjólfsdóttir**
Daltúni 2,
Kópavogi,

lést í faðmi fjölskyldunnar fimmtudaginn 24. september, á Landspítalanum, Kópavogi.
Útför hennar fer fram frá Hjallakirkju, þriðjudaginn 6. október klukkan 13.

**Hildur Brynja Andrésdóttir Egill Örn Petersen**
**Páll Jakobsson**
**Linda María, Guðrún Lilja og Róbert Nökkvi,**
**Jakob Felix og Andrea Arna**

---



✝

Elsku pabbi okkar, afi,
tengdafaðir og langafi,

**Svanur Bjarkar Auðunsson**
frá Dvergasteini, Álftafirði,

lést þriðjudaginn 22. september sl.
Útför hans mun fara fram í Fella- og Hólakirkju, þann 7. október, kl. 13.00.

**Karl Jörundsson Michelle Garnado Jörundsson**
**Eyrún Björk Svansdóttir Gunnar Gylfason**
**Ólafía Erla Svansdóttir**
**Glódís, Marteinn, Hugrún, Svanur, Steinunn, Annika og Tumi.**

---



✝

Ástkær eiginkona, móðir, tengdamóðir,
amma og langamma,

**Stella Stefánsdóttir**
Starrahólum 11,

lést á heimili sínu þriðjudaginn 30. september.
Útförin verður auglýst síðar.

**Ásmundur Reykdal**
**Stefán Örn Einarsson Hafdís Huld Reinaldsdóttir**
**Guðjón Sævar Guðbergsson**
**Jóhann Kr. Ásmundsson Ása Þorkelsdóttir**
**Ögmundur Reykdal Valgerður Aðalsteinsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



✝

Elsku faðir, tengdafaðir,
afi, og langafi,

**Hreinn Sigfússon**
Bergholti,
Raufarhöfn,

lést þann 21. september á Húsavík.
Útför hans fer fram frá Raufarhafnarkirkju, þriðjudaginn 6. október, kl. 14.00.
Þökkum auðsýnda samúð.

**Þorsteinn Sigfús og fjölskylda**
**Sólrún og fjölskylda**

---



✝

Okkar ástkæra

**Auður Bessadóttir**
Sóleyjarima 7,

er látin.

**Feruccio Marinó Buzeti**
**Vésteinn Hilmar Marinósson Margrét Á. Ósvaldsdóttir**
**Hólmfríður B. Marinósdóttir Halldór Rósi Guðmundsson**
**Bragi Þór Marinósson Erla Sigrún Sveinsdóttir**
**barnabörn, barnabarnabörn.**

---



✝

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir,
amma, langamma og langalangamma,

**Guðrún Helga Karlsdóttir**

lést á hjúkrunarheimilinu Sólvangi mánudaginn 28. sept. sl.
Útför hennar fer fram frá Fríkirkjunni í Hafnarfirði mánudaginn 5. október kl. 13.00.

**Jón Karl Kristjánsson Hafdís Finnbogadóttir**
**Hrafnhildur Kristjánsdóttir Stefán Gunnarsson**
**Reynir Kristjánsson Helga Hauksdóttir**
**Þór Kristjánsson Magný Ósk Arnórsdóttir**
**barnabörn, langömmubörn og langalangömmubörn.**

---



✝

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir,
amma og langamma,

**Helen Þorkelsson**
sjúkraliði,
Víðilundi 24, Akureyri,

andaðist þriðjudaginn 29. september á Sjúkrahúsinu á Akureyri.
Útför hennar fer fram í Akureyrarkirkju, mánudaginn 12. október klukkan 13.30. Í ljósi aðstæðna í samfélaginu munu eingöngu nánustu ættingjar verða viðstaddir, streymt verður frá athöfninni á facebook-síðunni Jarðarfarir í Akureyrarkirkju-beinarútsendingar.

**Jóhann Björgvinsson Ásthildur Sverrisdóttir**
**Erla Björg Þorkelsson**
**Halla B. Þorkelsson Sigurður G. Sigurðarson**
**Emma Agneta Björgvinsdóttir**
**Ásta Hrönn Björgvinsdóttir Guðjón Steinþórsson**
**ömmu- og langömmubörnin öll.**

---



✝

Okkar ástkæra móðir,
tengdamóðir og amma,

**Helga Helgadóttir**
Álfaskeiði 102,
Hafnarfirði,

lést á líknardeild Landspítalans þriðjudaginn 29. september.

**Helgi Freyr Kristinsson Helga Sigurbjörg Árnadóttir**
**Kristinn Freyr Kristinsson Hildur Ísfold Hilmarsdóttir**
**og barnabörn.**

---



✝

Okkar ástkæri faðir,
tengdafaðir, afi og langafi,

**Árni Jónsson**
bifreiðastjóri,

lést að Hrafnistu, Hafnarfirði. 30. september sl.

**Börn og aðrir aðstandendur.**

---



✝

Elskulegur bróðir okkar,

**Ísak Þorbjarnarson**
Frá Mel, Þykkvabæ,
Grandavegi 39, Reykjavík,

lést 21. september.
Útförin fer fram frá Dómkirkjunni, miðvikudaginn 7. október, kl. 13.00.

**Skarphéðinn Haraldsson**
**Guðmundur Haraldsson Eyrún Óskarsdóttir**
**Rannveig Haraldsdóttir Guðmundur Smári Guðmundsson**
**Kolbrún Haraldsdóttir Magnús Ívar Þorvaldsson**

---



✝

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir,
amma og langamma,

**Sigríður Kr. Árnadóttir**
(Didda)
Blásölum 21,

varð bráðkvödd 29. september.

**Fyrir hönd aðstandenda,**
**Auður Árný**
**Kristján Salberg**
**Ólöf Ágústína**
**Ásta Bergljót**

# KROSSGÁTA & ÞRAUTIR



Lausnarorð síðustu viku var

**SKÁTAHEIMILI**

| | | | | | | | | | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| S | T | Ö | Ð | V | A | R | | S | | U | | M | | M | | S | Í | B | SS |
| T | | F | | A | | Á | | K | Ó | N | G | A | V | A | T | N | | Ú | |
| Ó | R | U | G | L | A | Ð | A | R | | D | | R | | T | | Y | | T | |
| L | | G | | S | | S | | I | | A | U | K | A | V | E | R | K | U | N |
| S | A | M | F | L | O | T | I | Ð | | R | | A | | E | | T | | N | |
| E | | Æ | | A | | E | | V | A | L | D | B | E | I | T | I | N | G | U |
| T | Ö | L | U | N | A | F | N | A | | E | | Æ | | S | | P | | I | |
| U | | T | | G | | N | | R | E | G | N | K | A | L | D | I | | N | |
| R | A | U | N | A | S | A | G | A | | I | | U | | U | | N | Ú | N | A |
| | Ð | | Ý | | A | | A | | H | R | Æ | R | A | R | A | N | N | | L |
| K | L | Ó | R | Ó | F | O | R | M | I | | T | | M | | M | A | Í | S | S |
| | E | | U | | N | | Ð | | T | Í | T | R | A | Ð | A | | F | | T |
| V | I | N | N | U | K | L | Á | R | A | | U | | S | | S | K | O | T | A |
| | Ð | | U | | A | | H | | R | A | N | D | A | L | Ó | | R | | Ð |
| H | A | R | M | A | S | L | A | G | I | | U | | M | | N | Æ | M | R | A |
| Ú | | Ö | | | S | | L | | S | Ú | M | A | T | R | A | | S | Ú | R |
| N | I | Ð | U | R | A | N | D | L | I | T | | K | | | | D | | S | |
| A | | U | | Æ | | E | | O | | F | Á | K | U | N | N | Á | T | T | U |
| N | Æ | L | O | N | S | O | K | K | A | R | | U | | | | L | | I | |
| A | | L | | A | | N | | A | | Á | H | R | I | F | A | K | O | N | U |

**LAUSNARORÐ** Ef bókstöfunum í lituðu reitunum er raðað rétt saman birtist spennandi tæki. Sendið lausnarorðið í síðasta lagi 1. október næstkomandi á krossgata@frettabladid.is merkt „26. september“.




FORLAGIÐ

**VEGLEG VERÐLAUN**

Vikulega er dregið úr innsendum lausnarorðum og fær vinningshafinn í þetta skipti eintak af bókinni **Hjartastaður**, eftir **Steinunni Sigurðardóttur** frá Forlaginu. Vinningshafi síðustu viku var **Hafliði Vilhelmsson, Reykjavík.**

Á Facebook-síðunni **Krossgátan** er að finna ábendingar, tilkynningar og leiðréttingar ef þörf krefur.

**LÁRÉTT**

**1** Hnikum þögn með hornum (10)
**11** Fjörleg vilja festa sér fortó fyrir þau sem minnst mega sín (11)
**12** Fikrar sig að stofnunum í þunnum plöggunum (10)
**13** Mynda samtöl um keppnisfyrirkomulag (7)
**14** Það mun leka úr sprungunni út af óþægðinni (10)
**15** Má maður kalla sig fyrirsagnir? (5)
**16** Þessi aðferð dugar bara á hina vegna bættra skilyrða (7)
**17** Hreinsuðum fljót af fínustu ögnum (8)
**18** Leita vars og snæði nesti (5)
**20** Fá Írar gist í faðmi jökulkringdra dala? (8)
**25** Þessi svokallaði fenjahvalur er nú bara mosi (9)
**28** Þar sem ég er framsýn frú ræð ég fyrirsögn (6)
**29** Eina forritið sem blekbullarinn þarf (9)
**30** Skinnbuxur björguðu eiturormsbananum (7)
**32** Þoli efni 88 verst í flokki þeirra sem lélegust eru (6)
**34** Sé fé skjögra meðal fiska (7)
**35** Hér er lóð fyrir ólatan sjóara sem þráir fast undir fótum (9)
**36** Hugur minn vex er ég efli mökk af svíðandi sverði (6)
**38** Hvort bíð ég dægurs gagns eða ávaxta dægurs? (9)
**40** Hlýja stefnir öllu í voða, fari hún úr böndunum (9)
**44** Lið ævi minnar saknar fjörsins í höllu drottningar (11)
**47** Hátíð búsmala og Búddalíkneskja (10)
**48** Leita ormsins langa í kjafti fuglsins svarta (11)
**49** Strýkst við pílára eitt spottakorn (10)
**50** Dregur þú taum trylltra leikmanna? (7)

**LÓÐRÉTT**

**1** Máka kenning um slag hljóðar svo (11)
**2** Heygir bæði og heyr það basl sem lífsbaráttan er (11)
**3** Nú erum við bæði þétt og þroskuð mjög (9)
**4** Flý þessa byggingu og hef nám í öðru fagi (10)
**5** „Móðurlíf“ hljómar eins og vísbending sem móðir mín gæti gert um mitt fyrsta heimili (8)
**6** Þetta lið dregur mig til sín, enda fínir menn á ferð (8)
**7** „Brún er tíska og bitinn ég“ sagði hann sár og féll í valinn (8)
**8** Svellkaldar svalir undir léttsaltaðan þorsk? (7)
**9** Hví fordæmið þið búsmala fyrir refsinguna? (7)
**10** Tregar til að drekka minni vegasjoppu (11)
**19** Í geðshræringu meðal grískra stjarna leitum við þeirra sem áköfust eru (8)
**21** Þessi botn hvílir á botninum (8)
**22** Gráar tuskur vita á fölskubragð (9)
**23** Ruku á völlinn út af nýlega getinni rugludollu (7)
**24** Þó er það girnileg freisting, hve nytjagott landið er (7)
**26** Gráhærðir gamlingjar spá í skalla og lubba (7)
**27** Hvernig forða ég þessari forsmán frá áhlaupi? (7)
**31** Flokkuð niður í áður upptalin hólf (10)
**33** Haldiði að Gærurnar hafi ekki flogið frá Reykjavík til Finnlands! (6)
**37** Stór og smá, sterk og veik, öll festa yndi við þústina (9)
**39** En ef það yrði nú til þess að þú og ég fyndum runna? (7)
**41** Víkur þá sögunni að módeli í fiskverkun (6)
**42** Kúlan bætir kjör og sveit (6)
**43** Varúð, folar á ferð! (6)
**44** Assgoti er þetta lúðaleg kveðja (5)
**45** Aðeins fjær útidyrunum er arinn (5)
**46** Hvað gerist ef við móðgum Ægi? (5)

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | | 6 | | | | | | 3 |
| 3 | 2 | | | | 1 | 5 | | |
| 7 | | 4 | 5 | 9 | | | | |
| | | 5 | 1 | | 8 | 4 | | |
| 2 | | 1 | | | | | | 7 |
| 6 | 3 | 8 | | | 2 | 1 | | |
| | 9 | | | | | | 6 | |
| | 6 | 7 | | | | 8 | | |
| | | | 6 | | 4 | 2 | 9 | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2 | | 8 | | | | | | 5 |
| | | 3 | 6 | | | | 8 | |
| 4 | 6 | | 3 | | 8 | | | 1 |
| | 9 | | 8 | 6 | | | | |
| 3 | 4 | 7 | 1 | | 5 | | | |
| 1 | | | 2 | | | 5 | | |
| 6 | | | | | | 2 | | |
| | | 1 | 5 | 3 | 6 | 4 | | |
| | | 4 | | | | | 1 | |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | | | 2 | | | | 8 | 4 |
| | | 6 | 5 | | | | 3 | 2 |
| 2 | | | 8 | | | | | |
| 5 | | 3 | | 1 | | | | |
| | 1 | | | | | 9 | | |
| 8 | | 2 | | | | | | 1 |
| 9 | 3 | | | | | | 5 | |
| 7 | | | | 5 | | | | |
| | 2 | | | | 3 | 7 | | 9 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 8 | 1 | 5 | 9 | 2 | 6 | 3 | 4 | 7 |
| 9 | 2 | 4 | 7 | 1 | 3 | 8 | 5 | 6 |
| 6 | 7 | 3 | 4 | 8 | 5 | 9 | 1 | 2 |
| 1 | 4 | 6 | 5 | 9 | 7 | 2 | 3 | 8 |
| 5 | 9 | 7 | 8 | 3 | 2 | 1 | 6 | 4 |
| 2 | 3 | 8 | 1 | 6 | 4 | 7 | 9 | 5 |
| 7 | 8 | 9 | 6 | 5 | 1 | 4 | 2 | 3 |
| 3 | 6 | 1 | 2 | 4 | 8 | 5 | 7 | 9 |
| 4 | 5 | 2 | 3 | 7 | 9 | 6 | 8 | 1 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 9 | 1 | 4 | 5 | 8 | 6 | 7 | 2 | 3 |
| 8 | 5 | 7 | 3 | 9 | 2 | 4 | 6 | 1 |
| 2 | 6 | 3 | 4 | 1 | 7 | 8 | 5 | 9 |
| 3 | 8 | 1 | 7 | 5 | 4 | 2 | 9 | 6 |
| 4 | 7 | 2 | 9 | 6 | 1 | 5 | 3 | 8 |
| 6 | 9 | 5 | 8 | 2 | 3 | 1 | 7 | 4 |
| 1 | 3 | 8 | 6 | 7 | 5 | 9 | 4 | 2 |
| 7 | 2 | 6 | 1 | 4 | 9 | 3 | 8 | 5 |
| 5 | 4 | 9 | 2 | 3 | 8 | 6 | 1 | 7 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 2 | 9 | 7 | 3 | 4 | 8 | 6 | 5 |
| 3 | 8 | 6 | 5 | 9 | 1 | 7 | 4 | 2 |
| 4 | 5 | 7 | 2 | 6 | 8 | 9 | 1 | 3 |
| 5 | 7 | 1 | 8 | 4 | 6 | 3 | 2 | 9 |
| 6 | 3 | 8 | 9 | 2 | 7 | 4 | 5 | 1 |
| 9 | 4 | 2 | 1 | 5 | 3 | 6 | 7 | 8 |
| 8 | 6 | 5 | 3 | 7 | 2 | 1 | 9 | 4 |
| 2 | 1 | 4 | 6 | 8 | 9 | 5 | 3 | 7 |
| 7 | 9 | 3 | 4 | 1 | 5 | 2 | 8 | 6 |

## Skák Gunnar Björnsson

**Hvítur á leik**



Jansa átti leik gegn Tisdall í Gausal árið 1987.

**1. Dxf6! Hxf6 2. Hgxg7+ Kh8 3. Hxh7+ Kg8 4. Heg7+ Kf8 5. Rd7+ Ke8 6. Rxf6+ 1-0.** Úrslitin réðust á Haustmóti TR í gærkveldi. Þorvarður Fannar Ólafsson var efstur í b-flokki fyrir lokaumferðina og Elvar Örn Sigurðsson, Jóhann Jónsson og Benedikt Þórisson í opnum flokki.

**www.skak.is:** Haustmót TR

## Bridge Ísak Örn Sigurðsson

## ÓSAGT Á MIKIL SPIL

Bridgefélög á höfuðborgarsvæðinu hafa verið að reyna að hefja starfsemi í þessu slæma faraldursástandi. Bridgefélög Hafnarfjarðar og Kópavogs hafa ákveðið að sameina krafta sína og spila að Flatahrauni 3 í Hafnarfirði fram að áramótum á fimmtudögum. Keppni hófst hjá þeim síðasta fimmtudag. Bridgefélag Reykjavíkur hóf þriggja kvölda sveitakeppni 22. september. Þegar tveimur kvöldum af þremur er lokið, er sveit Garðsapóteks í forystu með 91,30 stig eftir sex leiki. Ómar Olgeirsson (í sveit Málningar) sat í vestur í þessu spili í fimmtu umferð sveitakeppni BR (á öðru spilakvöldinu). Flestir spiluðu fjóra spaða í NS, sem stóðu þegar spaðadrottning kom hlýðin í leitirnar og laufliturinn var hagstæður. Nokkrir spiluðu þrjá spaða með tíu slögum. Sagnir fyrir Ómar þróuðust hins vegar mjög þægilega fyrir hann og legan var að auki þægileg. Austur var gjafari og NS á hættu:

**Norður**
♠ ÁKG43
♥ Á42
♦ 42
♣ KD10

**Vestur**
♠ D9
♥ G53
♦ ÁK9863
♣ Á9

**Austur**
♠ 1082
♥ 1086
♦ 1075
♣ G765

**Suður**
♠ 765
♥ KD97
♦ DG
♣ 8432

Eftir tvö pöss opnaði Ómar á einu grandi á vesturhöndina sem sýndi 14-16 punkta. Norður ákvað, illu heilli, þrátt fyrir mikil spil, að skipta sér ekki af sögnum og Ómar fékk að spila eitt grand. Norður hóf vörnina á því að taka spaðaás, tók kóng og svo fimm slagi á litinn. Suður gaf kall með lægsta spili sínu í hjarta, sem því miður var frekar hátt (7). Norður átti erfitt með að sjá að sagnhafi ætti sex slagi á tígul og spilaði því laufakóng til að reyna að taka spilið niður. Ómar var þakklátur og gleymdi vissulega ekki að afblokkera tígultíuna, þegar hann tók sjö næstu slagina.



BÓKA
MARKAÐUR
Á FISKISLÓÐ 39
OPIÐ ALLA DAGA kl. 10–19
LOKA-
HELGIN
FORLAGIÐ
LÓÐUR
FLY OVER ICELAND
KRÓNAN
NETTÓ
BÓNUS
NÓG AF FRÍUM BÍLA-STÆÐUM!
MAJA LUNDE
SNJÓSYSTIRIN
JÓLASAGA
Lisa Aisato myndskreytti
2.490 kr.
BRIAN PILKINGTON
STÚFUR OG SNJÓKARLINN
1.490 kr.
ÍSLENSK LISTASAGA I
ÍSLENSK LISTASAGA II
ÍSLENSK LISTASAGA III
ÍSLENSK LISTASAGA IV
ÍSLENSK LISTASAGA V
ÍSLENSK LISTASAGA
9.990 kr.
Heklfélagið
990 kr.
LILJA SIGURÐARDÓTTIR
GILDRAN
990 kr.
HENRI
RÆNT Í RÚSSLANDI
ÞORGRÍMUR ÞRÁINSSON
990 kr.
Fíasól
gefst aldrei upp
Kristín Helga Gunnarsdóttir
990 kr.
STEINGRÍMUR SIGURGEIRSSON
VÍN
– frá þrúgu í glas
690 kr.
*Birt með fyrirvara um prentvillur. Tilboðin gilda á meðan birgðir endast.
Vanessa Diffenbaugh
TÁKNMÁL BLÓMANNA
99 kr.
TILBOÐ
Jólamatur Nönnu
NANNA RÖGNVALDARDÓTTIR
990 kr.
SPAKMÆLABÓKIN
FLEYGAR TILVITNANIR OG SPAKMÆLI FRÁ ÝMSUM TÍMUM
1.490 kr.
ÍS OG NAMMI FYRIR BÖRNIN
Á MEÐAN BIRGÐIR ENDAST
MARKAÐURINN ER LÍKA Á NETINU: WWW.FORLAGID.IS | GJÖF FYRIR ALLA SEM KOMA

HÚSASMIÐJAN

# FYRIR ÞIG

# Októ



Hausterikurnar á enn betra verði

Sjáðu verðið!

44%

3 stk.

**999** kr/3 stk.

~~1.797~~ kr/3 stk.



Sjáðu verðið!

62%

Orkidea 2 greinar

**999** kr

~~2.690~~ kr

**Orkidea 2 greinar**

12 cm. **11325000**



33%

Nóvemberkaktus

**999** kr

~~1.490~~ kr

**Nóvemberkaktus**

9 cm pottur. **11328200**



Afmælisvöndur Blómavals

**4.990** kr

~~6.990~~ kr



Sjáðu verðið!

Haustlaukar í úrvali

Magnpakkning

**1.990** kr/pk.



Bleikur október

**11.745** kr

**Pönnusett 3 stk.** I-ROSE

Títanhúðaðar pönnur með 3ja laga Non-stick Marble húðun sem kemur í veg fyrir að matur festist. 20 cm, 24 cm og 28 cm. **2002807**

## Vespur **sparaðu 20.000 kr.** um helgina

- Umhverfisvænt
- 25 km hraði
- Drægni 80 km
- Rafhlöðuending 800 hleðslur



Verð aðeins

**149.900** kr

~~169.900~~ kr

**Rafmagnsvespa ENOX V7**

**3903101**

- Umhverfisvænt
- 45 km hraði
- Drægni 60 km
- Fullhlaðið á 3-4 tímum



Verð aðeins

**179.900** kr

~~199.900~~ kr

**Rafmagnsvespa Enox EM215**

Athugið að skráningagjald er ekki innifalið. Skellinöðrupróf eða bílpróf nauðsynlegt. **3903100**



20%

**19.995** kr

~~24.995~~ kr

**Hleðsluborvél + 80 fylgihlutir**

18V, tvær rafhlöður, 1.5Ah, hersla 40Nm, hraði 0-360/1400, Led ljós. **5245561**



30%

**13.995** kr

~~19.945~~ kr

**Topplyklasett,** 110 stk.

Toppar 1/2" 10-32 mm, 1/4" 4-14 mm. 111 stk. **5052573**

Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. Úrval getur verið misjafnt milli verslana.




# Nýtt blað

hundruð tilboða í október
husa.is

# bertilboð





24%

GROHE

**26.990kr**

~~35.685 kr~~

**Eldhúsblöndunartæki**
Grohe Flair. **7910810**



Sjáðu verðið!

AEG

**79.990kr**

~~89.990 kr~~

**Þvottavél AEG 8 kg, 1400 sn.** L6FBI48S
Kolalaus mótor, Prosense tæknin vigtar sjálfkrafa þyngd þvottar, velur ákjósanlegan þvottatíma. Styttir þannig bæði tíma, vatn og orku. **1860502**



Bitabox fylgir með sem kaupauki

22%

HiKOKI
HIGH PERFORMANCE POWER TOOLS

**27.995kr**

~~35.995 kr~~

**Borvél 18V** DS18DJL
32 stk., bitabox, 2 rafhlöður 1.5Ah, 22 átaksstillingar, mesta hersla 52Nm, hleðslutími: 35 mín. (1.5Ah), snúningur 0-450/0-1250 mín., 2ja gíra, taska. **5247081**



PEFC
Græn vara

ALSAPAN
Furniture, Flooring, Worktops

30%

**2.020kr/m²**

~~2.890kr/m²~~

**Harðparket**
Nature. eik, 8 mm, fasað á 4 vegu, AC5. **147422**




25%

GROHE

**59.990kr**

~~79.990 kr~~

**Sturtusett**
Grohe Vitallio, hitastýrðu tæki, 210 mm. **7910887**



LADY
PREMIUM PAINT & COLOURS

Litaráðgjöf

Maja Ben hjá „Ég er komin heim" veitir litaráðgjöf á **laugardaginn** kl. 12-16 í **Skútuvogi**.

LADY
PREMIUM PAINT & COLORS

# 20%

# afsláttur

af allri LADY innimálningu



# KRAKKAR

## Konráð og félagar á ferð og flugi

423



„Hvaða munsturrugl er þetta nú eiginlega,“ sagði Kata önug. „Eigum við að velja munstur á sófasett?“ bætti hún við og leist augljóslega ekkert á þessa þraut. „Og hvað er þessi plús að gera þarna, eigum við kannski að fara að hanna veggfóður. Ég hef aldrei kunnað að meta veggfóður.“ Lísaloppa las leiðbeiningarnar. „Hér stendur: Ef þessar tvær munsturmyndir eru lagðar hvor ofan á aðra, hvernig munstur verður þá til? Er það eins og á mynd 1, 2, 3, 4 eða 5?“ Þær horfðu á munsturmyndirnar drykklanga stund. „Nei,“ sagði Kata. „Þetta er bara ein hringavitleysa fyrir mér, þú mátt reyna að leysa þessa þraut, ég gefst upp.“ „Gefst upp?“ Sagði Lísaloppa og glotti. „Allt í lagi, sagði Kata og dæsti. „Reynum þá að finna eitthvað vitrænt út úr þessari þraut.“ Hún léti það sko ekki fréttast að hún gæfist upp svona auðveldlega. Svo gerði það líka þrautina aðeins auðveldari að glíma við að fá að sjá fimm möguleika og vita að einn þeirra væri sá rétti.







## Gátur

1. Hvaða garður er alltaf blautur?

2. Hvað er það sem brosir við öllum en hlær þó ekki að neinum?

3. Hvaða blað er ekki hægt að rífa?

4. Stundum hef ég höfuð, stundum ekki, stundum er ég með tagl en stundum ekki. Hver er ég?

5. Hvað er það sem er hnöttótt eins og egg, hefur fjölda augna en er þó sjónlaust?



**SVÖR** 1. Tanngarður 2. Sólin 3. Hnífsblað 4. Hárkolla 5. Kartafla

## Lagið



**Það er mikið um dýrðir í Kardemommubæ eins og hér má sjá.**

## Söngur Kamillu

Heyrið lagið hljóma
hreina bjarta óma.
Einn og tveir og þrír
og einn og tveir og þrír.
Áfram enn skal telja
aðrar nótur velja.
Einn og tveir og þrír og einn og tveir og þrír.

Töfratrillur nettar
teljum hratt og léttar.
Einn og tveir og þrír
og einn og tveir og þrír.
Nýjan vikivaka
við nú skulum taka.
Einn og tveir og þrír
og einn og tveir og þrír.

Ef ég íþrótt stranga
æfi daga langa.
Einn og tveir og þrír
og einn og tveir og þrír.
Eykst mér lag og leikni
leik ég þá með hreykni.
Síðar sannið til
þá sést hvað í mér býr.

**Höfundur: Torbjörn Egner**
**Þýðing: Kristján frá Djúpalæk**



**„Mér finnst gaman að skrifa og semja leikrit og sögur. Líka að dansa. Kamilla dansar svolítið.“ segir Bergþóra Hildur.** FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

# Það er svo æðislegt að vera á sviðinu

Bergþóra Hildur Andradóttir er ellefu ára og leikur hlutverk Kamillu í Kardemommubænum á sviði Þjóðleikhússins, til skiptis við Völu Frostadóttur. Hún segir það mjög skemmtilegt.

**Kynnumst við eitthvað foreldrum Kamillu í leikritinu?** Já, Soffía frænka er víst mamma hennar, þó að Kamilla kalli hana alltaf Soffíu. Í leikritinu fær Kamilla líka nýjan pabba, ég vil ekki segja hver hann er.

**Hvenær vissir þú að þú fengir hlutverkið?** Það er svona ár síðan, ég byrjaði að æfa það í nóvember 2019 og loksins vorum við að frumsýna um síðustu helgi.

**Lágu æfingar niðri lengi?** Já, en í fyrstu COVID-bylgjunni tókum við krakkarnir nokkra danstíma í gegnum app í símanum sem heitir Zoom, ég var bara heima en sá hina og kennarana. En 4. maí, stuttu eftir að samkomubanninu var aflétt, byrjuðu æfingar, svo kom sumarfrí og eftir það hefur allt gengið hrukkulaust.

**Hefur þú getað sinnt skólanum?** Það er reynt að láta leikæfingar ekki hitta á skólatíma og við vorum stundum á æfingum frá fjögur til tíu. Samt kom fyrir að ég varð að sleppa skóla. Oftast náði ég einhverjum kennslustundum en tók svo strætó niður í Þjóðleikhús.

**Fenguð þið eitthvað að borða þar?** Við fengum hádegismat, svo hressingu og ef við vorum fram á kvöld fengum við kvöldmat.

**Finnst þér álagið þess virði?** Já, það er svo æðislegt að vera á sviðinu, ekki bara á sýningu heldur líka á æfingum. Mér líður mjög vel þar.

**Hefurðu leikið áður?** Bara í skólaleikritum, þetta gefur miklu meiri reynslu. Þegar maður fer inn í Þjóðleikhúsið þá er það – ég veit ekki hvernig ég á að útskýra það – eitthvað svo góð tilfinning. Það er svo gaman að vera þar.

**Hefurðu ekki kynnst mörgum nýjum krökkum?** Jú, tuttugu og þremur og það eru allt skemmtilegir og jákvæðir krakkar og með mikla hæfileika. Það er alltaf gleði í hópnum.

**Ertu að æfa söng eða á hljóðfæri utan leikhússins?** Ég æfi söng í kór Vídalínskirkju, sem er undir stjórn Jóhönnu Guðrúnar söngkonu, og hún kennir okkur.

**Áttu fleiri áhugamál?** Mér finnst gaman að skrifa og semja leikrit og sögur. Líka að dansa. Kamilla dansar svolítið í sýningunni. Svo finnst mér gaman í fótbolta og alls konar íþróttum.

**Lausn á gátunni**

Það er munsturmyndin númer eitt


KRÓNAN
Mmm ...
Súpur fyrir alla fjölskylduna!
Nýtt!
1 lítri
KARRÝKÓKOS KJÚKLINGA SÚPA
UNGVERSK GÚLLAS SÚPA
Mmm ... einfalt og gott
þarf aaaðeins að hita
ÍSLENSK KJÖT SÚPA
MEXÍKÓSK KJÚKLINGA SÚPA
Krónu súpa, 1 lítri, kjöt/ kjúklinga
1589 kr. stk.
RJÓMALÖGUÐ BLÓMKÁLS SÚPA
RJÓMALÖGUÐ ASPAS SÚPA
Ódýrt
Krónu súpa, 1 lítri, aspas/ blómkáls
1099 kr. stk.
Afgreiðslutímar á www.kronan.is
Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl.

# VEÐUR & MYNDASÖGUR

## Laugardagur

| Staður | Hiti (°C) | Vindur (m/s) |
|---|---|---|
| Reykjavík | 6 | 2 ↙ |
| Ísafjörður | 1 | 2 ↘ |
| Akureyri | 6 | 2 ↗ |
| Egilsstaðir | 10 | 3 ↖ |
| Kirkjubæjarkl | 6 | 1 ↑ |
| Hveravellir | 0 | 4 ↘ |

Breytileg átt 3-10 m/s. Dregur úr úrkomu norðan og austantil en áfram rigning suðaustanlands, og aftur úrkomumeira á Austfjörðum eftir hádegi. Hiti 3 til 9 stig að deginum en allvíða næturfrost.

Reykjavík

Ísafjörður

Akureyri

Egilsstaðir

Kirkjubæjarklaustur

Hveravellir


| | Sunnudagur | Mánudagur | Þriðjudagur | Miðvikudagur | Fimmtudagur |
|---|---|---|---|---|---|
| Reykjavík | 5 °C, 2 ↓ | 6 °C, 2 ↙ | 8 °C, 1 ↖ | 7 °C, 2 ↓ | 8 °C, 2 ↙ |
| Ísafjörður | 2 °C, 8 ↗ | 2 °C, 3 ↓ | 3 °C, 0 ○ | 3 °C, 3 ↙ | 2 °C, 4 ↙ |
| Akureyri | 8 °C, 2 ↓ | 3 °C, 1 ↘ | 6 °C, 1 ↑ | 3 °C, 0 ○ | 3 °C, 2 ↘ |
| Egilsstaðir | 8 °C, 2 ↙ | 6 °C, 2 ↓ | 6 °C, 2 ↑ | 5 °C, 1 ↘ | 4 °C, 3 ↓ |
| Kirkjubæjarklaustur | 8 °C, 1 ↙ | 8 °C, 1 → | 7 °C, 1 ↓ | 8 °C, 2 ↗ | 11 °C, 2 ↘ |
| Hveravellir | 1 °C, 2 ↗ | 1 °C, 7 ↘ | 3 °C, 1 → | 1 °C, 6 ↘ | 2 °C, 6 ↘ |






## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman




FRÉTTIR, FÓLK & MENNING á Hringbraut



DÝNUDAGAR
20-30%
AF ÖLLUM RÚMUM OG DÝNUM
SMELLT & SÓTT
Pantaðu á netinu. Sæktu í verslun eða á vöruhús.
NÝR BÆKLINGUR Á WWW.RFL.IS
HAMILTON RAFMAGNSLYFTISTÓLL
SPARIÐ 15.000
FULLT VERÐ: 84.950
69.950
ALLAR SÆNGUR OG KODDAR
20% AFSLÁTTUR
GILDIR ÚT 04.10
ASTRID SÆNGURVERASETT
SPARIÐ 1.000
GOLD EINSTÖK GÆÐI
høie OF SCANDINAVIA
FULLT VERÐ: 8.995
7.995
MYRON HORNSÓFI
NÝTT
SPARIÐ 50.000
FULLT VERÐ: 219.950
169.950
Fáanlegur með hægri og vinstri tungu.
UDSBJERG HÆGINDASTÓLL
SPARIÐ 5.000
FULLT VERÐ: 24.950
19.950
2 LITIR
STRIGAR OG MYNDLISTAVÖRUR
20% AFSLÁTTUR
TAKS SKINN
20% AFSLÁTTUR
FULLT VERÐ: 2.495
1.995
RÚMFATA LAGERINN
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ
www.rumfatalagerinn.is



Svövu Jabobsdóttur verður minnst í Iðnó á sunnudag.

## Veizla í boði Svövu

Sunnudaginn 4. október næstkomandi hefði Svava Jakobsdóttir, rithöfundur og fyrrverandi alþingismaður, orðið 90 ára. Af því tilefni efna Leiklestrafélagið og Klúbbur Listahátíðar til lesdagskrár þar sem sonur Svövu, Jakob S. Jónsson, og Þórunn Magnea Magnúsdóttir leikkona, lesa nokkrar sögur eftir Svövu, sem allar eru sóttar í smásagnasafnið Veizla undir grjótvegg, sem út kom 1967. Ber lesdagskráin því titilinn „Veizla í boði Svövu“.

**LESDAGSKRÁ KLÚBBS LISTAHÁTÍÐAR OG LEIKLESTRAFÉLAGSINS ER HALDIN Í IÐNÓ OG HEFST KLUKKAN 16.00.**

Lesdagskrá Klúbbs Listahátíðar og Leiklestrafélagsins er haldin í Iðnó og hefst klukkan 16.00. Aðgangur er ókeypis, en minnt er á nauðsyn þess að taka frá sæti vegna takmarkaðs sætaframboðs. Senda má pöntun á netfangið veislaibodisvovu@gmail.com.

Þess má einnig geta að á RIFF – Reykjavik International Film Festival – var frumsýnd stillustuttmynd eftir Atla Arnarsson og Sólrúnu Ylfu Ingimarsdóttur sem byggir á smásögu Svövu, Eldhús eftir máli.

# Rottukór Gunnhildar á Kjarvalsstöðum

**Gunnhildur Hauksdóttir hefur rannsakað félagslíf rotta og fengið aðgang að rannsóknum erlendra vísindamanna. Listaverk og tónverk sem flutt er af kvennakór.**

Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrunb@frettabladid.is



Rottukór er nýtt verk eftir Gunnhildi Hauksdóttur, sem sjá má á Kjarvalsstöðum til 18. október. Sýningin er hluti af Haustlaukum II, sem er samsýning á vegum Listasafns Reykjavíkur, þar sem átta listamenn sýna list sína í almannarými.

Verk Gunnhildar, sem er úr sílíkoni, bambus og akrýl, samanstendur af tíu rottum á bambusprikum og hljóðverki sem hljómar í porti Kjarvalsstaða 24 tíma á sólarhring út sýningartímann, því rottur fara auðvitað mest á stjá á nóttunni. Rotturnar gefa frá sér hljóð sem Gunnhildur vann sérstaklega úr fyrir sýninguna og flutt eru af kvennakórnum Hrynjandi. Tónverkið tekur fimmtán mínútur í spilun og er síendurtekið.

### Tilvera í myrkri

Gunnhildur hefur rannsakað félagslíf rotta og fengið aðgang að rannsóknum vísindamanna. „Ég hef aðgang að efni frá tilraunastofu í Kanada sem vinnur við að kortleggja tungumál rotta, sem er mjög flókið og á pari við höfrunga. Ástæða þess að þær hafa þróað með sér svona flókið tungumál í hljóðum er sú að tilvera þeirra er að mestu í myrkri, svo þær sjá ekki líkamstjáningu og merkjamál hver hjá annarri. Þær eru til dæmis með sextán hljóð til að tjá hamingju, sem tengjast samkvæmisleikjum þeirra. Vinkvennasambönd eru jafn mikilvæg fyrir rottur og fjölskyldutengsl og þær gefa hver annarri einstaklingsnöfn.“

Á tilraunastofunni í Kanada taka rannsakendur upp hljóð sem rottur gefa frá sér og kortleggja þau út frá hegðun þeirra. Gunnhildur hefur kynnt sér þessi hljóð.



Gunnhildur við verk sitt á Kjarvalsstöðum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

**ÞÆR ERU TIL DÆMIS MEÐ SEXTÁN HLJÓÐ TIL AÐ TJÁ HAMINGJU, SEM TENGJAST SAMKVÆMISLEIKJUM ÞEIRRA.**

„Þau eru á svo hárri tíðni að við heyrum þau ekki og þau skila sér í ómmyndum. Ég teikna hvert hljóð upp og skipti teikningunni í fjóra hluta, tvo opna sérhljóða og tvo lokaða og útset það með kór sem túlkar rottuhljóðin yfir í mannsrödd.“

### Innsetning um apa

Í list sinni hefur Gunnhildur unnið mikið með dýr: hesta, hunda, rottur og apa. „Það eru þrjú ár síðan ég fór að kynna mér rottur. Þetta er í fyrsta sinn sem ég vinn verk með rottum og ég mun vinna meira með þær.“

Margir hræðast rottur en Gunnhildur segist dást að þeim. „Núna veit ég svo mikið um þær og þeirra félagslegu dýnamík og ást þeirra hverrar á annarri og ég kann mjög vel að meta kvenleika þeirra.“

Undanfarið hefur Gunnhildur rannsakað líf apa og gert verk sem tengist þeim, Mennskuróf. Það verk er stórt og flókið og samanstendur af risastórri innsetningu og dans- og hljóðverki eftir Gunnhildi. „Í því verki er ég á slóðum þar sem mennsku sleppir og hið dýrslega tekur við og velti upp hugleiðingum um þessar skilgreiningar sem eru á sífelldri hreyfingu eftir því sem rannsóknum á dýrum vindur fram.“

Mennskuróf hefur verið sýnt víða en ekki á Íslandi, en Gunnhildur stefnir að því að bæta úr því. Þess má geta að á Safnasafninu á Svalbarðsströnd er til sýnis verk Gunnhildar, Voðir, sem er tónverk, unnið upp úr vefnaði Jóhönnu Jóhannsdóttur. Einnig er verk eftir hana á yfirstandandi sýningu, Fjarska og nánd, í Ljósmyndasafni Reykjavíkur.

# Gagnmerkt rit um stjórnmál

**BÆKUR**

**Draumar og veruleiki, stjórnmál í endursýn**
★★★★☆
**Kjartan Ólafsson**

**Útgefandi:** Mál og menning
**Fjöldi síðna:** 568

Draumar og veruleiki, stjórnmál í endursýn, eftir Kjartan Ólafsson, er mikið rit og veglegt sem fjallar um sögu Kommúnistaflokksins og Sósíalistaflokksins á Íslandi. Eins og búast má við fjallar bókin um sagnfræði, þeir tveir flokkar sem nefndir eru heyra sögunni til, þó að rekja megi rætur stjórnmálaafla samtímans til þeirra að einhverju leyti.

Bókin er afar fróðleg lesning um liðna tíma og gengna menn. Textinn er kjarnyrtur og höfundur hefur góð tök á efninu, svona víðast hvar. Kjartan segir söguna í gegnum þá forystumenn sem hann metur svo að mest áhrif hafi haft á framvinduna. Þar fer Einar Olgeirsson fyrstur og kemur ekki beinlínis á óvart.

Einari lýsir höfundur svo að hann hafi verið „fullhugi sem fann sig kallaðan til að gerast boðberi nýrra sanninda, þeirrar vonbjörtu trúar að með mætti eigin samtaka gæti alþýðan fátæka hrist af sér klafa örbirgðarinnar og í fyllingu tímans komið á sameignarþjóðfélagi þar sem enginn þyrfti lengur að líða skort“.




Fjöldi annarra kemur einnig við sögu, bæði innlendir menn og erlendir. Er það býsna fjölmennur hópur og sumir, og þeirra þáttur, nær gleymdur í samtímanum. Sérstök kaflaheiti fá menn eins og Brynjólfur Bjarnason, sem höfundur nefnir ættstóran öreigason, Kristinn E. Andrésson og Lúðvík Jósepsson.

En þar eru líka nefndir til sögunnar sex menn sem höfundur segir merkisbera, en það eru þeir Magnús Kjartansson, Guðmundur Hjartarson, Ingi R. Helgason, Eðvarð Sigurðsson, Guðmundur J. Guðmundsson og Jón Rafnsson.

Bók Kjartans er merkileg fyrir margra hluta sakir. Einkum fyrir þá yfirsýn sem hún veitir á það hvernig straumar og stefnur stjórnmálanna í útlöndum teygðu sig hingað með ungum mönnum, sem margir höfðu dvalið ytra um styttri eða lengri tíma. Það er einnig næstum áþreifanlegt hversu vel Kjartan þekkir umfjöllunarefnið og þá menn sem fjallað er um. Halda mætti að síðarnefnda atriðið kæmi niður á hlutleysi umfjöllunarinnar, en svo virðist ekki vera.

**ÞAÐ ER EINNIG NÆSTUM ÁÞREIFANLEGT HVERSU VEL KJARTAN ÞEKKIR UMFJÖLLUNAREFNIÐ OG ÞÁ MENN SEM FJALLAÐ ER UM.**

Í inngangi að bókinni segir höfundur reyndar: „Ég er við því búinn að fram komi, þegar bókin kemur út, ásakanir um að ég sé hér að varpa skugga á minninguátinna vina minna, sem ekki geti lengur varið sig. Því er þá til að svara að við frágang á svona verki taldi ég ekki koma til greina að stinga einu né meiru, sem máli skiptir, undir stól. Að halda þá reglu var mér ekki alltaf sársaukalaust.“

Við lestur bókarinnar má víða geta sér þess til að þar hafi reynt á regluna. Dæmi um það er í niðurlaginu þar sem fjallað er um Lúðvík Jósepsson, þingmann og formann Alþýðubandalagsins til ársins 1980. Þar segir Kjartan að Lúðvík hafi verið raunsær og tækifærissinnaður stjórnmálamaður sem hafi búið að góðu hyggjuviti, en fábrotin menntun háð honum. Síðar segir Kjartan: „Lúðvík Jósepsson var hversdagslega þægilegur í umgengni og kumpánlegur við hvurn mann. En hann gat verið harður í horn að taka. Þess naut öll þjóðin í landhelgisstríðinu en hann átti líka í fari sínu drjúgan skammt af ósvífni eins og fram hefur komið á þessum blöðum. Sumir stjórnmálamenn þurfa ef til vill á ósvífninni að halda – að láta engan stoppa sig, fara sínu fram hvað sem hver segir. Mörgum hefur slíkur stýrisbúnaður þó komið í koll að lokum.“ **Jón Þórisson**

**NIÐURSTAÐA:** Merkileg bók um umbrot í íslenskum stjórnmálum og greinargott yfirlit um tengsl íslenskra stjórnmálamanna við erlendar stjórnmálahreyfingar og forystumenn þeirra.




ICEWEAR MAGASÍN
KRINGLAN · LAUGAVEGUR 91 · SMÁRALIND

# DAGSKRÁ

# Laugardagur

## HRINGBRAUT

**20.00 Þórsmörk - friðland í 100 ár (e)** 2ja þátta röð um sögu friðunar Þórsmerkur og gömlu afréttanna sunnan Krossár.
**20.30 Einfalt að eldast (e)** fjallar um leigumöguleika Íslendinga í sólarlandinu Spáni.
**21.00 Sir Arnar Gauti (e)** Arnar Gauti snýr aftur á skjáinn með umfangsmikinn lífsstílsþátt sem tekur saman allt sem snýr að heimilum, hönnun, innlitum, matar- og veitingahúsamenningu, arkitektúr og margt, margt fleira.
**21.30 Saga og samfélag (e)** er þáttur þar sem málefni líðandi stundar verða rædd í sögulegu samhengi og vikið að nýjustu rannsóknum fræðimanna á margvíslegum sviðum.

## RÚV SJÓNVARP

**07.15** KrakkaRÚV
**07.16** Tölukubbar
**07.21** Kátur
**07.33** Eðlukrúttin
**07.44** Bubbi byggir
**07.55** Lestrarhvutti
**08.02** Grettir
**08.13** Músahús Mikka
**08.36** Rán og Sævar
**08.47** Stuðboltarnir
**08.58** Hvolpasveitin
**09.21** Stundin okkar
**09.45** Húllumhæ
**10.00** Herra Bean
**10.10** Söngkeppni framhaldsskólanna
**12.05** Kappsmál
**13.05** Vikan með Gísla Marteini
**13.50** Sætt og gott
**14.10** Attenborough. Furðudýr í náttúrunni
**14.35** Síðbúið sólarlag
**15.05** Kiljan
**15.45** Nile Rodgers. Galdurinn við að slá í gegn
**16.50** Nýjasta tækni og vísindi
**17.20** Norðurlandsjakinn
**17.50** Táknmálsfréttir
**18.00** KrakkaRÚV
**18.01** Ósagða sagan
**18.29** Maturinn minn
**18.45** Svipmyndir frá Noregi
**18.53** Lottó
**19.00** Fréttir
**19.25** Íþróttir
**19.35** Veður
**19.45** Fólkið mitt og fleiri dýr
**20.35 Leyndarmál Mánaekru. The Secret of Moonacre** Ævintýra- og fjölskyldumynd. María er 13 ára og býr í London þar sem lífið leikur við hana. Líf hennar breytist þegar faðir hennar deyr skyndilega og hún flyst til sérvitrus frænda síns sem býr á Mánaekru.
**22.15** Bíóást. Platoon
**22.18** Platoon
**00.10** Match. Match
**00.25** Dagskrárlok

## GOLFSTÖÐIN

**07.55 PGA Tour 2020** Útsending frá Sanderson Farms Championship í PGA Tour.
**11.00 European Tour 2020** Bein útsending frá Scottish Open í Evrópumótaröðinni.
**16.35 PGA Special. Arnold Palmer Special**
**17.00 LPGA Tour 2020** Bein útsending frá Shoprite Classic í LPGA Tour.
**20.00 PGA Tour 2020** Bein útsending frá Sanderson Farms Championship í PGA Tour.
**23.00 PGA Special. Arnold Palmer Special**
**23.20 LPGA Tour 2020** Útsending frá Shoprite Classic í LPGA Tour.

## SJÓNVARP SÍMANS

**06.00** Síminn + Spotify
**11.00** The Block
**12.00** Dr. Phil
**12.45** Dr. Phil
**16.00** 90210 (15.22)
A Kansas family
**16.50** The King of Queens
**17.10** Everybody Loves Raymond
**17.35** A Million Little Things
**18.20** This Is Us
**19.05** Superior Donuts
**19.30** The Cool Kids
**20.00 Það er komin Helgi** Helgi Björns ásamt Reiðmönnum vindanna býður landsmönnum upp á kvöldvöku heima í stofu. Helgi tekur á móti góðum gestum og syngur nokkur af þekktustu lögum sínum.
**21.00** Me Before You
**22.50** Philomena
**00.25** Walking Tall
**01.50 Four Brothers** Fjórir ættleiddir bræður koma til að hefna móður sinnar, en hún dó að því er virðist í tilviljanakenndu drápi þegar matvörubúð var rænd. En rannsókn bræðranna á dauðanum leiðir í ljós ýmislegt glæpsamlegt, og tengsl eins bróðurins við alræmdan þrjót í bænum. Tvær löggur sem vinna í málinu eru mögulega ekki allar þar sem þær eru séðar.
**03.45** Síminn + Spotify

## RÚV RÁS EITT

**06.55** Morgunbæn og orð dagsins
**07.00** Fréttir
**07.03 Til allra átta** Mentó, ska og reggí
**08.00** Morgunfréttir
**08.05** Hernám Íslands í seinni heimsstyrjöldinni (1 af 4)
**09.00** Fréttir
**09.03** Á reki með KK
**10.00** Fréttir
**10.05** Veðurfregnir
**10.15** Píanógoðsagnir (4 af 8)
**11.00** Fréttir
**11.02** Vikulokin
**12.00** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.40** Veðurfregnir
**13.00** Gestaboð
**15.00** Flakk
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.05** Orð um bækur
**17.00** Listahátíð í Reykjavík 50 ára (1 af 3)
**18.00** Kvöldfréttir
**18.10** Í ljósi sögunnar
**18.50** Veðurfregnir
**18.53** Dánarfregnir
**19.00 Sveifludansar** Nat Adderley, Clifford Adams og Dexter Gordon
**20.45** Úr gullkistunni
**21.15 Bók vikunnar** Fahrenheit 451
**22.00** Fréttir
**22.05** Veðurfregnir
**22.10** Heimskviður
**23.00** Vikulokin
**00.00** Fréttir
**00.05** Næturútvarp Rásar 1

## STÖÐ 2 BÍÓ

**10.15** Finding Your Feet
**12.05** Aliens Ate My Homework
**13.30** A League of Their Own
**15.35** Finding Your Feet
**17.25** Aliens Ate My Homework
**18.50** A League of Their Own
**21.00** Little
**22.45** The Command
**00.40** How to Talk to Girls at Parties
**02.20** Little

## STÖÐ 2

**08.00** Strumparnir
**08.20** Ævintýraferðin
**08.30** Billi Blikk
**08.45** Tappi mús
**08.50** Stóri og Litli
**09.00** Heiða
**09.25** Blíða og Blær
**09.45** Zigby
**09.55** Skoppa og Skrítla á póstkorti um Ísland
**10.10** Mæja býfluga
**10.20** Mía og ég
**10.45** Latibær
**11.10** Lína langsokkur
**11.35** Friends
**12.00** Bold and the Beautiful
**13.25** Bold and the Beautiful
**13.45** Shark Tank
**14.30** Britain's Got Talent
**15.25** Allt úr engu
**15.55** Eurogarðurinn
**16.25** Eurogarðurinn
**16.55** Í kvöld er gigg
**18.00** Friends
**18.26** Veður
**18.30** Fréttir Stöðvar 2
**18.40** Sportpakkinn
**18.53** Lottó
**18.55** Kviss
**19.40** Lego DC. Batman - Family Matters
**23.05** The Hustle
**00.35** Sideways
**02.35** Blackkklansman

## STÖÐ 2 FJÖLSKYLDA

**08.00** Barnaefni
**20.00** Friends
**20.20** Friends
**20.45** Modern Family
**21.05** Simpson-fjölskyldan
**21.35** Bob's Burgers
**21.45** Sally4Ever
**22.15** Room 104
**22.40** Slicon Valley
**23.10** Friends
**23.35** Friends
**23.55** Modern Family

## STÖÐ 2 SPORT

**08.45** Dominos Körfuboltakvöld kvenna
**09.30 Haukar - Valur** Útsending frá leik í Olís deild karla.
**11.00 Valur - Stjarnan** Úsending frá leik í Dominos deild karla.
**12.40** Dominos Körfuboltakvöld karla
**13.50 Lengjudeild karla** Bein útsending frá leik í Lengjudeild karla.
**15.55** Fréttaþáttur Undankeppni EM 2020
**16.40 Valur - Breiðablik** Bein útsending frá leik í Pepsi Max deild kvenna.
**19.05 Haukar - Breiðablik** Bein útsending frá leik í Dominos deild kvenna.
**21.15** Seinni bylgjan - karla
**22.45 Fram - ÍR** Útsending frá leik í Olís deild karla.
**00.15** Lengjudeild karla

## STÖÐ 2 SPORT 2

**07.30** Brighton - Manchester United
**09.10** Fiorentina - Sampdoria
**10.50** NFL Gameday
**11.25** Norwich - Derby
**13.50 Atletico Madrid - Villarreal** Bein útsending frá leik í spænsku úrvalsdeildinni.
**15.55** La Liga Show
**16.20 Real Sociedad - Getafe** Bein útsending frá leik í spænsku úrvalsdeildinni.
**18.35 Morabanc Andorra - Joventut Badalona** Bein útsending frá leik í spænsku meistarakeppninni í körfubolta.
**20.40** Sassuolo - Crotone
**22.20** Elche - Huesca
**00.00** Valencia - Real Betis

## ÚTVARP

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| FM 88,5 XA-Radíó | FM 90,9 Gullbylgjan | FM 96,3 FM Suðurland | FM 98,9 Bylgjan | FM 102,9 Lindin |
| FM 89,5 Retro | FM 93,5 Rás 1 | FM 96,7 Létt Bylgjan | FM 99,4 Útvarp Saga | |
| FM 90,1 Rás 2 | FM 95,7 FM957 | FM 97,7 X-ið | FM 100,5 K100 | |




Sunnudagskvöld kl. 20.35
Nýtt pólitískt persónudrama með Ólafi Darra Ólafssyni og Anítu Briem í aðalhlutverkum. Samstarfsfólk forsætisráðherra leggur bæði stöðugleika ríkisins og einkalíf sitt í sölurnar til að halda geðhvörfum ráðherrans leyndum fyrir þjóðinni.
RÚV okkar allra




**MÁNUDAGA** 19:10

# Fósturbörn

Sindri Sindrason heldur áfram að kynnast fósturkerfinu á Íslandi í þriðju þáttaröðinni af Fósturbönum. Við heyrum sögur kynforeldra sem misst hafa börn sín frá sér, heyrum sögur fólks sem berst fyrir börnum sínum, heyrum afstöðu fósturforeldranna sem og barnanna sjálfra og upplifun þeirra af kerfinu.

Tryggðu þér áskrift í dag á **stod2.is**




Hefst á ný sunnudag kl. 18

Leikin spennusería, fjörug þrauta- og spurningakeppni, girnileg matargerð, glymjandi rokktónlist og friðsamlegt jóga eru meðal þess sem verður á dagskrá í þessum elsta sjónvarpsþætti landsins sem jafnframt skartar yngstu þáttastjórnendum RÚV.

RÚV okkar allra


# DAGSKRÁ

# Sunnudagur

## HRINGBRAUT

**20.00 Mannamál - sígildur þáttur (e)** Einn sígildasti viðtalsþátturinn í íslensku sjónvarpi. Hér ræðir Sigmundur Ernir Rúnarsson við þjóðþekkta einstaklinga um líf þeirra og störf.
**20.30 Suðurnesja-magasín Víkurfrétta (e)** Mannlífið, atvinnulífið og íþróttirnar á Suðurnesjum. Umsjón: Páll Ketilsson. Framleiðandi: Víkurfréttir ehf.
**21.00 Eldhugar. Sería 2** Í Eldhugum fara Pétur Einarsson og viðmælendur hans út á jaðar hreysti, hreyfingar og áskorana lífsins.
**21.30 Sólheimar 90 ára** Sólheimar í Grímsnesi fagna 90 ára afmæli í ár. Sýnt frá afmælishátíðinni í júlí í sumar. Umsjón: Linda Blöndal.

## RÚV SJÓNVARP

**07.15** KrakkaRÚV
**07.16** Tulipop
**07.19** Kalli og Lóa
**07.30** Klingjur
**07.41** Lalli
**07.48** Friðþjófur forvitni
**08.10** Nellý og Nóra
**08.17** Robbi og Skrímsli
**08.39** Hæ, Sámur
**08.46** Unnar og vinur
**09.09** Flugskólinn
**09.31** Múmínálfarnir
**09.53** Millý spyr
**10.00** Hundalíf
**10.05** Treystið lækninum
**11.00** Silfrið
**12.10** Á nýjum stað. Eisheimat
**13.35** Martin Clunes. Eyjar Ástralíu
**14.25** Sænskar krásir
**14.35** Fólkið mitt og fleiri dýr
**15.25** Guðrún Sóley grillar
**15.35** Poirot - Spilin á borðið
**17.10** Landakort Fertugasta orgelið fór til Bolungarvíkur
**17.20** Menningin - samantekt
**17.50** Táknmálsfréttir
**18.00** KrakkaRÚV
**18.01** Stundin okkar
**18.25** Lífsins lystisemdir
**19.00** Fréttir
**19.25** Íþróttir á sunnudegi
**19.40** Veður
**19.50** Landinn
**20.35 Ráðherrann** Þegar forsætisráðherra fær geðhvörf verða samstarfsmenn hans að leggja bæði stöðugleika ríkisins og einkalíf sitt að veði til þess að halda því leyndu fyrir þjóðinni.
**21.30** Snilligáfa Einsteins. Genius - Einstein
**22.20** Evrópskir bíódagar. Aus dem Nichts
**22.25** Aus dem Nichts. Upp úr þurru
**00.05** Dagskrárlok

## GOLFSTÖÐIN

**07.25 PGA Tour 2020** Útsending frá Sanderson Farms Championship.
**10.30 European Tour 2020** Bein útsending frá Scottish Open í Evrópumótaröðinni.
**16.05** PGA Special. Arnold Palmer Special
**16.25** European Tour 2020 - Highlights
**17.00 LPGA Tour 2020** Bein útsending frá Shoprite Classic í LPGA Tour.
**20.00 PGA Tour 2020** Bein útsending frá Sanderson Farms Championship í PGA Tour.
**23.00** Champions Tour Highlights 2020
**23.50 LPGA Tour 2020** Útsending frá Shoprite Classic í LPGA Tour.

## SJÓNVARP SÍMANS

**06.00** Síminn + Spotify
**11.00** The Block
**12.30** Dr. Phil
**13.15** Dr. Phil
**14.00** Dr. Phil
**14.45** Carol's Second Act
**15.10** 90210
**16.50** The King of Queens
**17.10** Everybody Loves Raymond
**17.35** This Is Us
**18.20** Með Loga
**19.15 Hver ertu?** Hver ertu? Hver er persónan bak við nafnið? Vitum við nákvæmlega hvaðan við komum, hvaðan forfeður okkar komu? Hvað hefur mótað okkar persónu, okkar skapgerð, líkamsburði, veikleika og styrkleika? Við grannskoðum ættartré nokkura þjóðþekktra Íslendinga.
**20.00** The Block
**21.20** Cobra
**22.15** Billions
**23.10** Love Island
**00.05 Blue Bloods** Dramatísk þáttaröð um yfirmann lögreglunnar í New York og fjölskyldu hans. Reagan-fjölskyldan tengist lögreglunni órjúfanlegum böndum en stundum er erfitt að greina á milli einkalífsins og starfsins.
**01.45** Seal Team
**02.30** Condor
**03.15** Síminn + Spotify

## RÚV RÁS EITT

**06.55** Morgunbæn og orð dagsins
**07.00** Fréttir
**07.03** Hringsól
**08.00** Morgunfréttir
**08.05** Á tónsviðinu. Johann Christian Bach
**09.00** Fréttir
**09.03** Svona er þetta
**10.00** Fréttir
**10.05** Veðurfregnir
**10.15 Bók vikunnar** Beðið eftir barbörunum
**11.00** Guðsþjónusta í Fríkirkjunni í Hafnarfirði
**12.00** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.40** Veðurfregnir
**13.00** Sögur af landi
**14.00** Víðsjá
**15.00** Glans
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.05** Úr tónlistarlífinu. Reykholtshátíð 2020
**17.25** Orð af orði
**18.00** Kvöldfréttir
**18.10 Píanógoðsagnir** (4 af 8)
**18.50** Veðurfregnir
**18.53** Dánarfregnir
**19.00** Óskastundin
**19.40** Orð um bækur
**20.35** Gestaboð
**21.30** Fólk og fræði. Tilgangur landamæra
**22.00** Fréttir
**22.05** Veðurfregnir
**22.10** Á reki með KK
**23.10** Frjálsar hendur
**00.00** Fréttir
**00.05** Næturútvarp Rásar 1

## STÖÐ 2 BÍÓ

**08.35** 20th Century Woman
**10.30** Jane Fonda in Five Acts
**12.40** In her Shoes
**14.45** 20th Century Woman
**16.40** Jane Fonda in Five Acts
**18.50** In her Shoes
**21.00** Blind
**22.40** Silence
**01.20** The Limehouse Golem
**03.05** Blind

## STÖÐ 2

**08.00** Strumparnir
**08.20** Blíða og Blær
**08.45** Greppikló
**09.10** Mæja býfluga
**09.20** Adda klóka
**09.45** Zigby
**10.00** Mía og ég
**10.20** Lína langsokkur
**10.45** Latibær
**11.10** Lukku láki
**11.35** Ævintýri Tinna
**12.00** Nágrannar
**13.25** Nágrannar
**13.50** Impractical Jokers
**14.10** Supernanny
**14.55** Kviss
**15.45** Kevin McCloud's Rough Guide to the Future
**16.50** 60 Minutes
**17.40** Víglínan
**18.26** Veður
**18.30** Fréttir Stöðvar 2
**18.40** Sportpakkinn
**18.50** Ísland í dag
**19.05** Eurogarðurinn
**19.30** Who Wants to be a Millionaire
**20.25** The Sandhamn Murders
**21.55** The Salisbury Poisonings
**22.45** Wentworth
**23.35** Shameless
**01.25** Shameless
**02.25** Silent Witness
**03.15** Silent Witness

## STÖÐ 2 FJÖLSKYLDA

**08.00** Barnaefni
**20.00** Friends
**20.20** Friends
**20.45** Modern Family
**21.10** Slicon Valley
**21.40** Næturvaktin
**22.05** Magnum P.I
**22.45** Last Man Standing
**23.10** Friends
**23.30** Friends
**23.55** Modern Family

## STÖÐ 2 SPORT

**07.20** Lengjudeild karla 2020
**09.00 Valur - Breiðablik** Útsending frá leik í Pepsi Max deild kvenna.
**10.40 Fram - ÍR** Útsending frá leik í Olís deild karla.
**12.15** Seinni bylgjan - karla
**13.50 Víkingur R. - KA** Bein útsending frá leik í Pepsi Max deild karla.
**16.50 HK - KR** Bein útsending frá leik í Pepsi Max deild karla.
**19.00 Breiðablik - Fylkir** Bein útsending frá leik í Pepsi Max deild karla.
**21.15** Pepsi Max Tilþrifin - 11. umferð
**22.00 Þór/KA - Selfoss** Útsending frá leik í Pepsi Max deild kvenna.
**23.40** Lengjudeild kvenna 2020

## STÖÐ 2 SPORT 2

**06.50** Atletico Madrid - Villarreal
**08.35** Real Valladolid - Eibar
**10.20 Atalanta - Cagliari** Bein útsending frá leik í ítölsku úrvalsdeildinni.
**12.25** La Liga. Top Vintage Goals
**12.50** La Liga Show
**13.15** NFL Gameday
**13.50 Levante - Real Madrid** Bein útsending frá leik í spænsku úrvalsdeildinni.
**15.55 AC Milan - Spezia** Bein útsending frá leik í ítölsku úrvalsdeildinni.
**18.00** Inside Serie A
**18.35 Juventus - Napoli** Bein útsending frá leik í ítölsku úrvalsdeildinni.
**20.40** NFL Extra 20/21
**21.00** Benevento - Bologna
**22.45** Parma - Hellas Verona
**00.25** Cadiz - Granada

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 89,5** Retro
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** K100
**FM 102,9** Lindin

# DAGSKRÁ

# Mánudagur

## HRINGBRAUT

**20.00 Atvinnulífið** Sigurður K. Kolbeinsson heimsækir íslensk fyrirtæki og kynnir sér starfsemi þeirra. Fjölbreyttir og fróðlegir þættir sem endurspegla þá grósku sem er í íslensku atvinnulífi og fyrirtækjarekstri.
**20.30 Matur og heimili** Upplýsandi og fróðlegur þáttur um allt sem viðkemur mat og góðum húsráðum.
**21.00 21 - Fréttaþáttur á mánudegi** er upplýsandi umræðu- og fréttaskýringaþáttur undir stjórn þeirra Lindu Blöndal og Sigmundar Ernis, með áherslu á innlendar og erlendar fréttir, þjóðmál, menningu og lífsreynslu.
**21.30 Þjóðleikhúsið í 70 ár** Stórafmælis Þjóðleikhússins minnst í máli, myndum og upprifjun leikhússfólksins.

## RÚV SJÓNVARP

**09.00** Heimaleikfimi
**09.10** Spaugstofan 2005 - 2006
**09.35** 99% norsk
**10.05** Treystið lækninum
**11.00** Upplýsingafundur Almannavarna
**11.30** Heimaleikfimi
**11.40** Skjól og skart. Handverk og saga íslensku búninganna
**13.00** Mósaík 2000-2001
**13.40** Bækur og staðir. Kaldidalur
**13.50** Landinn
**14.25** Maður er nefndur Bjarki Elíasson
**15.00** Gettu betur 2015
**15.55** Sögur af handverki
**16.05** Uppáhaldsréttir Nadiyu
**16.35** Silfrið
**17.50** Táknmálsfréttir
**18.00** KrakkaRÚV
**18.01** Konráð og Baldur
**18.13** Refurinn Pablo
**18.19** Sara og Önd
**18.26** Hvolpasveitin
**18.50** Krakkafréttir
**19.00** Fréttir
**19.25** Íþróttir
**19.30** Veður
**19.35** Kastljós
**19.50** Menningin
**20.05** Nýjasta tækni og vísindi
**20.35** Attenborough. Furðudýr í náttúrunni. David Attenborough's Natural Curiosities
**21.00** Vegir Drottins. Herrens Veje
**22.00** Tíufréttir
**22.15** Veður
**22.20 Nile Rodgers. Galdurinn við að slá í gegn Nile Rodgers - How to Make It in the Music Business** Heimildaþáttaröð í þremur hlutum þar sem bandaríski tónlistarmaðurinn Nile Rodgers deilir áralangri reynslu sinni af því hvernig fara skal að til að slá í gegn í tónlistarheiminum.
**23.20** Geimfarar - Erfiðasta starf í alheiminum. Astronauts - Toughest Job in the Universe
**00.10** Dagskrárlok

## GOLFSTÖÐIN

**07.00 European Tour 2020** Útsending frá Scottish Open í Evrópumótaröðinni.
**12.30 PGA Tour 2020** Útsending frá Sanderson Farms Championship í PGA Tour.
**15.30 LPGA Tour 2020** Útsending frá Shoprite Classic í LPGA Tour.
**17.10 PGA Highlights 2020**
**18.05 European Tour 2020** Útsending frá Scottish Open í Evrópumótaröðinni.
**23.35 PGA Tour 2020** Útsending frá Sanderson Farms Championship í PGA Tour.

## SJÓNVARP SÍMANS

**06.00** Síminn + Spotify
**12.30** Dr. Phil
**13.15** The Late Late Show
**14.00** The Neighborhood
**14.25** The Block
**15.40** 90210
**16.30** Family Guy
**16.50** The King of Queens
**17.10** Everybody Loves Raymond
**17.35** Dr. Phil
**18.20** The Late Late Show
**19.05** Man with a Plan
**19.30** Carol's Second Act
**20.00** The Block
**21.00 The Rookie** Bandarísk þáttaröð með Nathan Fillion (Castle) í aðalhlutverki. Hann leikur John Nolan, sem ákveður að breyta til í lífi sínu þegar hann er orðinn 45 ára og gerast lögreglumaður. Hann er elsti nýliðinn í lögreglunni í Los Angeles.
**21.50** Condor
**22.35** Love Island
**23.30** The Late Late Show
**00.15** Blue Bloods
**01.00** Law and Order. Special Victims Unit
**01.45** The Good Fight
**02.30** Bull
**03.15** Síminn + Spotify

## RÚV RÁS EITT

**06.45** Morgunbæn og orð dagsins
**06.50** Morgunvaktin
**07.00** Fréttir
**07.30** Fréttayfirlit
**08.00** Morgunfréttir
**08.30** Fréttayfirlit
**09.00** Fréttir
**09.05** Segðu mér
**09.45** Morgunleikfimi
**10.00** Fréttir
**10.03** Veðurfregnir
**10.13 Flugur** Fyrstu ár Jethro Tull.
**11.00** Fréttir
**11.03** Mannlegi þátturinn
**12.00** Fréttir
**12.02** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.40** Veðurfregnir
**12.50** Dánarfregnir
**12.55** Samfélagið
**14.00** Fréttir
**14.03 Til allra átta** Mentó, ska og reggí.
**15.00** Fréttir
**15.03 Hernám Íslands í seinni heimsstyrjöldinni** (1 af 4)
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.05** Hátalarinn
**17.00** Fréttir
**17.03** Lestin
**18.00** Spegillinn
**18.30** Krakkakiljan
**18.50** Veðurfregnir
**18.53** Dánarfregnir
**19.00** Endurómur úr Evrópu
**20.35** Mannlegi þátturinn
**21.30 Kvöldsagan. Sjálfstætt fólk** (48 af 49)
**22.00** Fréttir
**22.05** Veðurfregnir
**22.10** Samfélagið
**23.05** Lestin
**00.00** Fréttir
**00.05** Næturútvarp Rásar 1

## STÖÐ 2 BÍÓ

**11.05** Monster in Law
**12.40** 3 Generations
**14.10** Kindergarten Cop
**16.00** Monster in Law
**17.40** 3 Generations
**19.10** Kindergarten Cop
**21.00** Greta
**22.35** The First Purge
**00.10** The Kid Who Would Be King
**02.05** Greta

## STÖÐ 2

**08.00** Heimsókn
**08.15** The Good Doctor
**09.05** Bold and the Beautiful
**09.25** Gilmore Girls
**10.05** The Goldbergs
**10.30** Suits
**11.15** Major Crimes
**11.55** Um land allt
**12.35** Nágrannar
**12.55** So You Think You Can Dance
**14.20** Flirty Dancing
**15.05** Puppy School
**15.50** Grand Designs. The Street
**16.35** Stelpurnar
**17.00** Friends
**17.35** Bold and the Beautiful
**18.00** Nágrannar
**18.26** Veður
**18.30** Fréttir Stöðvar 2
**18.50** Sportpakkinn
**18.50** Ísland í dag
**19.10** Fósturbörn
**19.35** Kevin McCloud's Rough Guide to the Future
**20.25** Supernanny
**21.10** Wentworth
**22.05** Damages
**22.50** 60 Minutes
**23.40** One Lane Bridge
**00.25** The Nest
**01.25** The Nest
**02.20** The Nest
**03.20** The Son

## STÖÐ 2 FJÖLSKYLDA

**08.00** Barnaefni
**20.00** Friends
**20.20** Friends
**20.45** Modern Family
**21.10** Last Man Standing
**21.30** Curb Your Enthusiasm
**22.10** I Feel Bad
**22.30** Veronica Mars
**23.20** Insecure
**23.50** Friends
**00.15** Friends
**00.40** Modern Family

## STÖÐ 2 SPORT

**07.50** Dominos Körfuboltakvöld kvenna
**08.40 Höttur - Grindavík** Úsending frá leik í Dominos deild karla.
**10.20 Valur - Stjarnan** Úsending frá leik í Dominos deild karla.
**12.00** Dominos Körfuboltakvöld karla
**13.10 Víkingur R. - KA** Útsending frá leik í Pepsi Max deild karla.
**14.50 Þór/KA - Selfoss** Útsending frá leik í Pepsi Max deild kvenna.
**16.30 HK - KR** Útsending frá leik í Pepsi Max deild karla.
**18.15 Breiðablik - Fylkir** Útsending frá leik í Pepsi Max deild karla.
**19.55** Pepsi Max Tilþrifin - 11. umferð
**20.40** Fréttaþáttur Þjóðadeildar Evrópu
**21.15** 11. umferð
**22.30** Breiðablik - Fylkir
**23.55** Valur - Grótta

## STÖÐ 2 SPORT 2

**07.00** Osasuna - Celta
**08.40** Levante - Real Madrid
**10.20** Cadiz - Granada
**12.00** Lazio - Inter
**13.45** Benevento - Bologna
**15.25** Atalanta - Cagliari
**17.05** Deportivo - Athletic
**18.50** Football League Show
**19.15** Ítölsku mörkin
**20.10** Fréttaþáttur Meistaradeildarinnar
**20.35 Las Vegas Raiders - Buffalo Bills** Útsending frá leik í NFL.
**23.05 Tampa Bay Buccaneers - LA Chargers** Útsending frá leik í NFL.

## ÚTVARP

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| **FM 88,5** XA-Radíó | **FM 90,9** Gullbylgjan | **FM 96,3** FM Suðurland | **FM 98,9** Bylgjan | **FM 102,9** Lindin |
| **FM 89,5** Retro | **FM 93,5** Rás 1 | **FM 96,7** Létt Bylgjan | **FM 99,4** Útvarp Saga | |
| **FM 90,1** Rás 2 | **FM 95,7** FM957 | **FM 97,7** X-ið | **FM 100,5** K100 | |




sunnudagskvöld kl. 19.55
Landinn fagnar 10 ára afmæli um helgina!
Þáttur um lífið í landinu, sögur af fólki og ferfætlingum, fjöllum og firnindum.
RÚV
okkar allra

# Opin og persónuleg Kristín Sesselja

Myndbandið við lagið Fuckboys með tónlistarkonunni **Kristínu Sesselju Einarsdóttur** hefur slegið í gegn. Hún kenndi sjálfri sér að spila á gítar aðeins tólf ára gömul og segist leggja mikla áherslu á að semja persónulega texta.

Nú á dögunum kom út myndband við lagið Fuckboys með tónlistarkonunni Kristínu Sesselju Einarsdóttur. Það hefur vakið mikla athygli enda ekki bara vel gert heldur líka frumlegt og skemmtilegt. Þrátt fyrir vera einungis 19 ára gömul þá hefur Kristín verið í tónlistinni um nokkurt skeið.

„Ég byrjaði fyrir alvöru að syngja og semja þegar ég var um tólf ára aldurinn. En mamma og pabbi segja að ég hafi alltaf verið syngjandi frá því í æsku. En ég byrjaði jú að koma fram þegar ég var tólf ára,“ segir Kristín Sesselja.

Hún segist hafa farið í tónlistarskóla í stuttan tíma en hún hafi síðan mestmegnis kennt sjálfri sér að spila á gítar.

„Þegar ég kom fram þá var ég að spila lög eftir mig sjálfa, syngjandi og spilandi á gítar. Ég byrjaði að læra á gítarinn með því að pikka upp Taylor Swift lög af YouTube. Hún er ein mín helsta fyrirmynd. Eitt af mínum fyrstu lögum hét einmitt Lovestory og var nánast eins og samnefnt lag hennar,“ segir Kristín Sesselja og hlær.



Kristín Sesselja byrjaði fyrir alvöru í tónlistinni þegar hún var einungis tólf ára gömul. FRÉTTABLAÐIÐ/ ANTON BRINK

**Góðar viðtökur**

Fyrir þremur árum gaf Kristín Sesselja út stuttskífu en í sumar hafa komið út fjögur lög af fyrstu plötunni hennar, en hún kemur út 23. október og ber nafnið Breakup blues.

„Þetta hefur gengið mjög vel og ég er ánægð með viðtökurnar. Myndbandið við Fuckboys er fyrsta alvöru tónlistarmyndbandið mitt en ég bjó sjálf til myndband við lagið What would I do without you sem kom út í sumar. Lagið fjallar um vini mína sem ég kynntist þegar ég var í alþjóðlegum heimavistarskóla í Noregi. Ég bjó til myndband við það lag sem var í raun samansafn af klippum af þeim. Mér þykir mjög vænt um það lag,“ segir Kristín Sesselja.

Hún segir textana á nýjustu plötunni flesta byggða á persónulegri reynslu.



Myndbandið við lagið er hægt að nálgast á YouTube. MYND/SKJÁSKOT

„Ég samdi þá flesta fyrir ári síðan. Lagið sem platan er nefnd eftir, Breakup blues, fjallar um að vilja komast yfir ástarsorgina. Þannig að þetta er ekki allt endilega neikvætt. Þar er umfjöllunarefnið að ég vilji finna gleðina í lífinu og kasta þessu frá mér. Á plötunni fjalla ég um sorg, gleði og vináttu. Að fatta að það eru hlutir sem skipta meira máli en að vera leiður yfir einhverjum leiðinlegum strákum,“ segir hún.

**Trú á verkefninu**

Plötuna vann hún með með pródúsentinum Baldri Hlynssyni.

„Við erum teymi og eigum gott samstarf. Hann var líka með í því að vinna að myndbandinu.“

Hún segir mikið af hæfileikafólki hafa komið að gerð myndbandsins við Fuckboys.

„Það voru svo margir sem höfðu trú á verkefninu og vildu leggja okkur lið. Erlendur Sveinsson leikstýrði, Björk Valsdóttir framleiddi það og Anton Smári Gunnarsson sá um upptökur. Þetta var mikið af hæfileikaríku fólki sem lagði fram lið sitt og ég er þeim mjög þakklát,“ segir hún.

Upphaflega stóð til að taka myndbandið upp í Svíþjóð, en heimsfaraldurinn setti sitt strik í reikninginn. Þegar Kristín Sesselja kom svo til Íslands og hitti Erlend fór boltinn fyrir alvöru að rúlla að hennar sögn.

„Þá förum við almennilega að skiptast á hugmyndum. Ég nefndi það við þau að ég hafði verið í ballett í mörg ár þegar ég var yngri. Það var eiginlega sagt meira í gríni af minni hálfu, að ég gæti þá tekið nokkur spor. Þá leist leikstjóranum bara svo vel á hugmyndina og fór að hugsa þetta lengra, að fá fjóra karlkyns ballettdansara með og ég stæði í miðjunni. Þannig að ég hafði samband við gamla ballettkennarann, Tinnu Ágústsdóttur, og spurði hvort hún væri eitthvað að kóreógrafa. Hún bættist því í hópinn í kjölfarið.“

**Opin og persónuleg**

Kristín þekkti einn dansaranna og bað hann um að aðstoða sig við að finna fleiri til.

„Síðan fengum við að taka frítt upp í Safnahúsinu og Gamla bíói. Þau vildu endilega styrkja ungt listafólk sem var alveg frábært. Ég er mjög þakklát fyrir það. Við vorum með ákveðnar hugmyndir um hvernig við vildum að allt liti út og það var eiginlega magnað hvað það leit nákvæmlega eins út og við höfðum séð fyrir okkur,“ segir hún.

Kristín segist vera mjög persónuleg þegar það kemur að því að semja.

„Ég sem um það sem er að gerast í mínu lífi. Lögin mín eru nánast eins og þú sért að lesa dagbókina mína. Klárlega eitthvað sem ég hef fengið frá Taylor Swift,“ segir Kristín Sesselja hlæjandi. „Ég reyni að vera opin og persónuleg. Oftast er er viðfangsefnið ástamál. Ástarsorg og leiðinlegir strákar. Það heyrist kannski á textanum í Fuckboys,“ bætir hún við.

Hún segist fyrst hafa verið stressuð að gefa lagið út.

„Ég hafði áhyggjur yfir því að fólk myndi misskilja boðskapinn í laginu og myndi halda að ég væri síblótandi og hataði karlmenn. Það er alls ekki staðreyndin. Þetta er lag sem fjallar um að standa með sjálfum sér og að leyfa fólki ekki að vaða yfir mann. Myndbandið sýnir það líka, ég reyni að spila sama leik en næ svo samt að skína í gegn. Lagið fjallar um það að leyfa fólki ekki að koma illa fram við mann,“ segir hún.

*Er hún nokkuð stressuð að finna ástina og hafa þá ekkert til að semja um?*

„Nei nei. Ég er svo ung, ég á örugglega mikið efni eftir,“ segir hún glaðlega að lokum.

Myndbandið við lagið Fuckboys er hægt að nálgast á YouTube. Platan Breakup blues er svo væntanleg 23. október. **steingerdur@frettabladid.is**

ATVINNULÍFIÐ

Saga og starfsemi Flugfélagsins Ernis – fyrri hluti

Í næsta þætti af **Atvinnulífið** er fjallað um sögu og starfsemi **Flugfélagsins Ernis. Sigurður K. Kolbeinsson** ræðir við **flugstjórann Hörð Guðmundsson** og fer yfir stofnun flugfélagsins í **Bolungarvík 1970** og magnaða **50 ára flugrekstrar sögu.**



**FRÉTTIR, FÓLK & MENNING** á Hringbraut og hringbraut.is

HRINGBRAUT



ht.is
OPIÐ ALLA HELGINA
HELGARTILBOÐ
Í HEIMILISTÆKJUM OG TÖLVULISTANUM!
75"
70"
65"
OLED
AÐEINS 15 STK
AÐEINS 25 STK
AÐEINS 25 STK
AÐEINS 15 STK
PHS-65OLED854
130.000 AFSLÁTTUR
PHILIPS
PHS-65OLED854
65" OLED SMART TV
TILBOÐ 349.995,-
VERÐ ÁÐUR 479.995,- 27% EÐA 130.000,-
PHS-70PUS6504
70" UHD SMART TV
TILBOÐ 129.995,-
VERÐ ÁÐUR 179.995- 28% EÐA 50.000,-
PHS-75PUS7855
70" UHD SMART TV
199.995 KR
279.995,- 29% EÐA 80.000,-
PHS-HTL3325
PHILIPS SOUNDBAR
TILBOÐ 34.995,-
54.995,- 36% EÐA 20.000,-
20% AFSLÁTTUR
STRAUJÁRN, STRAUBORÐ OG GUFUSLÉTTAR
20% AFSLÁTTUR
BABYLISS HÁRSNYRTITÆKI
VALIN HEIMILISTÆKI Á TILBOÐI
GILDIR 1.-4. OKTÓBER EÐA Á MEÐAN BIRGÐIR ENDAST
Heimilistæki
SJÁÐU ÖLL TILBOÐIN Á HT.IS
25% AFSLÁTTUR
QUANTUM LÍNAN FRÁ JBL
15-25% AFSLÁTTUR
LEIKJALYKLABORÐ, LEIKJAMÝS OG TÖLVUSTÓLAR
JBL-QUANTUMDUOBLACK
TILBOÐ 18.746,-
VERÐ ÁÐUR 24.995,-
JBL-QUANTUM600BLACK
TILBOÐ 17.246,-
VERÐ ÁÐUR 22.995,-
27"
24"
20% AFSLÁTTUR
AOC PRO-LINE SKJÁIR
tl.is
TÖLVU LISTINN
SJÁÐU ÖLL TILBOÐIN Á TL.IS
REYKJAVÍK · AKUREYRI · EGILSSTAÐIR · REYKJANESBÆR · SELFOSS · AKRANES

## Lífið í vikunni

27.09.20-
03.10.20



### RAUÐVÍNSLEGNIR NÖRDAR

Steindi Jr. fór af stað með streymisþáttinn Rauðvín og klakar í vikunni, en í honum geta áhugasamir fylgst með Steinda og félögum spila tölvuleiki á vefsíðunni Twitch þar sem hægt er að fylgjast með áköfum spilurum í rauntíma.

### GENETÍSKIR GÍTARTÓNAR



Fullkomin, fyrsta lag tónlistarmannsins Haraldar Fannars, er komið á Spotify og aðrar streymisveitur undir listamannsnafninu Harald, en sá á ekki langt að sækja tónlistaráhugann þar sem hann er sonur Adda Fannars í Skítamóral og samdi lagið einmitt á Fender-gítar, sem gekk í erfðir frá föður til sonar.

### HVER ERTU?



Leikkonan og rithöfundurinn Þóra Karítas Árnadóttir byrjaði með þáttinn Hver ertu? í Sjónvarpi Símans, þar sem hún kafar með viðmælendum sínum í sögu þeirra og ættfræði. Þættirnir eru þannig nokkurs konar blanda af ættfræði- og spjallþætti með heimildaívafi.



### VÍSNASKÁLD Á RAFSKÚTU

Þorgerður Ása Aðalsteinsdóttir gekk í vísnaskóla í Svíþjóð og notar tónlistina til að segja sögur, sem hún og gerir í nýju myndbandi við lagið Þú munt sjá eftir mér, þar sem hún þeystist á rafhlaupahjóli um miðborgina í einni töku.








**Þórhallur segir vinnuna við bókina hafa verið mjög skemmtilega og hann sé mjög ánægður með útkomuna en hann skrapp hingað frá Svíþjóð í gegnum skimun og sóttkví til þess að fylgja bókinni úr hlaði.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Plágustrik í ferðasögu

Veiruplágan kyrrsetti séra **Þórhall Heimisson** sem í bókinni Saga guðanna fléttar trúarbragðasöguna saman við eigin ferðasögur.

Eins og nafnið gefur til kynna er þetta saga trúarbragðanna, en um leið ferðasaga mín," segir séra Þórhallur Heimisson sem var að senda frá sér bókina Saga guðanna, en hann hefur heimsótt höfuðstöðvar helstu trúarbragða heimsins, fyrir utan Mekku.

„Ég hef dvalið þar til lengri eða skemmri tíma og í bókinni eru á annað hundrað mynda sem ég hef tekið á ferðum mínum, en í lok bókarinnar geri ég persónulega upp við trúarbrögðin og þá sérlega kirkjuna sem ég hef starfað fyrir í 30 ár, og spái í framtíðina."

Þórhallur býr og starfar í Svíþjóð og þar lagði hann lokahönd á bókina eftir að heimsfaraldurinn setti ferðaáætlanir hans úr skorðum. „Ferðaflakkið liggur niðri núna og ég varð að afbóka ferðir til Indlands, Nepal, Bútan, Ísrael, Palestínu, Jórdan og Egyptalands nú í haust vegna ástandsins," segir Þórhallur, sem hefur verið með bókina í vinnslu um nokkurt skeið.

### Með COVID á hælunum

„Það er kannski fyrir svona þremur árum sem ég settist niður og fór að safna þessu öllu saman, þannig að þetta er ekki einhver svona þurr fræðibók. Hún segir frá trúarbrögðum heimsins en dálítið út frá þessum ferðum mínum og lífsreynslu."

Þórhallur endaði á því að velja myndirnar sem prýða bókina en þær nýjustu voru teknar í Laos á sama tíma og kórónaveiran gerði fyrst vart við sig.




**Saga guðanna er 410 blaðsíður með á annað hundrað myndum sem Þórhallur hefur tekið á trúarsögulegu heimshornaflakki sínu.**

„Síðustu myndirnar voru teknar bara rétt daginn áður en COVID skall á í Laos, en ég rétt slapp heim þaðan núna í febrúar. Landinu var bara eiginlega lokað á eftir mér en ég náði mjög góðum myndum.

Þetta var mjög sérstakt. Maður var þarna í Laos og var bara eitthvað að hlæja að því að það væru einhver veikindi í Kína. Maður tók ekkert mark á þessu. Þetta var svo fjarlægt þó að þetta væri nú næsta land við Kína.

En ég komst heim og við vorum skimuð fyrir smiti í Bangkok í Taílandi. Dóttir mín var nú að vinna þarna í vetur og rétt slapp heim. Vegna þess að bara viku eftir að við förum þá er öllu lokað og það er hætt að fljúga. Þegar það fréttist sendu Þjóðverjar flugvél til þess að ná í þýska ríkisborgara og pikkuðu hana og aðra íslenska stelpu sem var að vinna þarna með henni, upp í leiðinni.

Þannig að þetta var mjög dramatískt og gerðist bara einn, tveir og þrír og nú er ég bara búinn að sitja fastur í sex mánuði. Það er bara búið að fresta öllu til næsta árs og svo veit maður náttúrlega ekkert hvað verður."

### Brennandi áhugi

Þórhallur segist vissulega vera prestur en hann hafi að loknu prestsnáminu farið í framhaldsnám í trúarbragðasögu og trúarbragðafræðum. „Þannig að ég er búinn að vera að fást við trúarbragðafræði og ekki þá bara kristna, heldur bara trúarbragðasögu almennt í einhver 30 ár."

Þórhallur leggur áherslu á að hann sé því ekki að heimsækja þessa staði sem prestur. „Heldur fyrst sem fræðimaður og líka bara sem áhugamaður. Þetta er brennandi áhugamál hjá mér og ég hef kynnst svo mörgu góðu fólki sem hefur hjálpað mér og opnað leiðir, þannig að ég hef getað kynnst trúarbrögðunum ekki bara í gegnum bækurnar heldur með því að fara á staðina."

**toti@frettabladid.is**


**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Gústaf Bjarnason *gustaf@frettabladid.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 550 5050:** Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Hlynur Þór Steingrímsson, *hlynur@frettabladid.is* , Sigfús Örn Einarsson *sigfus@frettabladid.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@frettabladid.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 550 5077:** Atli Bergmann *atli@frettabladid.is*, Arnar Magnússon *arnarm@frettabladid.is*, Jóhann Waage *johannwaage@frettabladid.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@frettabladid.is*, **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Elín Albertsdóttir *elin@frettabladid.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 550 5056:** Hrannar Helgason *hrannar@frettabladid.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@frettabladid.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 550-5055:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@frettabladid.is*


Nú er hann bleikur
APPOLO LAKKRÍS
BITAR
250 g
GÓÐGÆTI FRÁ GÓU
Góa
Stofnað 1968

**BYKO**

Birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl.




Tilboð

# 20% AFSLÁTTUR

Kópal & Gjöco innimálning

Tilboð

# 30% AFSLÁTTUR

Valin parket

**Tilboðsverð**

**Earthen eik**

Harðparket, 192x1285, 12mm.

**3.286 kr/m²**

0113642

Almennt verð: 4.694 kr/m²

Krono Original High Quality

THE BLUE ANGEL ENVIRONMENTAL LABEL JURY

**Nýtt blað**

# Framkvæ



GROHE



Tilboð

# 25% AFSLÁTTUR

Þilofnar

Tilboð

# 20% AFSLÁTTUR

Grohe sturtu-, bað - og handlaugartæki



## Verslaðu á netinu byko.is

Pantaðu fyrir **kl. 14:00 alla virka daga** og þú færð vöruna **samdægurs** á höfuðborgarsvæðinu. Frí heimsending er á pöntunum yfir 20.000 kr

# MARKAÐSDAGAR *Komdu og gramsaðu!*



Tilboð

**20% AFSLÁTTUR**
Handlaugar



Tilboð

**25-30% AFSLÁTTUR**
Valdar flísar

**Tilboðsverð**

**Veggflís**
Ceramicas Vilar Albaro.
7,5x15cm dökkblá mött.
**5.973** kr/m$^2$
18088069
Almennt verð: 8.533 kr/m$^2$

# mdatilboð

## Sjáðu öll tilboðin á byko.is

Valin parket **30%** • Valdar flísar **25-30%** • Grohe sturtu-, bað - og handlaugartæki **20%** • Loftpressur **20%** • Járnhillur **20%** Handlaugar **20%** Valdir stálvaskar **25%** • OS Iceland kuldagallar **20%** • Bosch og Einhell iðnaðarryksugur **20-30%** • Bosch og Einhell málningarsprautur **20%** • Geymslubox **20%** Ruslafötur og flokkunartunnur **20%** • Utanhússklæðningar **30%** • Ljósaperur **20%** Ljósaskermar **20%** • Heimahleðslustöðvar **15%** • Þilofnar **25%** og ýmsar valdar vörur á afslætti



Tilboð

**20% AFSLÁTTUR**
Ljósaperur

**BYKO**
GERUM ÞETTA SAMAN

# FRÉTTABLAÐIÐ

550 5000 RITSTJÓRN ritstjorn@frettabladid.is AUGLÝSINGADEILD auglysingar@frettabladid.is PRENTUN Torg ehf. DREIFING Póstdreifing ehf. dreifing@postdreifing.is







**BAKÞANKAR**



Margrétar Kristmannsdóttur

## Vanvirðing og rökleysa

Það vita allir sem taka að sér hagsmunagæslu að tekist verður á um leiðir. Hagsmunagæsla er ekki vinsældakosning og þau sem standa í stafni verða oft umdeild og þurfa að sætta sig við að fólk hafi á þeim skoðun.

Í gegnum tíðina hafa mun færri konur gefið kost á sér í hagsmunagæslu fyrir atvinnulífið en karlar. Þar, eins og á flestum stöðum, er nokkuð í að jafnrétti sé náð og oft eru tekin tvö skref áfram og eitt aftur á bak. Konur hafa hins vegar mikið fram að færa og því skiptir miklu að laða þær til þátttöku.

Við sem viljum aukið jafnrétti eignuðumst hins vegar ekki bandamann um daginn þegar formaður VR – stærsta stéttarfélags landsins – ákvað að beita ekki rökum í umræðunni um hlutafjárútboð Icelandair heldur hjóla í konuna. Guðrúnu í Kjörís var sagt að fara heim til Hveragerðis og framleiða ís! Engin rök – engin virðing – farðu bara heim til Hveragerðis og framleiddu ís!

Að geta ekki mætt öðrum með rökum heldur velja að hjóla í viðkomandi, gerir ekki sá sem vill ávinna sér traust og virðingu. Það er eðlilegt að uppi séu ólík sjónarmið um stór málefni en það er ekki stórmannlegt að gera lítið úr skoðunum annarra, hvað þá að sýna kvenfyrirlitningu.

Í VR eru rúmlega 35.000 félagsmenn og meirihluti þeirra konur. Fyrir nokkru var nafni VR breytt úr „Verslunarmannafélagi Reykjavíkur“ í „Virðingu og réttlæti“ og því eiga félagsmenn að gera þá kröfu að formaður VR hafi þessi tvö orð í hávegum í öllu starfi sínu fyrir félagið. Vanvirðing í garð kvenna er með öllu óásættanleg.

Á árinu 2020 segja verkalýðsleiðtogar ekki konum hvar þeirra staður er. Þá ákvörðun tökum við sjálfar!








